Landsbókasafn
Íslands

Summaria

Yfer þad Gamla Teſtamentid.

Þad er/

Jñehalld og meining ſierhuers Capitula/
Og huad Madur ſkal af ſierhuerium Capitula
hellſt læra. Samſett af Vito
Theodoro.

Vtlagt a Jſlendſku af
Gudbrande Thorlaks ſyne.

Sæler eru þeir ſem ad heyra Gudz ord
og vardueita þad Luc. XI.
A.

Landsbókasafn Íslands

Þeim Kristeliga Lesara/ Nad og Fridur af Gude Fødur fyrer Jesum Christum

EJns so sem Herrañ Jesus hañ kiener i Gudzspiallinu/ vm þat Sæde/ sm̃ saad er j Jørdina/ at þat bere ecki allt godañ auøgst/ eins geingur þad til a vorum Døgum. Gudz ord þat færir ecki auøgst hia øllum Møñum. Sijdañ su Heilaga Ritning er nu vppkomenn j vort Modurligt mal/ finnast a medal vor þriggia handa slags meñ/ sem ad fara med þa heiløgu Ritning. Þeir fyrstu ero/ from̃ ⁊ godfuser meñ/ s̃ Gudz ord elska af hiarta/ jdka sig i þre heiløgu Bibliu og lesa hana sier til lærdoms/ huggunar og allrar leidriettingar. Adrer eru þr sem lesa hana ad eins Historiunar vegna/ so sem adrar søgubækr/ hafande gamañ ⁊ skiemtun af þeim tilburdum sem þar standa/ ⁊ meina þa þeir vita Historiuna þa sieu þeir nogu vel menter/ enn hitt annad i Bibliuñe sem hliodar vppa Gudz heilaga ord/ Vm hans Løgmal/ Vm hans Nad og Myskun/ Vm hanns grimd ⁊ Reide i giegn Syndinne/ Vm þad huernen vier eigum ad lifa/ so ad vier mættum Gude þocknast/ þad Lesa þeir stalldann eda alldrei/ So sem ad er/ þeir Heiløgu pislar/ Psalltariñ/ Spameñerner ⁊ adrar fleire Lærdoms Bækur. Þridia slags Meñ finnast/ sem læra af þessare Bibliu og lifa i Syndum og vondum girndum/ dragande til sijn dæme ad eins þeirra Heiløgu forfedra/ Loth/ Dauid og añarra fleire/ ⁊ forsuara siñ liotañ lifnad þar med/ med sterre Heimsku. Og nockrer hafa latid sier vm Muñ fara/ ad þad være ecki gagn fyrer almugañ/ ad su Biblia kiæme so almeñelega vpp/ vegna þrra hneyxlunar epterdæma sem þar standa/ og nu var strax vm talad/ og seigia/ ad margur meige læra þar af jlla ad breyta/ Møñum meige nægiast þ nyia Testamtid. Þesser eru valla andsuara verduger annars eñ þssa/ Ad lijka suo sem þa Suin koma i eirn fagran lysteligañ alldingard/ þar ed allskyns heilnæm grøs og Jurter eru vaxande/ vm suoddann skeyta Suininn ecki / helldur spilla þau stiema og Klaufstreda þau Ilmanda blomstur/ Enn sie þar nockur oklarende (med leyfe ad seigia) þad taka þau til sijn/ þad fiña þau fulluel. So fara þesser med heilaga Ritning. Þad sem þeirra breytne er samhliodande þad lijkar þeim/ enn hitt añad lata þeir fara. Eñ Gudz børn ⁊ riettkristner Menn þeir giora ecki suo/ Þeir vita ad slijk dæme eru fyrer adra grein jnsett i þa heiløgu Bibliu/

enn

eñ ad meñ ſkule þar epter breyta/ ſem er til Lærdóms og vidvørunar/ ſuo ſem ſeiger S. Pall 2. Thimote. 3. Øll ritgnig af Gude jñgiefiñ er nytſamlig til Lærdoms/ til betrunar/ til leidriettingar/ ꝛc. Og vier ſkulū vita ad þad er eckirt forgiefins eda til onytis Skrifad i þa Heiløgu Biblíu/ þad er allt samañ gott og nytſamligt/ og fullt med lærdom/ þo at vier af vorre fafrædne kuñum þad ecki ad ſkilia. Vier meigum ſañliga ſeigia ſo ſem Gielldinguriñ ſagde. Acto. 8./ Huernen ma eg ſkilia þad nema einhuer kieñe mier? Ef Madur vill fa nockurn ſkilning Gudligs ords/ þa verdur hñ ad leſa heilaga Ritningu/ ꝛ giøra ſier hana kuñiga. Þuiad ſo ſem þa eirn Fiesiodur er faliñ j Jørdu/ þa hlytur Madur med erfide ad grafa þar til/ ef hñ vill na honum. Elligar ef madur hefr eina Nyt/ ſem er full med godañ heilnæmañ Kiarna/ vilie hñ komaſt ad þm ſæta Kiarna/ þa hlytur hñ ad briota Nytina/ og ſlyſia ſkurnen þar af/ ſo er og ſa ſem ſkilia vill heilaga Ritning/ og ſmacka ſætan kiarna og Ilm Gudlegs ords/ hñ hlytur ad leſa og jdka Ritningina. Þar fyrer amiñer Gud oſſ viÿda j ſkriptiñe/ bydur og byfalar øllum Møñum ad heyra og læra Gudz ord/ Deut. 6./ Ord þeſſe ſem eg byd þier j Dag/ þau ſkalltu rotfeſta i hiarta þÿnu/ og þu ſkallt bryna þau fyrer þÿnum børnum/ og ræda vm þau nær ed þu ſitur j þÿnu Huſi/ nær þu geingr vm fariñ veg/ nær þu leggur þig nidur og ſtendur vpp. Itm̄ Jeſus Syrach ſeiger j 6. Cap. heyr þu giarna Gudz ord og athuga goda malshattu Spekiñar/ Vm huxa þu jdugliga Gudz Bodord/ og þeinktu jafnan a hans Ord. Coloſſ. 3. Latid Gudz ord rÿkugliga bua a mzal ydar ꝛc. Hier til heyrer þad þridia bodord/ ſem oſſ bydr ad helga Huÿldardagiñ Drottins/ Þuiad ad helga Huÿldar dag er ecki annad enn heyra/ leſa/ læra og kienna Gudz Ord.

Nu huxar margur/ Huert gagn fæ eg af þeſſu Gudz orde/ og þeirre Ritningu/ þo eg leſe hana og lære? Andſuar miøg mikid a allañ hat t/ Þuiad Gudz ord er ſoddañ eirn fiarſiodur/ ad huer ſem hañ hefur/ ſa er eilÿfliga ſæll/ Huer og ſem hñ ecki hefur/ edur hañ fyrerlytur/ ſa er eilÿfliga veſæll.

1. Fyrſt kieñer Ritningiñ oſſ ad þeckia ſialfañ Gud/ huer hañ ſie og Huÿlÿkur/ og huer ad ſie hans vilie/ og hueria hlydne vier eigum honum ad veita.

2. Gudz ord afrekar þad/ ad ſa eilÿfe Guddomur Gudz heilaga þreñing/ Fader Sonur og Heilage Ande/ vill bua og blÿfa hia oſſ/ og i voru

hiarta/ef vier heyrum og geymum hans Ord. Joh. 14. Huer hñ elskar mig sa vardueiter mijn Ord/og eg og Faderinn skulum koma til hñs og hafa vistarveru hia honum. Joh. 6./ Þau Ord sem eg tala/þau eru Ande og lijf/ Þad er ad skilia/ Þau færa med sier Heilagañ anda/sa ed j vorum hiørtum vppuekur andligar gafur/ og brenande ast og girnd til þess eilijfa lijfs.

3. Fyrer Gudz heilaga ord faum vier þañ heidur z soma z vegsemd/ at vier verdum fyrer þad Gudz Børn/ Jacob 1. Gud hefur gietid oss epter villd sinñe/ fyrer sañleiksins Ord. Og S. Petur seiger 1. Petre 1. Elskid ydur jñbyrdis af hreinu gloande hiarta/so sem þeir huerier endur fædder eru/eckí af forgeingeligu/helldur af oforgeingeligu Sæde/ sem er vt af orde Gudz lifanda.

4. Gudz ord og Euangeliũ færer med sier/ bodar z vijsar oss ad Gudz Nad og vinskap. Adrar Þioder Tyrkiar z Heidingiar vita ei af Gudz vinattu/lifa med vgg og otta eda blindu athugaleysi/Eñ þeir sem Gudz ord hafa jdka þad og elska/ þeir vita og fiña j sijnum hiørtum/ad Gud hñ er þeim Nadugur og Myskunsamur.

5. Gudz ord og Euangelium vijsar oss ad þui sañarliga riettlæte/sem Gude Fødur er þægeligt/Sem er/Arnan/Framestada/Fyrebon/hlydne og verdskulldan Gudz Sonar. Þetta riettlæte ødlunst vier fyrer Truna a Jesum Christum.

6. Gudz ord ber med sier nogliga hnggun i øllum motgange/ Neyd og Hørmungum/so ad huer þad elskar jdkar og geymer/honum verdur allur Kross ogmotgangur liettur og bæreligur. Hefde þitt Ord ei verid mijn huggun/þa hefde eg forgeingid i minñe neyd/seiger Dauid Psal. 119. J Gudz orde er huggun i mote Syndiñe/Diøflinum/ Heluite/J mote Neyd/Fatækt/ Sott og Dauda og allre olucku/ og þad giefur i hiartad frid og føgnud/ huad sem ageingur/ ef þad er Elskad Jdkad og vardueitt.

7. Gudz ord er og a ad vera lios og Lampe/og leidsagare/ alls vors lijfs og framferdis/ epter huerium vier eigum ad ganga/ef vier viliũ fara þañ veigiñ sem liggur til eilijfs lijfs. Þitt ord Drottiñ er lios mijnũ Fotum seiger Dauijd Psal./119.

8. Gudz ord er Salarinnar fæda og Dryckur/ sem allar hungradar og þyrstar Saler kañ ad Fæda og næra til eilijfs lijfs. Og lijka suo sem Matur og Dryckur er vpphellde heilbrigdum Lijkama/so er og Gudz ord

Saliñi

Saliñe. Ef þu suelltur Lijkaman so omegnast hñ og Deyr/ fæder þu ecki Sal þijna med Gudz orde/ þa suelltur þu hana/ til dauda. Johañis 4. Huer hañ dreckur af þui Vatne sem eg mun giefa honum/ hañ mun ecki þyrsta ad eilijfu. I samre meiningu kallar Sancte Petur Gudz ord Miolk Salariñar/ 1. Pet. 2.

9. Gudz ord er langiæde lijfdaga vorra hier a Iørdu/ suo sem stendur Deut. 30. Þar (j Guds orde) er þitt lijf vnderkomid/ og þiñ langiædur alldur. Matthei 4. Ecki lifer Madurinn af einusaman Braude/ helldur af sierhueriu Orde sem vt geingur af Gudz Muñe.

10. Gudz ord/ jdkad og optliga lesid/ þad giører Hiartad klokt og audmiukt og vppuekur þad til Bænaakalls til Gudz/ so sem huer og eiñ riett truadur ma fiña med sier sialfum i sijnu hiarta.

11. Gudz ord og Euangelium er su einka lækning sem stodar i mote Daudanum/ suo sem þar stendur Johañ. 8. Sañliga Sañliga seige eg ydur/ huer hñ geymer min Ord sa skal ecki sia daudã ad eilijfu.

12. Þad færer med sier þa eilijfu Salohialp / øllũ þm̃ sem þat heyra og þui trua. So seiger Eingilliñ Actorum XI. Til Cornelium/ Lat kalla a Petrum/ hñ mun seigia þier þau ord/ af huerium þu munt Salu holpiñ verda/ og allt þitt Hus. Actorum 13. Ydur er þetta Hialprædis ord sent.

Af þessum XII. høfud Dygdum og gangssemdum Gudligs ords/ Ma huer Madur sia/ huad gagn þad giører/ ad elska jdka/ heyra og læra þetta Ord. Hier fyrer ættu nu Meñ ad þiggia med hiartans þack læte þeñañ himneska Fiesiod/ af sierligre Gudz Nad oss giefiñ z veittañ/ So ad ei kome yfer oss þad hefndar straff/ sem Gud hñ hotar øllum/ sem afrækia hñs ord/ sem þar ma lesa Deut. 28. Og vijdar añarstadar. Og þetta er þad sem aller truer Guds orda Þionar/ aller Gudhrædder Husbændr / eiga opt z ofialldañ ad a malga fyrer sijnum tilheyrendum/ z vndergiefnum/ suo þeir lesi þa heiløgu Ritning þui betur huer ed nu er (lof Gude) komiñ i vort Modurmal.

Og vppa þad ad þeir sem ei hafa adrar frædebækur og vtleggingar sem Doctores og lærefedur nu giort hafa/ yfer þa heiløgu Bibliu/ mættu nockud læra sier til nytsemdar/ og lesa ei Ritningina so sem adrar Søgu bækur/ til eyrna skiemtunar ad eins/ Þa hefe eg vtlagt og Prenta latid þessar Sumariur oskande af godum Mønnum ad færa i lag þad sem Prentaranum hefr yfersiedst/ þar næst ad virda mitt litid omak z þnañ

 kostnad

kostnad betur/eñ nockrer giørdu fyrr meir/þa eg med stærsta omake/yfer megn fram liet prenta þa heilogu Bibliu/þa vtlogdu þeir þad af mier vera giørt/alleinasta fyrer auiñings ꝛ plogs saker. Vid stÿk Veralldar laun vne eg vel/hun þackar og launar epter sijnum vana. Eñ sa lifande Gud huer ed allra maña hiørtu veit/hñ mun ødruuijs Dæma. Helldꝛ være askande ad þeir sem þeigid hafa af Gude rÿkdom og nogligt Gudz lan/ad þeir enu somu/epter dæmū og plagsid añara fromra Herra/ og godra Maña j ødrum Londum/villdu styrkia og hialpa til hier i Lande/ ad Gudz heilaga ord mætte eñ meir og framar vtbreidast aukast og eflast i Lande voru/ og ad sem flestar nytsamligar bækur mætte fyrer þetta lofliga Prentuerk i bland landsins jñbyggiara vppkoma. Þetta meina eg Gude mune þægeligt vera/og þeim sialfū lofligra/eñ ad vtleggia i vestu meining/þad Madur hygst ad giøra i þa bestu. Og med suoddan hætte rāgrar misuirdingar/ true eg færre epter þeñann Dag hirde/ storu ad kosta vppa neinar godar nytsemdar bækur/þær at vtleggia/eda vtganga lata.

Þeir eru og nockrer/ sem giefa mier skulld/ad eg hafe eignad mier añara vtleggingar/j Bibliu/af þui/ad eg sagde so i einum stad/ Ad eg hefde ordid opbast alleina eda einsamall ad yferlesa/ Corrigera/ vtleggia Eñ med þeim ordum/vil eg i onguā mata mier eignad hafa alla vtlegg ing Bibliuñar. Þui giøre eg þar þessa grein a.

Nouum Testamentum og nockrar adrar fleire Bækur hins gamla Testamentis/sem vt hefr lagt Oddꝛ heitiñ Gottskalkson godrar miñing ar/þa meiga riettuijser meñ vita/ad eg munda ei mier þetta eigna vilia. Eñ þo eg hañ ept^r^ Konglig Magestatis skipā ꝛ ept^r^ þui ē Gud gaf mi^r^ vit til/þær Bækur yferlesid/eg i sumum stødum emindierad. Añar slags Bækur komu fyrer mig i þañ tijma/sem nockrer adrer høfdu vr Donsku sialfer vtlagt/eda leggia latid/þær hirde eg og ei helldur mier ad eigna/ eige þær huer ed vill/enn suo mikid omak hafda eg/ þær sumar Donsku blandadar vtleggingar og brakad mal ad yfer lesa lagfæra ꝛ emendera/ ad þad var ei stors miña vert/eñ ad nyiu vt ad leggia/sem biuijsat verdꝛ. Þeir sem þui vilia ei trua/ here þr samañ sijnar godar vtleggingar eda siña vid þessa Bibliu. Þridia slags Bækur voru þær/sem eg vard vt ad leggia/og ad mijnu vite/voru ecki adur af nockrum vtlagdar/hueriar eg hirde ei ꝛ helldꝛ med nafne vpp at telia/sie þær fleire eda færre þ er mier lÿka mikid/Eg leita mier einkis lofs þar af. Og þessar eru þær Bækur sem

sem eg (mz leyfe þeirra Danemaña) eignade mier/ hueriar eg vtlagde/ ecki i einu/ eda þa þegar þær skylldu vnder prelum/ helldr Successiuis horis/ þa eg hafda hellst tom til/ iafnt framt sem hinar adrar Prentadar vrdu/ Þetta kallade eg a jslendsku ef þeir skilia vilia (optast) eñ ei alla tijma. Þuiad vegna stors erfides ahyggiu og omaks/ z añarar fiolskylldu marg falldrar/ vard eg opt og tijdum vid þær Bækur ad eiga og þær ad vtlegg ia. Þesse mijn afsøkun vona eg at hia fromum Møñum fullnæge. Hina adra bid eg ad þeir villdu til añara þarfligra hluta/ hafa sijna goda ment/ eñ til þess ad leggia einfølld ord vti røngustu meining/ huar af litid gagn giørist Gudz Kristne z samkundu. Eñ huad hũ hefur vtlagt/ eda ecki/ virdist mier litil naudsyn vm ad deila/ Eñ sijdur sier eda odrum nockrar æru eda lofstyrs/ hier vti ad leita/ þo Madr kyñe einn Bækling eda añañ/ vr Dønsku male ad setia. Þo eru þr goder Meñ aller þackar verder/ sem godann vilia eda astundan haft hafa i fyrstu þar til/ huer epter sijnum gaafum/ ad Heiløg Ritning mætte vppa vort Modurmal koma/ Landsins jñbyggiurum til nytsemdar/ huar med eg vona þr munu fyrst og fremst hafa hugsad vm Gudz Dyrd/ eñ ecki siñ lofstyr/ suo sem David kieñer j Psal. Non nobis Domine/ non nobis/ sed nomini tuo da Gloriam/ Þessum almattugum Gude seige eg og þacker/ og prijsa hñs Nafn/ ad hañ mier veykum ouerdugum gaf þa Nad/ þad verk ad full komna/ hans Nafne til Lofs z Dyrdar/

AMEN.

Sum̃aria þad er/ein ſtutt meining/
Og Iñehallo Sierhuers Capitula.

Fyrſte Cap. Geneſis.

Jón Borgfirdingur.

SA fyrſte Cap. er ein Hiſtoria edur Fraſaga/Huernen ad Gud/fyrer ſitt Almattugt Ord/ ſkapat hefꝛ Himen og Jord/og allar Skiepnur / og huerneñ hañ a hinum Sietta deige Skapade Mañiñ/Og ſette hñ til Ad hñ ſkyllde Drottna yfer øllum hlutū/og at hñ ſkyllde þrra neyta/og niota.

Huar vt af vier lærum ad þeckia Gudz godgirnd og giæſku/ j þeſſare Skøpun/ ꝛ meigum vor hiørtu j allzkyns motgange þar mz hugga/þat vier høfum eiñ Gud/þañ ſo er Almattugur og giæſku fullur/ ad hñ ſuo rijkuglega forſorgade oſſ og ſo Fødurlega huxad hefꝛ vm alla þa hlute ſem vier vidþurfū. Slijkañ giæſka vilia ꝛ Millde Gudz hafa þeir enu Heidnu þegt vt af Skøpuniñe ꝛ Skiepnunum/ ꝛ hafa þar fyrer halldit Gud godañ ꝛ Myſkunſamañ. Eñ Gudz ord fram̃ſetꝛ þm Kriſtnu adra myklu hærre ꝛ ſtærre ſpeke ꝛ huggun/huar med þeir meiga vita ꝛ þeckia Gudz giæſku/Þuiad hñ hefur ei ad eins alla hlute ſkapad Mañeſkiuñe til goda/helldꝛ hefur hñ ꝛ giefid ſiñ einka Son til Fornar fyrer Synder nar/ꝛ j Daudañ/Mañeſkiuñar vegna.Þar fyrᵉ ſkal eingiñ madꝛ efaſt vm ſlijka Gudz godgirndarſamlega hialp Vinattu og fullting / huerſu þung og ſtor Neydiñ og motganguriñ er eda verda kañ.Hier ſkalltu og merkia þeſſa høfudgrein vorrar Truar.Gud hñ er/adur eñ nockꝛ Skiepna var/Þad er ſuo ad ſkilia/hñ er eilijfur/ og hafde hia ſier ORDIT. Þad er og ſo eilijft ꝛ Gude ſamlijkt/Þuiat þ var fyrr eñ allar Skiepnꝛ voru. Og med þui ad allar Skiepnur eru ſkapadar fyrer þetta Ord/ þa fylger þad þar epter/ad þetta Ord er almattugt. J þridia ſtad nefner Moſes hier ANDA Drottins/huer ed allar Skiepnur lijfgar ꝛ nærer. So vtuijſar Moſes lioſliga/ad Gud Fader/ Gudz Sonur/ edur Ordid/ ꝛ Gud heilagur Ande hñ ſie ſo eine/Eilijfe/Almattuge Gud/ Vpphaf ꝛ Ender/So ſem vor Kriſtelig Trua vtuijſar.

II. Cap.

Er ein Hiſtoria/ j hůre Moſes eñ j añad ſiñ ſkyrer fra/huernen þad

 Adam

Adam var skapadur/og eiñ Herra settur yfer Gudz Skiepnu/ Þo so/ad hñ skyllde ei eta af Skilningstrenu. Slijka hlydne hefr Gud lagt vppa Mañeñ j Paradijs/so hñ hefde nockurt tilefne/at þiona Gude med/ Þui ad eckirt ma Gudz þionusta heita/nema þui ad eins Gud hafi þat sama verk fyrer sitt Ord skipad og bifalad. Og hefde Mañeskiã þetta trulega halldid/ þa hefde hun slijkrar Gudz þionustu noted/suo sem hun gallt þess þunglega/þad hun þar a mote giorde. Þui næst seiger Moses/ad Gud hafe Mañenu til goda skapad eina Kuiñu/z so þñ sett z skickad Hiuskap arbaded. So ad huer madr lærde ad vita/ad a medal Ecktahionaña eru þær stærsta teingder/ huar fyrer þau eiga alla tijma sijn a mille ad hafa allañ Kiærleika ast og vinattu.

Epter slijka Skøpun/ seiger Moses/ ad Gud hafe huijlst a hinum siøunda Deige/ z hafe heigad hñ. Vppa þad at vier og so eiñeñ a huijld ar deiginum latum af veralldlegum verkū/enn jdkum Gudz ord/og huxū vm hñs verk. Þuiad þtta kallast Huijldardagiñ ad helga/ Ad huxa vm Gudz ord/ z þacka honum fyrer sijna Fødurliga giæsku z fyrerhyggiu/ z j riettre Tru þar vid ad hallda sig z hugga.

III.

Er ein Historia/huernen ad madureñ vard af Dioflinum leiddur og leckadur fra Gudz orde/so ad hñ fyrer sijna ohlydne fiell j Syndina / og vnder Gudz strossunar refsing/oss til viduorunar/ad vier lærū ad hallda oss fastlega vid Gudz ord/ z fordast Syndina/huer af Dioflinū er fyrst komeñ/z Daudañ hefur leitt yfer Mañeskiuna/med øllū odrū eymdum z hørmungum Lijfs og Salar.

Þar j giegn skulu Meñ z merkia þessa huggun/sem Gud giefur hier þm Adam z Euu/Ad Kuiñuñar sæde/CHRISTVS/skyllde Høgg ormsins høfud sundurmeria/Þat er/Dioful iñ sinpta hñs magt/ z fyrer sijna Pijnu hialpa oss fra Daudanum og Syndiñe/til Riettlætis og þess eilijfa Lifsins. slijkre huggun eigum vier fastlega at hallda/og lata ecke Diofulsins hælbit/ oss hnepkia/ þad er/ huerskyns motgang sem hier j þessu lijfe kañ til ad falla/Þuiad j Paradis tok þad fyrst til/z hlytur sa at alldøldle ad ganga. Dioful iñ añ oss ecki Saluholpnum at verda/þar a mot/vill Gud eckr at vier skulum j Syndum glatast/z veita oss hialp z fullting fyrer siñ Son/sa ed fyr oss a Krossinū Daiñ er/ z fyr oss hefr borgad z bitalat. Slijka huggun og hialp skulū vier meir z frām alta/

Eñ

Eñ Diøfulsins Bøluan og ouinskap.

IIII.

Fiorde Cap. er ein Historia/skyrande fra Likamlegre Blezan/og afkuæmis aukningu þrra Adams ꝛ Euu/Og þui næst huernen ad Syndenn hreyfde sier kroftugliga med Cain/so ad hn̄ slo j hel sin̄ Broðr Abel.

Slijk dæme skie og suo nu ꝛ jafnlega j Heimenum. Þuiat Abel/ þad er/ su saña Gudz Kristne/huer ed alleina treyster vppa Gudz ord ꝛ hans Myskunsemi j Christo/og þar vppa er grunduølllud/hun hlytur at lijda af Cain(þad er/af þeim Falskristnu/og þeim verkheilogu) Mein og motgiorder.Eñ þad mun þo ei ohegnt blijfa.Þuiad Gud krefur þess saklausa Blodz/Og hotar aluarliga/þad aller þeir sem suo grimlega nidur þryckia þeim Saklausu/ þeir skule med vondre Samuisku/ og allskyns ogiæfu vm alla þeirra lifdaga Pijnder og plagader verda.

Hier er og sierdeilis Merkiande su Predikunar amiñing sem Adam giorer Cain/og varar hn̄ vid/ad giefa Syndiñe ei ofmykið raum/helldr hallda heñe aptur/ella mune hun sulkia hn̄. Siertu fromur/seiger hañ/ þa ertu þeckur/ Þad er/ Nallt þier vid Gudz otta/ og vackta þig fyrer Syndiñe/þa muntu Gude þocknast/Eñ ef þu ert ei fromur þat er/ef þu fylger Syndiñe/og villt ecki hafa Gudz Otta ꝛ Ord fyrer augum þier/ þa huylist Synden/Þad er/ þu hefur gledi og gaman af heñe/eñ þetta varar skam̄a stund/hun sefur j Dyrum/þad er/j oroligum Huildar stad/ huar hun verdur ad vakna.Þar epter a kiemr sijdañ ofeigianleg angist/ skielfing/Eymd ꝛ Daudiñ sialfur/so sem sia ma a Cain og Judas.Þar fyrer varar Adam hn̄ vid/Lat hana ei hafa sin̄ vilia/ Þad er/ epterfylg ei freistinguñe helldur Drottna þu yfer heñe/Þad er/Ver þig/Stattu j mote Syndiñe. Og suo sem Paulus kallar þad/Deyd hana. Þar skal Kuiñuñar Sæde oss til hialpa/hn̄ vill standa med oss/og styrkia oss til at standa Syndeñi j mote.Af oss sialfum erum vier vanmegna þar til.

V.

Hier vpptelur Moyses epterkomendur þeirra Fromu nidia Adams/ huersu ad Gud Blezade þa med lifsins auexe og løngum lifdøgum/Suo ad meñ siae/huernen ættum hins gudhræddda Seth hañ margfalldast ꝛ vaxid/huer ed fyrerheited hafde vi af Herranum Christo.

Hier er ꝛ sierdeilis merkianda epterdæme Enoch/huern Gud burt tok fra Heimenum/til eins vitnisburdar/at þeir godu og Gudhræddu)þo þr

 hliote

hliote hier j Heime margt z miked ad lijda) þa eiga þr þo vissulega von añars betra lijfs/ Sem eilijft er/ fyrer þetta fyrerheitna Sæde/ Og ad øllum Harmkuælum og motgange skule epter þetta lijf gleymt verda. Þuiad þetta epterdæme hefr att ad vera eitt fagurt Lios/ huert at skijna skyllde j Heimenum/ vm allan þañ tijma allt til Vatzflodsins/ ad þeir riettlatu hafa minst Enochs z sagt so/ Drotten tok hñ til sijn/ þat er oss til eins vitnis z sañarlegs merkis/ ad epter þtta lijf mun koma eitt añat betra/ z eilijft lijf.

VI.

Er eitt hrædelige epterdæme/ j huerju Menn sia Gudz Reide j gegn Syndiñe/ Þar Gud hotar z ognar/ at hñ vegna Syndariñar vilie afma ecki ad eins Mañeskiuna/ helldur z so allt þad sem hefur lijfs Anda med sier. Eñ þessar eru þær hellstu Synder/ sem hier nefnast j textanū/ Fyrst fyrerlitnig Gudz/ þad Verølldiñ villde ecke lata Gudz anda straffa sig/ Þad er/ Meñ villdu ei epterfylgia Gudz orde/ og ei bæta sinn lifnad þar epter. Þui næst/ Holldsins girnder/ at sijdustu opinberligt Ranglæte. Nu slijkar Synder eru/ þar mun ei langt strafs z reffingar at bijda. Eñ suo sem meñ meiga þeckia þyngd Gudlegrar Reide j giegn Syndiñe/ vt af slijkre Reffins. So ma og eiñeñ hier sia/ huersu Myskunsamur Gud hañ er/ at hñ dro vndan þuilijka reffing j Hundrad ar z tuttugu/ z varduette þñ goda Noa med sijnu hyske fra slijkre reffingu. So at meñ meige læra ad vita/ ad huer hñ giører ranglega sa fær makleg giølld/ Eñ huer hañ lijfer rettelega sa mun laun og not þar af fa z ødlast.

VII.

ER ein Historia/ huersu ad Gud/ Syndariñar vegna/ fyrer Vatsflodid/ afmade allt þ sem lijfs anda hafde a Jørdu/ Eñ veitte Noa sijna Myskun/ z tiede sig so giaskusamlegañ z Fødurlegañ vid hñ/ ad hñ vard veitte hñ ecki ad eins heilbrigdañ med øllum sijnum j Ørkiñe/ helldur og eiñeñ forsorgade þeim so/ at þr hefdu þeirra atuinnu/ z þar Skiepnr sem Mañeskiuñe voru til nytsemdar. Eñ so sem þetta Vatzflod var hreinsan alls Ranglætis z Synda/ huar med Syndernar so þunglega reffstar og afmadar vrdu/ So er su heilaga Skijrn þat rietta Vatzflod/ fyrer huert Synden ei grimmlega straffast/ so sem þar skiede/ Helldur dreckist og fyrer giefst/ fyrer Truna a Christum/ huer at er su andlega Ørkiñ/ j huerre vier aller holpner verdum.

Er ein

VIII.

Er ein fogur Historia/huersu ad flodit minkade/z Noe/med þeim sm hia hm voru/z ollu Dyrum/ er heill z heilbrigdr vt af Orkine geingen. Og pad Gud ad Nyiu gaf Blezan yfer Noa og oll Dyr / fyrer hueria Blezan aller hluter sijdan vid magt halldast og varduertast allt til Heim sins enda.

En sierdeilis er þetta epterdæme hier mikelegt/ad Noa færer Drottne Forner/z þackar honum fyrer sijna velgiorninga. Slijkt þacklætis offur liet Gud sier vel þecknast/so hn lofade ad lata sijna reide vpp þadan allt rei so grimmlega ganga yfer allt Holld/ Þuiad madurin af Natturine er so jllur/og fyrer Syndina spilltur/ ad hn af Natturune til/ei annod kan en ad Syndga og misgiora. Slijkt hrærer þann millda og Naduga Gud/ eckr til Reide nie modgunar helldr til Myskunar/ad hn sier aumur a oss/ og fyrergiefur oss Syndernar.

IX.

Fyrre partur þessa Captiula.

ER ein Historia/huersu Gud at nyiu Blezar yfer mannen/z setur hn til Herra yfer allar adrar Skiepnur at hn hafe valld yfer þeim/og hafe þær sier til nytsemdar.

Alleina fyrerbydur hn Blodid til eins teikns z merkis/ad hn vill eige Mannsins Blode sie vthellt. Þuiad hier stendur sa Domur huern Gud sialfr hefur vppsagt/Huer hn vthellir Mannsins Blode/hns Blod skal i stadin fyrer mannen/þad er/fyrer Valldzmannin vthellt verda.

Þui næst styrker og stadfester Gud fyrer teikn Regnbogans sitt fyrer heit/ad hn vilie þadan j fra slijkt straff og slijka reffing ecki koma lata.

Annar partur Capi. Noah tok til et c.

Þetta er eitt epterdæme/ af hueriu Bornen skulu læra / ad þeir eru vndergefnu/þeirra Forelldra og yfervallds men j ollum heidre at hallda og hafa/ so eige kome yfer þa su Boluan/sem Noa hier formæler sinum Syne/fyre þ ad hn vanheidrade hn. Þuiad hns Synd var ei alleinasta þad/ ad hn hafde skiemtun þar af ad hn sa sin Fodur so Nakin/ sa arge skalkur vill z koma hinum odrum tueimur Brædru sinum þar til at þeir skule og einnen hlæia ad þeirra gamla Fodur/spotta honn/og forsma og fyrerlijta. Þuiad Cham dryger hier tuefallda Synd/Hn fyrerlijtur sin

Fødur/ & þottist vera forstialare og vÿsare. Þar er omøgulegt ad j slÿku Hiarta kune at vera ein rett hlydne/ huilÿka Gud vill hafa/ af øllū Bornum/ og þunglega hefner a øllum þeim sem hana ecki veita.

Þar a mote/ Huer hñ heidrar sÿna Forelldra og yfervallds Herra/ hñ same skal hugga sig vid þa Blessan sem Noe Blessar þa adra tuo sÿna Sonu Sem og Japhet / Þuiad þessa heidran vill Gud aumbuna bæde med andlegre & Lÿkamlegre Blessañ/ So sem þat fiorda Bodord lofar/ at Gud vilie þÿsshattar hlydne og virding med einu laungu og luckusam legu Lÿfe endurgiallda og bitala.

X.

Þeñañ Cap. þarf ei ad lesa/ þui hñ helldur ei añad eñ Maña nøfn Nidia & kynkuisla Noa/ huad þar til þienar/ ad meñ stae kynþætte þrar Gudlegu ættar vegna þess fyrerheitna Sædisins. Um Nimrod seigist hier/ ad hñ hafi fyrstur maña Rÿke haft/ Og su hin fyrsta Monarchia var af honum stiktud.

XI.

ER ein Historia/ huerneñ ad jafnsnart sem þat mañeskiuna fiølgade aptur/ þa vrdu meñerner Ranglater/ grim̃er og drambsamer/ Þar fyrer hefur Gud sunddurdreift þeim vm Londen/ med þeirra Tungumalum/ & þeirra aform ad ongus giørt. Slÿkur ad skilnadur Tungumalaña/ hefr verid eitt hrædelegt straff & hefnd Syndaña. Þuiad jafnsnart med malinu/ þa hefur Predikunar Embætted nidur fallid/ og i stadinn innkomed Skurgoda dyrkañ/ þuiad sierhuer einn hefur fyrer sig epter sÿnum þotta Gude þionad. Sem̄ ætt alleina hiellt þui retta Tungumali Predikūar embætte/ og Guds/ þionustu giørdiñe. Japhet hefur og so halldid sig ad hm̄. Eñ Cham/ so sem sa meste fiølde/ er algiørliga i Skurgoda dyrkan falliñ. Eñ eins so sem Gud hier straffar Syndina med fiølda Tungumala/ So audsyner hñ a Huitasuñu deige sÿna Nad og fiølda Tungumalaña so ad meñ heyra Gudz Nad i øllum Tungumalum/ & þ Predikunar embætte og Euangelium vtgeingur i øll Tungumal vt vm allann Heiminn.

Þui næst opptelr Moses Kynkuÿsla þætte Sem/ so ad vier vissum af huerium Fedrum Abraham komenn er / yfer huerium fyrerheited vt af Messia sidañ huildest. Þat ma sia/ huersu Heimenum for aptur/ & þeir heilogu meñ hafa ei haft so lāga lÿfdaga/ so s̄ Noa & hñs forfedr høfdu

Hei

XII.

Hier tekur til Historian eda lijffagan af þeim heilaga forfedur Abraham/huern Gud leidde vr Lande Haran jñ i Canaans Lād/z fyrerhiet honū/ad hñ villde lata hñ verda ad sierlegre Þiod/z giefa hm̄ Canaās Lād til eign^v. Og a sijnū tijma eitt soddan̄ Sæde hm̄ vppvekia/s̄ Blezad være/Fyrer huert aller men̄ i Verolldu skyllde komast fra Boluaniñe til Blezanar og til Gudz Nadar og myskunar.

Hier skulum vier fyrst læra/huersu þ Gud hafi er Myskunsamur og Nadugur. Þui næst skulum vier hugleida epterdæme Abrahams/huersu hñ trude og treyste Gude/og giørde hñs skipan/og Predikade Gudz ord. Pad er z so hugleidanda/ huersu hñ verdur fyrer Kross z motgang Reyndur/Þuiad hñ hlytur vegna hallæris ad flygia i Egipta land/ z þar ad koma i haska vegna sinar eigen̄ Kuiñu. En̄ med þui hñ trude og treyste Gude/þa hialpade hñ honum af ollum motgange/ so sem sia ma i allre hñs lijfsøgu/og straffade þa sem honum giørde jllt/So sem hier stendr/ ad hñ lagde plagu a Pharaonem z hñs hus/fyrer þad ad han̄ atlade ad taka Sara sier til eigin Kuiñu z c.

XIII.

Eitt agiætt epterdæme høfum vier hier/i fyrstu af þeim Abraham z Lot/Huersu ad Gud giefur sijna Blessan rijkuglega þeim sem hñ ottast/ Suo sem Christur seiger/Leitid fyrst Gudz Rijkis og hñs Riettlætis/suo mun ydur allt an̄at til leggiast/þt ydar Fader veit huers þier vidþurfed.

Þui næst lærum vier hier/ ad fordast allt osamþycke/ og sierdeilis þa eiga þeir enu Skylldu ad fordast allt þad sem nockra misþyckiu kan̄ vpp ad vekia/og lata helldur auiñing og abata hia lijda/en̄ ad giefa nockurt tilefne til þrætu og osamþyckis/so sem sa gode Abraham giører hier vid Loth. Slijk aslundā er einkum naudsynlig/ Þuiad huer hñ leitar þrætu/ og stundar epter osamþycke/sa same fær þad fulluel fundid/Enn Sæler eru Fridsamer.

XIIII.

Þetta er ein Historia/af huerre vier lærum huersu ad Gud hñ kallar Meñina fyrst adur fyrerfram til Idranar/ad þeir giøre yferbot/og late af Syndum og glæpum/Þuiat adr en̄ þad hñ liet Sodoma z Gomorra vppbreña med Heluitskū ellde/amiñte han̄ þær Borger til Idranar yferbotar

Volar med ofridarstorme.

Þessa refsing verdr z so sa frome Lot ad bera med þm. Eñ ad sidustu verdur hañ apturleystur fyrer Abraham/ huad hier er til eins epterdæmis sett ollū Yfervallds moñum/ ad þeir eiga ad vernda sijna/ Eñ vera þo ei sierplægner nie sialfs sijns gagns leitande.

Þad Abraham giefur tiund Melchisedek/ huer ed var Kiennemadur Drottins/ Þad er i fyrstu eitt epterdæme/ ad veralldleger Valldzmeñ sie skylldugir ad hialpa til / ad Kristeleg Kirkia og su rietta Gudz þionustu giord vid magt halldiñ verde/ Þuiad hun hlytur forsuar z vpphellde ad hafa. Og sæler eru þr s sitt Rijkedæme vallo z audæfe spara ei hier til/ ad Predikunar Embætted meige framgang fa og vid magt halldast.

Þui næst hefur þetta sijna vtþyding vppa Kieñemanskapiñ Christi/ i giegn Logmalinu so sem vottar Pistilliñ til Ebreos j 7. Cap./ z David j 110. Psalme/ Huer ed Christum nefner og kallar Kieñemañ/ eñ þo ecki epter skickan eda vijsu Leui/ helldur Melchisedech/ huer eckirt hefur ad giora med offur z Synder/ so sem Kieñemeñ Lagmalsins/ helldur Blessar hann/ og tekr af oss Boluanina. Þetta Nafn Melchisedech/ þydist a Norrænu Kongr Riettlætissins. Slijkt Nafn hefur vor liufe Lausnare Christr sa ed fyr Syndaña fyrergiefning oss giorer Riettlata. Eñ þsse Melchisedech hefur sañarlega verid Sem Sonur Noa / huer ed i þann tijma var ellstr forfedraña/ og þeirra ædste stiornare z Kieñefader i Krest niñe verid hefur/ og þar fyrer hefur hñ nefndur verid Kieñemadur hins hæsta. Af þisū Sem er Abraham komeñ/ og af honum hefur Abraham erft þad fyrerheit vt af Christo.

XV.

Auijsar i fyrstu/ þa Storu Astrijdu sem sa gode Abraham haft hefur/ ad GVD dregur suo leinge vndann þad Fyrerheit/ ad hñ villde giora hñ ad myklum Folksfiolda. Þar fyrer þa Gud talar vid hañ og seiger/ ottast þu ecke/ eg er þiñ skiolldur z c. Þa suarar hñ/ Huad villtu giefa mier? Eg fer burt Barnlaus/ sem hñ villdi so sagt hafa Skule eg verda at myklum Folksfiollda/ þa hlytur þu Drottiñ at giefa mier miñ Son: Eñ er Gud lofar honum z fyrerheiter ad hñ skule Son eiga/ þa yferuiñur z sigrar hñ þa freistne/ þ hñ er gamall z hñs Kuiña Sara obyria/ og truer z treyster Gude. Slijk trua/ seiger Moyses/ er hm til riettlætis reiknud.

Þar næst i nidurlaginu stendur eitt spadomur/ Þat Gud mune frest

giora

giora a sijnu fyrerheite/ og ad Abrahās epterkomendr yrde adr j Egipta landi þrælkader/so þeir skylldu ei hneyxlast a þssare Motgangs ogiæfu sem yfer þa koma munde/Helldur stadfastliga trua Gudz fyrerheite/Ad Canaans land munde þeirra eign verda/ og ad Christur þad Blezada Sædet/munde epter Gudz fyrerheite vissulega koma/a sijnum tijma.

XVI.

ER j fyrstu eitt epterdæme/huernen ad skynsemin leitar vid/at hialpa sier sialf/þegar ad Gud vm stundar saker frestar sine hialp/ og hialpar ecke so snart sem at men vona z vilia, Þuiad Sarai/med þui hun elldist meir og meir/ og er þar med obyria/þa tekur hun til ad misgruna Gudz fyrerheit/og huxar ad af hene til mune þar eckert af verda/med þui hū er bæde Obyria og afgømul/og radleggur mane sijnum Abraham/ad han skule taka Agar sina Ambatt til eigin Kuinnu/so at Gudz fyrerheit verde ecki forhindrad. En Gud hefur lated þetta so ske/vegna sierlegrar merkingar/suo sem ad S. Pall skrifar til Galatas/vt af þeim tueggia handa søfnude / af huerium anar vmgeingst med verkonū/z stolar og treyster vppa sialfs sijns eiginleg verk/ En hin anar helldur sig vid Gudz fyrerheit og hns Myskunseme.

Þui næst/er hier ein agiæt lærdomur/vm Agar/ þa hū var þungud/ huernen at hun fyrerleit sijna fru Sarai/villde ei lijda hennar vmøøndū/ z hliop j burtu. En Eingillinn skipar hene ad huerfa til sinar Þionustu/ vera vndergiefin sine fru/z audmykia sig fyrer hene. Til epterdæmis øllū Þionum z Ambattum/ad þeir skulu med audmykt alla hlyde sijna sijnū lanar Drottnum/Þuiad Gud vill þad so hafa/z þ er honum þægeligt/ hā vill z giefa lucku þar til. Þar þuert a mote/ef at þionustu Folked er otrutt z ohlydid/þa vill Gud med allra handa olucku þad straffa.

XVII.

ER ein Historia/ huersu ad Gud huggar Abraham/ og styrker sitt fyrerheit med eina Nyia sattmals teikne Vmskurnariñar/ Og lofar ad hā vilie vera Gud allra þeirra/sem at þetta sattmals teikn hafa a sijnū Lijkama/Og þa enu sømu vilie hā Bleza og varduetta.

Nu hefst fyrst sa mismunr eda adskilnadr/at Gud fraskiler Abraham og hns epterkomendur/so sem eitt sierlegt Folk/fra øllum ødrum Þiodū/ og audkiener hā og hns epterkomendur/Gydingana/fyrer Heidnum/a þeirra Lijkama/med eina sierligu merke eda audkienīgar teikne/vppa þ

ad men

ad meñ skylldu vita/ad Christur hañ ække ad fædast af þessu Vmskornu Folke alleina/eñ af onguu ødru Folke j Heimenum.

J añañ mata/Þa hefur þsse Vmskurn haft sijna sierlega merking/ Þuiad Gud hefur þar med viliad til kynningar giefa/huersu þad vor Nattura er Syndunum vafiñ/og hefr þorf a þui/ad hun verde andlega Vmskoriñ/So sem þad eitñeñ Spameñerner kieña/ Ad meñ skule Vmskiera yferhud sijns hiarta/þat er/ganga j Gudz otta/z deyda Syndina med øllum vondum girndum.

J Þridia mata/var þsse Vmskurn(so sem S. Pall seiger)eitt jnsigle Riettlætingarinar/Þuiad þar af hefur Abraham/z aller hñs epterkom endr kuñat ad vita/ad þeir være Gudz folk. Þuiat slijkt sattmala teikn/ so sem añad Sacramentum hafde fyrerheited/Ad Gud villde þetta Vmskored Folk sierdeilis añast/ vernda þad og Bleza so sem sitt eiged Folk.

Og Gud sagde eñ aptur til Abrahams.

Þetta er fyrst eitt epterdæme/huar af vier skulū læra ad Gudz fyrerheit eru soñ/og hafa onguañ misgrun a þeim/Þuiad hia Gude er eckirt omøgulegt/so sem Abraham þiker omøgulegt vera/ ad hñ munde eiga Son vid Sara.

Þui næst er hier eitt fagurlegt epterdæme Kristeligrar hlydne / af Abraham/hñ Disputerar ecke leinge vm þad/huar fyrer hañ skyllde vm skiera sig z sitt heima folk/helldur giører hñ þad af einfølldu Hiarta/af þui Gud hafde honum þad so skipad. Þuiad fyrer Verølldune þotte þad miøg þussligt/ad so gamall Madz skyllde Vmskiera sig og allt sitt Hus. So kñ z skynsemeñ ei ad huxa vm neiñ avøxt eda gagn slijks verks. Eñ þetta allt lætur Abraham ei sturla sig. Hñ geingur þar strax ad med algiordre hlydne og lostugu Hiarta/og lætur sier nægia ad Gud hefur þat so bodid og bijfalad. So eigum vier eiñiñ j øllum hlutum ad giøra/og at eins huxa vm þad huert Gud hefur þad bodid/Og grenslast þar ei meir epter/edur huxa vm fyrer huerta grein þ er skipad/edur huad þad stode. Slijka einfallda Hlydne heimter Gud af øllum oss.

XVIII.

ER eiñ agiætliga fogr Historia/huersu ad Gud kom til Abrahams og var hñs Giestur/Hellst þss vegna/ad hñ styrkte hñ j Truñe/so hñ sie efalaus vm þ/hñ mune Son fa med siñe Kuiñu Sara/ Þuiad Drottne sie eckirt omøgulegt. Vppa þad ad vier z so eitñeñ lærum/ad alijta Gudz

ord/

ord/og freista vissulega vppa hns lofun. Enn sierdeilis er hier merkiandi/ ad Textenn seiger/ at Abraham hafe sied pria Menn/ Enn talar po sem vid einn/ og vid einn so sem pria.

Item. Drottinn sagde til Abarhams etc.

Petta er ein sannarlig auglysan/ ad par er ei vtann einn Gud/ enn po priar sundurgreinanlegar Personur/ sem er Gud Fader/ Gud Sonur/ og Gud Heilagur Andi/ so sem opinberaner hins Nyia testamentis klarliga vtvijsa. Enn slijker vitnisburder hins gamla Testamentis piena hellst par til/ Ad vier lærum pad Forfedurner hafa og einenn truad og vitad slijkt suo sem vier/ og eru eins og vier j pessre somu Tru Saluholpner ordner.

Pui næst er hier eitt agiætt epterdæme af Abraham/ ad hann er so Giestrisinn/ og vid pa framande og okunnuga Menn godvilldarsamur z pionustu miukur/ Epter Reglu S. Pals/ Rom. 12. Verid Giestrisner z c.

Pa stodu Mennerner vpp padan.

Petta er fyrst ein merkeleg Historia / j huerre Gud lætur rijkuglega sia sijna Myskunseme/ huersu hann vill giarna hlijfa/ og alla hefnd burt taka/ Ef ad Manneskian villde ad eins betra z bæta sig/ Ad vijsu/ pad hann vegna farra riettlatra Manna villde giarna hlijft hafa pui heila Lande.

Par a mote er petta og hrædelegt/ ad Verolldinn er so jll og hreckvijs/ ad a medal so margra manna/ j einu heilu Lande/ vrdu ecke fundner Tiu menn Fromer z Gudhrædder. Par fyrer hlytur hefndin yfer pa ad koma/ og fyrerbon og medalganga Abrahams er til einkis/ med pui par fylger eingin bot og betran epter lijfnadarens/ Puiad bænen og betran lifnadarins pau hliota ad fylgiast ad.

J annan mata ma hier sia/ huad merkeligur hlutur per er/ ad bidia fyrer odrum til Gudz/ Enn huer hann vill af slijkre fyrerbon Not hafa/ hann hlytur riettelega ad skicka sig par til/ z hindra ei pa Fyrerbon med sialfs sijns jdranarleyse.

XIX.

PEtta er ein Historia/ af huerre menn sia/ at Gud huxar til sinna helagra/ z frelsar pa fra pui hefndar straffe sem yfer pa ogudligu kiemur. Puiad fromer menn skulu sinnar dandemensku niota/ suo sem Lot.

Par a mot ma sia/ Med puiad Synden hefur so yfervalld feinged/ og peir Sodomitar vilia ongua aminning nie eidunnn sier til Hiartans ganga

 lata/

lata/þa hlytur Gud slijka grimdar alueru i frame ad hafa/ Vppa þad vier lærum ad vera hrædder/og fordast Syndina. Þuiad Gud kañ hana ecki ohegnda ad lata. Eñ merk hier/ hüad athuga lauser þeir Syndarar eru/þa þrra fordiørfun er sem allra nalæguſt/ Magsefnen Lotz/ þa þr voru varader vid/hallda þeir þad fyrer gaman/og huxa ei ad vikia.

Þad Kuiña Lotz lijtur a bak aptr/og verdr ad Salltsteine/ þ vtþyder Christur i Euangelio/ Luce 17. j þa meining/ad meñ skule ei lata stundlega hlute hindra sig/helldur hafa Gudz ord fyrer Augū/og fylgia þui epter/ Þuiad ellegar faum vier ei Gudz straff vmflued. Slijka vtþyding tekur Herrañ vijsseliga þadañ/at Kuiña Lotz hefur ei af eirne samañ for uitne aptur a bak sier litid/ Helldr af þui/ad hun hefur elskad Heimeñ/ z halldit ei nie truad at Gudz aluarleg hotunr ognañ munde señ. Slijka vantru hefur Gud aluarlega straffat/og slijka mīnīng/odrum til viduer unar/opinberlega viliad til synis epter vera lata.

Og Lot for af Zoar/og var a Fiallinu.

Þetta er ein Historia/huer ei er þar fyrer skrifud/nie verdur lesiñ/ad vier slijkum dæmum Lotz og hñs Dætra skulū epterfylgia/ Helldur læra ad þeckia riettelega vora eigiñlega Illsku / og hafa Gud þui helldur oss fyrer augum/ z deyda z nidurþryckia þær vondu girnder/ Þuiad hier siañ vier/ad þeir Heiløgu hafa ei alla tijma gietad vardueitt sig/helldr hafa þeir stundum ofmiøg hrasad og falled.

Textenn auñsar/ad Dætur Lotz hafi þetta giørt af einfalldleika / og Lot hafe ovitande þetta giørt. Eñ þar med eru huoruger afsakader. Og sierdeilis sia meñ hier/huersu hræddlegr Synder koma z vaxa af ofdryckiuñe/ Þuiad hefde Lot odruckiñ verid/þa hefde hañ alldrei j slijka løstu fallid. Þr fyrer skylldu aller Kristner meñ vackta sig fyr þrre ofdryckiu.

XX.

ER ein Historia/huersu ad Abraham en i añad siñ kiemur i haska/ vegna siñar Kuiñu Sara/so ad Abimelech Kongur tekur hana fra hm. Eñ hier audsyner Gud eñ aptur/huernen hñ vilie vernda sijna/og einckū huad gramur hñ er hordomenum/huern hñ straffa vill med auaxtarleyse og Dauda.

Þui næst skal hier og merkia/huilijk Gudz gafa þad er/ og af Gude oskāda/ad hñ varduelte oss fyrer Syndiñe/so s Gud seigr til Abimelech/ Eg hefi varduellt þig/se þu skyllder ei Syndga j mote mier z eige leysda

eg þier

eg hier ad snerta Saram Abrahams Kuinu. Þuiad vor Nattura er langtum ofuerk til þess / ad hun giete varid sig fyrer aullum astrijdande freistingum og Syndum/ef ad Gud ei sierlega veiter styrk og hialp þar til/og ef vier ei daglega bidium vm slijka vardueitslu og hialp/ Suo sem Christr bydur oss og Kiener j Fader vor/ad bidia/Leid oss ecki j freistne/ Þad er/elskulige Gud Drottinn/þo so sie ad vier føllum j astrijdu z freist ingar/þa vertu lijknsamur/og leid oss burtu aptur þadann/z lat oss ei þar inne blijfa nie fyrerfarast/ Slijkar bæner þurfum vier j allan mata vid.

XXI.

ER ein Historia/huersu ad Sara atte Son i elle sinne/ Huar af vier lærum/ad eckirt er fyrer Gude omøgulegt/og ad hans Ord sie alleinasta sønn/ so ad vier þui helldur meigum vissulega treysta þar vpp a.

Hier hefst fyrst tuidrægne eda skilnadr Kristninnar. Ismael merker/so sem S. Pall seiger/þ Folk sem fyrer Løgmalsins verk vill verda Salu holpid/Enn þar verdur eckirt af/ Ismael hlytur med sinne Modur vtrekinn ad verda/z lata sier nægia tijmanlegann Blezann.Enn Isaac er kyrr j husinu epter/og erfer Blezanina.Þad eru þeir sem Tru og traust setia/ ei vpp a þeirra verk/helldur vppa Gudz giæsku og Myskunseme.

Auk þessa/er hier z so eitt agiætt epterdæme/huersu at Gud bænheyr' Ismael/þar hann var Barn fiortan æra gamall/og hialpar honum/hier af skulu Vngmennenn læra alvarlega ad bidia/og vera Dandis. Þuiad Gud vill feiginn þau vardueita/z i øllum motgange þeim hialpa.

J Niðurlage þessa Cap. er eitt epterdæme/ad menn meige ad Synd-lausu/i veralldlegum malefnum/Eida suerna/ til fridar og samþyckes/so sem hier giora þeir Abraham z Abimelech. Þar næst stendur/ad Abra ham hafi Predikad vt af Nafne Drottins þess einasta Gudz/Þad er/vt af þui fyrerheite vm Christum/huersu ad Gud munde fyr' Christum opin bera sig i voru holldc/z vppbyria eitt eilijft Rijke.Þar fyrer seiger Christur i Euangelio/Abraham sa minn dag/z vard gladur vid.

XXII.

Þetta er eckirt fordilldarligt epterdæme / einnrar sierlega storrar og myckillar Truar/z viliugrar hlydne vid Gud/ad Abraham fylger Gudz Bodorde/og hlyfer ecke einka Syne sijnum/Hann vill/suo sem Gud hafde boded honum/Fornfæra hann/þar þo øll fyrerheitinn bæde stundlegrar og suo andlegrar Blezanar/voru komenn vnder lijfe þessa eins Sonar.

 Hier

Hier af skalltu læra/ad giefa oss olldungis Gudi i valld/ og þo samt vona visslegrar hialpar/so sẽ Abrahã giører/Hñ lætr ei Son siñ vera sier ofkiærañ/hñ huxar/Gud kuñe vel ad enda og framkuæma sitt fyrerheit/ þo ad Isaac verde offradur. Slijkt stadfast Trunadartraust vppa Gudz lofan og fyrerheit/er Gude næsta þægeleg/ og hans hin ædsta þionusta.

Eñ merk huad Textiñ seiger/Gud freistade Abrahhãs/þad er/þ var ei hñs meining ad Abraham skyllde lijflata siñ Son/Þuiat Mañdrapit er fyʳ bodit/Hñ villde ad eins þᵃ med reyna Abrahãs Tru hlydne ꝛ oita

XXIII.

ER ein Historia/huernen at Abraham harmar ꝛ syrger sijna framlidna Kuiñu Saram/og kauper heñe eiginlegã legstad. Til vitnisburd ar/ad hañ truer stadfastlega þar vppa/þo hañ sie eiñ Vtiendingur i þui lande/og eige onguañ hlut i þui/ja/og ei eitt fotmal/þa mun hñs Sade epter hñ þad sama land fa til eignar.

Hier er og suo fagurt epterdæme / huersu ærliga og heidarlega þeir fromu Meñ hafa handlad i Kaupum og Sølum. Huad hid sama eñ nu vera ætte/Eñ/þui verr/slijk Danemenska fer daglega minkande.

XXIIII.

ER ein Historia/af huerre vier lærũ/huersu Forelldrañer skulu astunda/at þeirra Børn fae ærliga Gipting/og hia godum Monnum. Og er miog huggunarlegt/þad Abraham og hañs godur Þienare þeir akalla Gud til þessa Giptarmals/og bidia ad hñ siae Isaac fyrer godu Rade. Og þad/ad þeir hallda Hiuskaparbanded so virdulegt ꝛ mykils vert fyʳ Gude/ad Gud mune vtsenda Eingel sinn/ til þess/ ad þad skyllde allt vel luckast. Samt verdur Hiuskaparbandzstiettiñ af þeim Papistum ouirt/ þeir ed hana hallda slijka eina stiett at Gud hirde ecki par vm hana/ja/ þat meñ ei kunne Gude ad þiona.

Og Þiikañ Rañ heim/og bar øll þesse ord.

Þetta er fagurt epterdæme/ad Frændur Rebeccu hafa framar Gudz skickan sier fyrer augum/helldur eñ Gull og peninga. Þar fyrer eru þau fws til þssa/og lata þeirra systur fara i framanda Land til ad Giptast Isaac.

Framueigis er ꝛ þad merkianda/ huernen ad Erends rekiñ ꝛ Brudgumiñ þeir hegda sier hier i mote. Isaac geingur vt a Akuriñ og giører

sijna

ſijna Bœn/ſlijkt ſkal eiñ Brudgume giøra/ſkule añars farſælld z Lucka þar med vera. So z eiñeñ þa giører vtuega madurinñ Gude þacker/ad hñ hefur greidt hñs gøtu/og giefed hønum lucku þar til. Snøgt ad ſeigia/ Þu ſier huernen ad þeſſer goder Heilager meñ/ hafa alla hlute vppbyriad med gůdhrædſlu/ j rettre tru og mz alluarlegre Bœn/ Þar fyr' hefr Gudz Bleſſañ verid ſo rijkugleg hia þeim. Eñ vier ættum vt af ſlijkre Hiſtoriu ad betra oſſ/ z ſkicka oſſ Gudrækelega z Kriſtelega j øllum vorũ verckũ/ Eñ þar giører nu huer madur þuertt a mot/ Gud ottunſt vier ei/ vm hñs Blezan bidium vier ei/ Blot z deilur eru fyrſt/ Þar fyrer geingur ſo jlla til vm alla Verolldina.

XXV.

Hiſtorian af Jſaac.

Hier ſeiger huernen Abraham andaſt. Og þad hañs ſon Jſaac hafe ordid þa ſomu aſtrijda ad lijda ſem ſadur leid hñs Fader/ ad j tuttugu ær bio hñ vid ſijna Konu/ z fieck onguañ erfuingia/ af þui ad Rebecca var Obyria.

Eñ med þui ad fyrerheitid var ſkied Jſaacs erfingium/ þa liet hann þo ſlijka hneyxlañ ei ſig ſkielfa/ Helldur þa hiellt hñ ſier vid Bœna akall z audlaſt Tuibura Jacob z Eſau/ huerier/ lijka ſem Jſmael og Jſaac/ merkia tueñañ Kirkiu ſøfnud/ Þañ eina ſem ad treyſter vppa Gudz myſkunſeme/ þñ añañ ſ forlætr ſig vppa ſialfs eigiñlegt riettlæte z god verk.

Þat Eſau ſelur Frumgietnad ſiñ fyr' eina Matgiord/ eda Velling/ huer Frumgietning ſierlega hafde fyr' heitid vt af Chriſto/ þat hid ſama er eitt ſierlegt vantruariñar epterdæme / ad hañ hefur ſlijkt fyrerheit ecke neins ackťad/ eñ Jacob/ ſo ſm ein Gudlegur Madur/ hefur ſier þat þikia lated Dyrmætt og verdugt/ þar fyrer ødlaſt hñ þad/ og ſlijkrar truar veg na verdur Jacob af Spamañenum Oſea/ fagurlega prijſadur/ þuiad þ hñ j fødiguñe hiellt vm hæl a Eſau/ þ vtleggr Oſeas vppa tru Jacobs/ þad hñ villde giarna hafa haft Frumburdiñ z fyrerheitid vt af Chriſto/ og hindrad ſiñ Brodur þar fra.

XXVI.

J þeſſũ Capitula ſeigiſt/ huerſu ad Jſaac hlaut ad fara i framanda økuñigañ ſtad vegna hallæris/ z þ' i haſka ad koma vegna ſiñar Kuiñu Rebeccu/ þ' med vard hñ ad lijda marghattad' meingiorder Phileſteis.

Eñ

Eñ hier vt af þessum sier þad ad Sara hureſu Gud vor hañ lætur ſijna Kriſtna/ j þeſſum Heime/ af vondum Monnum margfalldlega verda plagada/ Eñ hñ hialpar þeim þo Fødurliga/og verndar þa/ Þuiat þeſſ meir ſem Heimurinn Nidur þrycker þa Fromu/ þeſſ meir Bleſſar hañ þa og hialpar þeim.

XXII.

Þetta er ein Hiſtoria/ huernen ad Eſau tok til ekta tuær Konur heidnar/ aa efa j mote Raade og vilia ſiña Forelldra/ Og at ſu Bleſſañ hañ komed yfer Jacob/ hueria Eſau ꜳdur fyrre vegna vantruar forſmade/og ſellde hana fyrer Matarmaltijd/ Oſſ til vidvorunar/ at huer hñ fyrerlijtr Gud z hñs Bleſſañ/ hñ mun Boluan til hlutſkipțis fa. Eñ þad Jacob fyrer aeggian hñs Modr kemſt med ſlægd yfer Blezanina/ þ hid ſama ſkiedr vt af bifalningu Drottins/ ſa ed ſagt hafde/ Hiñ meire ſkal þiona þim enum miña.

Og ſem Jſaac hafde endad.

Þad er ein fraſaga/ huernen ad vantruen og fyrerlitning Gudligo fyrerheitz verdur ad ſtijduſtu ſtraffad a Eſau/ Þuiad þeim Frumgietna Syne var Rykisſtiornen/og fyrerheitid vt vf Chriſto. Eñ mz þui Eſau actade þtta huertueggia ei meir eñ Mataruelling z magafylle/ þa tekr Gud ſlijka Blezan fra honum og giefur hana Jacob.

Þetta er tilefne huar fyrer Eſau ofſæker Jacob/ ſo ſem fyrr og ſijdar ſkied hefur j Kriſtniñe/ ad þeir rietkriſtnu ſiñ alleina treyſta vppa Gudz giæſku/ þeir hliota ofſokn ad lijda af þeim verkhelogu.

XXVIII.

Hiſtorian vt af Jacob.

Þetta er eitt agiætlegt epterdæme/ huernen ad Jacob epter fylger ſijnū Forelldrum/ z girneſt epter þeirra Raade ſier Kuonfangs at leita. Þuiat i þeſſu efñe eiga Bornenn ſierdeiles ad alijta vilia þeirra Forelldra/og aſtunda/ ad byrta eckirt fyrer vtan vilia og vitund Forelldrañā. Suo ſem ad ſia maa/ ad þad luckaſt ſialldan vel/ þa Bornen vilia giptaſt i mote Forelldrañā Raade og vilia z ſtyggia þar med Forelldrana. Þuiad Gud vill þa ad eins giefa hionunum lucku ef ad þau ottaſt Gud Pſal. 128. Eñ huar ıæeñ epterfylgia ei Forelldrunum/ z giora i mote þeirra vilia/ þar kañ ecki ad vera nein Gudhrædſla/ nie helldur Gudz Bleſſan

Þar

Þar næst er hier og ønnur frasaga/ huersu ad Gud vitradist Jacob i suefne/ z stadfester med einu Nyiu fyrerheite þa Blessan vt af Christo/ og þa lofun vm Canaans land/ huad Esau hafde forakt ad. Þar fyrer heiter og Jacob þui Gude aptur a mot/ at hn̄ vilie alla sijna von/ Tru z traust setia vppa so milldan̄ og Myskunsaman̄ Gud/ honum þiona/ og j þeim stad eitt Gudz Hus vppbyggia/ z med Tiundar giøf af øllu sijnu gotze saña Gudz Þionustugiørd j þm̄ sama stad vppreisa. Oss til eins epterdæmis/ ad vier eijnen̄ lærum ad vidurkienna Gudz Blezan/ z med hn̄e til at styrkia/ at Gudz ord z su rietta þionustugiørd vid magt hallдin vde.

XXIX.

Hier seiger huernen Jacob Kuongadist/ So ad men̄ meige sia a slijkū dæmum heilagra forfedra/ huerier Gudz ord Predikudu/ forner færdu so ē rietter kiennemen̄/ og Gude þionudu/ ad hiuskapar stiettin er eitt heilagt Sambyle z samuist hueria þo Pauen sijnū andligū/ so sin̄ adra oheilaga stiett/ baña d og fyrerbodid hefur.

Þar næst er þad og agiætt epterdæme/ einrar sierlegrar Þolinmæde og einfalldlegleika Jacobs/ ad þo su ønnur Syster være honum giefin̄/ þa lijdr hn̄ þenan̄ oriett med þolin̄mæde/ z þionar en̄ 7. ar vegna Rachelar su sem honum trulofud var.

J Þridia mata siest þad hier/ at Barneignin̄ er ein Gudz gafa/ huer Børn at Gud hn̄ giefur Lea þar fyrer/ ad hun skyllde þess kiærare verda sijnum bonda Jacab/ med þui hun var oalitlegre en̄ Rachel. Þuiad Gud vill ad þar skal ast og elska vera Hionana a mille. Þar a mote leggur Dioffullinn allt kapp þar a/ ad vppuekia osamþycke Hiona a mille/ og mislynde.

XXX.

ER ein Historia/ huernen ad Gud hefur Blessad Jacob/ z giefed hm̄ Børn. En̄ þat at þær systur langar suo storlega epter Børnen̄ ad eiga/ ad þ^r fyrer øfundar huer adra/ Þad er allt þ^r fyrer skied/ ad þær hielldu Barneignena eina sierlega Blessan og Gudz gafu/. Einkum̄ fyrer þa skulld/ mz þuiad þær væntu þn̄ tijma þess fyrerheitna Sædissins Christz fyrer huern allar þioder skylldu Blessadar verda/. Slijk von hefur vijsulega komed þm̄ heiløgu Kuinum til/ ad þær hafa haft stora forleinging epter lifsins auexte/ Ef skie mætte/ ad Gud giæfe þa luckustūd/ ad Dioffullinn være suiptur sijnu vallde / og allar Mañeskiur yrde frelsadar fra

 Synd

Synd og Dauda

Og sem Rachel hafde nu fædt Joseph.

Hier seiger/ huernen ad Gud villde afma allañ lydinn vegna slijkrar vppreistar/Eñ Moses afstyrer þui med siñe Bæn/so ad alleinasta vrdu stra ffader vpphlaups Meñerner sialfer. Og hier siaum vier liosliga/ huersu hrædelig Synd þad er/ad yfergiefa sitt kall og Embætte/og jnntreyngia sier ꝺn kallan" i Kieñemañligt Embætte/so at Gud hañ hlijfer hier ecki Kuññum ne børnum/helldur lætur Jordina vppsuelgia þat allt samann.

Slijkan Dom latū oss vandliga merkia/og betra vorn lifnad/z fram ferde þat af.Þar fyrer bydz Gud/at taka vpp Glodarkieriñ/Til miñis/ ad

ad sierhuer Madur hann blijfe vid sijna kallan og sitt Embætte/ og enn sierligrar kallanar vpphefie eckirt.

Aññars Dags þar epter möglade allur Almugen.

Þetta er eitt hrædeligt epterdæme/ af hueriu vier siaum/ huersu þeir Ogudligu huørke batna vid aminningar nie Refsingar neinar/ Þuiad Gud hafde sialfur næsta hardliga straffad þa vpphlaups Meñ sem styr iolld giørdu/ so at Jørdiñ svalg þa med Kuinum ꝛ Børnum. Þetta var Gudz verk alleina/ so sem huers Mañs skynseme vottar. Eñ þad blinda forherta Folk reiser sig hier ad nyiu vpp i mote Mose og Aaron/ ꝛ giefur þeim skulld/ suo sem ad hefdu þeir þeim hinum fyrerkomid/ viliande þar fyrer straffa þa.

Eñ Gud hylur Mosen ꝛ Aaron med Skyie/ so ad eingiñ gietr giørt þeim grand. Huat af vier siaum/ huersu Gud hñ vill vernda ꝛ varduetta sijna/ eñ þeim ogudligu refsar hñ so þar fiell af þeim XIIII. Þusunder og VII. hundrud. Og þo samt er þetta huggunarsamlegt/ ad Gud lætr stilla sijna Reide fyr Medalgøngu ꝛ fyrerbon/ so ad Plagan minkar. Slijk dæme eru einkum merkiandi/ þss vegna/ so ad Meñ hugleide/ huad Myskuñsamr Gud hñ er/ ꝛ at hñ vilie bænheyra ꝛ sijna Reide falla lata

XVII.

EN ein fagurlig Historia/ hünen ad Gud med nyiu dasemdar verke af Aarons Vende til/ vottar þad/ ad Kieñemans Embætted skule allein asta vera hia Aaron/ Vppa þat ad eingiñ framar meir þreynge sier þar til/ og fyrerfarist vegna sinnar ofdirfsku. Þar fyrer skipar Gud vpp ad taka og geyma Aarons Vønd/ allt þetta þienar oss þar til/ ad vier skulū ecki þreyngia oss jñ i añarligt kall og embætte/ allra sijdst i Kirkiu þionustu Embættid/ Helldur ad huer vackte sijna Kallan/ og sitt Embætte/ og hafe þar sem mest astundan a.

XVIII.

Þær fyrstu 4. hofudgreiner skal Mañ lesa.

Hier skickast Þær Personur til/ sem a Kirkiu þionustuñe skylldu vara taka/ Einkum sem er/ at Aron og hñs Syner skulu hafa þad Kieñemañ lega Embætte/ Eñ þeir adrer Leuitarner/ huer epter siñe kallañ/ skylldu til hialpa/ j þui ødru sem þionustugiordiñe vidveik/ Og ad slijker Kirkiu þienarar hefdu af øllum Almuganum þrra næring ꝛ vpphellde. Þuiad auk þeirra Tiunda/ þa heyrde þeim þat sem Offrad var af Fienadinū ꝛ

Akurſins ávexte/ af þeſſu ollu hofdũ Preſtarner þeirra párt ꝛ hlutſkipte

Þetta allt er ſkrifad oſſ til epterdæmis/ ad eiñ og ſierhuor a ad hialpa til af ſijnu eigiñ goze/ oppa þad ad Gudlig þionuſtugiord ſkickeſt/ og ad Gudz ordz þionar hafe ſijna Næring og Vpphelldt/ Suo ſem Chriſtur ſeiger ſialfur Luc. 10. þar ed hañ talar vm ſijna Poſtula/ hueria hañ vt ſende til ad Predika Euangelium/ Verdugur er (ſeiger hñ) Verkmaduriñ ſiña launa. Og S. Pall til Galatas 6. Meñ ſkulu ecki af ſeigia þeim þad ſtundliga/ huerier ed þui andliga vtſkipta med odrum.

Da Pastori eius e at tu illi debes

XIX.

Þeſſe Capitule talar vm eina ſierliga Ceremoniu/ hueria Gydingar hafa haft/ ẽ var eitt adreiſingar Vatn/ edur ſtokt Vatn/ af þui Synda Offre/ huar med þeir hreinſoduſt/ edur kuittoduſt. Eñ til huilijkar hiten ſunar Gydingar hafa ſlijkt Vatn haft/ þ ſkyrer Piſtilliñ til Ebreos j 9. Cap. og nefner þad/ Eina Holldliga hreinſan.

Eñ fyrer Blodid Chriſti/ ſeiger hñ/ ſa ed ſig ſialfan flecklauſan fyrer Heilagañ anda/ Fornfært hefur/ verda vorar Samuiſkur hreinſadar/ af Daudum verkum/ til ad þiona lifanda Gude. Þar fyrer hefur þetta ecki verid vtã ein ytre Ceremonia/ hueria Gud hefr bodid. Eñ merkingẽ hefr miog god og merkilig verid/ Þuiat ſu Rauda Kyriñ ſem til ſlijks Synda Offurs heyrde/ hun merkte Gudz Son vorn Drotteñ Jeſum Chriſtum/ huer ed ordiñ er eitt Offur fyrer Synder allz Heimſins. Enn þ^r ed Feſku lifanda Vatne var hellt j Oſkũa þrrar vppbrendu Kyriñar/ hũu Vatne ſijdan var ſtokt yfer Meñena/ Þetta hefr obrigdaliga þa merking/ at fyr^s þa heilogu Skijrn/ ſkule Pijnã vors Liufa Lauſnara Jeſu Chriſti/ áſamt Synda fyrergiefningũne og þui eilijfa lijfinu vtſkiptaſt og byttaſt inzal allra truadra. So ẽ Chriſtr ſeiger / Nu hñ truer og verdr Skijrdr/ ſa ſkal holpiñ. Þeſſe Skirn er þ retta Vigt Vatn/ huert vier hefum j Nyia Teſtamtenu/ ſem þetta Gydinga Vatnid hefur haft ad þyda.

credit et baptizatus fuerit salvus erit.

Eñ odru vijs Vigt Vatn er þad/ ſem Pauen hefur vpphugxad j ſinne Kirkiu/ huar med hann hefur komed Monkum til ad trua/ ad fyrer ſlijks Vatz adreiſing ſkule burt takaſt og þuoſt Syndernar. Eñ huar er Gudz ord og bifaleing þar vppa? Suma/ ſnogt ad ſeigia/ Þar er ecki eiñ titill godr af ollu þui ſem Pauen hefur fyrer ꝛ ſijd jnleidt j Kriſtiliga Kirkiu/ mn Gudz Ordz. Ei er Monnum okunnigt huilijk Afguda dyrkan/ hiatru/ Galldrar og giorningar og adrar Gudlaſtanir komnar eru af þui

Vijgda

Wijgdu Vatne. Huar fyrer þ er mz riettu ecke eitt Vigt helldur bølvad Vatn/huar med Blodid Christi vanuirdst og forminkast/enn einfallder Meñ verda suikner og villter hørmulega/ So sem ad være Diøfullen so harla hræddur vid þetta Vatnid. Huer hann vill nu vita/huadan þesse Vatzuixlan er komen/hier heyrer hañ þad hia Mose. Eñ huad kiemur þetta vid Pauan og oss/huad Gydingum fordum bodid var/vm þssar edr adrar Ceremoniur?

XX.

ER ein Historia/ huersu ad almugen misgiører eñ at Nyiu med siñe Meglan/ i mote Mose og Aaron/ af þui ad þa brast Vatn/ Og Moses og Aaron þeir ero nu hrædder/ad Gud mune vegna slijkrar Meglunar/ ecki lata neitt Vatn koma af Steinklettnum/ epter sijnu Orde. Þessa vantru helldur Gud og Reiknar fyrer eina stora Synd/og hootar þeim Mose og Aaron/ad vegna þessarar Syndar skule þeir ecke jñ koma i þ fyrerheitna Land. Þuiad Gud vill hafa Truna af oss/ad vier skulum treysta og forlata oss vppa hñs giæsku og Myskun/huersu Onerduger ꝛ omakliger sem vier erum. Nu vill ecki/ad vier skulum huxa/so sem Moses og Aaron/hñ mune þa Myskunsamur vera. Þegar vier erum Fromer/ꝛ verduger slijkrar hialpar. Eñ þat ad Moses kom ecki jñ i þat fyrerheitna Land/þad hefur sijna merking/ Þuiad Logmaled ꝛ Euangelium/verkiñ og Nadiñ/ þar er huort a mote ødru/ Suo eiñeñ þa merker fyrerheitna Landed þa eilijfu Saluhialp og eilijft lijf/þad faum vier ecke fyrer Logmaled edur Mosen/helldur fyrer Christum/ ei fyrer verskulldañ nie forþienustu/helldur fyrer Nad og Myskun.

omnē tuā fidu-
ciā et spem in
eum colloca

XXI.

Les þær fyrstu þriar greiner eda Paragraphos.

Þetta er ein fijn Historia/Huernen ad Folkid Moglr i mote Mose/ og er nu þreytt/og leidist ad vera so leinge i Eydemørkuñe. Slijka ohlydne straffar Gud med Eiturligum Ormum/ Eñ þegar Moses hañ bidur fyrer þeim/þa skipar Gud/at giøra skule eiñ Eitorm/Og lofar/at hû a hñ lijtur/Þañ skule Eitrid ei skada.

Þessa Historiu vtþyder vor liufe Lausnare Christur sialfr Johañ.3. og seiger/at sa Eitormur hafe merkt hñ/Þuiat lijka so sem þesse Ormur var lijkur ødrum riettum Hoggormum/ Enn var þo ecke alleinasta Eitur laus/ helldur var hñ Hialp og Lækning vid Eitrenu. Suo er Christur

Mädur/ audrum Mönnum lijkur/ Enn er þo Syndlaus/Þuiad hann er Gud/og er gietinn af Heilögum Anda/og Fæddur af einne Meyiu.Hann er Hialp og Lækning vid Eitre Syndarinnar/öllum þeim/sem med Trunne alijta hann Hanganda a Kroßins Tre/ad hann hafe fyrer Þtra Synder bit alad og fulla nægiu giort.

Hier tekur nu Historian til/huernen ad Jsraels Syner ætlu orrestur vid Heidingia hinu meigin Jordanar/og toku vnder sig þeirra Land.

XXII.

EJn ein Historia/Huersu ad Moabita Kongr liet sækia Spamannenn Balaam/til ad bölua Gydingum. Hier er i fyrstu merkianda, ad hier er ad sia/suo sem Balaam hafe verid einn Sannur riettur Spamadur/ huer ed ecki hafe haft neitt fiolkinge/ helldur hafe hann Spæd af Gudz Anda gipt/so sem hanns Spadomur klarliga vottar og hier stendur liosliga ad Gud hafe talad vid hann.

J annan mata/at hann spyr Gud i tuær reisur/ z Gud skipar honum/fyrst/ Hann skule ecki fara. Og j odru sinne bydur hann honum hann skule fara. Þetta er so ad skilia/ Balaam hafde ætt ad hallda sier vid þa fyrstu befalning/ z lata sier hana nægia/og spyria ecki framar/Þuiat Gud er Sannordur z stadfastur/Þar fyrer þad hann eitt sinn bydur/þar eiga Menn vid ad blijfa. Enn Þar Balaam fyrerlijtur þa fyrre Gudz befalning/ z spyr ad i annan tijma/þad gierer hann rangt/og freistar Gudz/af agirndar huga sijnum/ Þar fyrer freistar Gud hanns og so aptur/og bydur honum ad fara. Þuiat huer hann lætr ei Gudz ord vera sier nogliga vidurren/hann ma afram fara sialfum sier til hneyxlunar z skada/og abyrgiast sialfr huernen þad vill ad sijdustu ganga. Gudz skulu menn ecki freista. Enn þad heiter ad freista Gudz/Ad lata sier ecki nægia hanns Ord/og trua ecki einfalldliga/helldur spyria framar meir/ og huxa ad Gudz Ord mune vera so sem Mannanna Ord/huer sier lata vmbreyta og snua.

Þa stod Balaam vpp vm Morgunenn etc.

Þetta er ein vndarlig Historia / Med þui ad Balaam Spamadur hiellt ei þa fyrstu Gudz skipan og befalning/ vegna agirndar og i vil vid Mennena/helldur freistar hann Gudz/og spyr hann i annan tijma/þa straffar Gud hann(So sem S. Petur vtleggur/i sijnum odrum Pistle)fyrer Nauzst Asnunnar sem hann reid/ad hann hefi rangt giort/so z lijka straffar Engellinn hann. Enn huer hann ecki einu sinne villde epter fylgia Gudz Orde/hann er

þess

Þē vel makligur/at hā̄ afram̄ fare/sialfum sier til skada z hneyxlunar/ z vm siđer til gløtunar. Þessa hlutar vegna er oss þsse Historia skrifud/ ess til viduørunar/Ad þott vier hefdum̄ haleitar gafur/þa eigum vier at blijfa einfalldlega vid ordid/og lata oss ecki afuega leida fra þui.

XXIII.

Þetta er ein merkilig Historia/j huerre vier siaum/ huersu ad øllum Mønum/Jafnuel Dioflinum sialfum Omøguligt er ad forhindra eda hamla þeirre Blezan sem Gud vill giefa/So sem Balaam gietur ei nie kan̄ añad/en̄ ad Bleza Jsrael. Þar fyrer/huer han̄ lifer i otta Gudz/og epter hn̄s Orde z vilia/sa þarf ei neitt ad hrædast/Þutad þott meñerner villdu honum skada giøra/ þa stendur þo Gud hia honum og vardueiter hann.

þeim hinum mikill timbit

Sierdeilis er hier merkianda þad/at Balaam prijsar og blezar Gydinga þar fyrer/ ad þar er huerke Mæda nie Erfide med þeim/ Þad er/ Eingin̄ Hiaguda dyrkan nie raung Gudz þionustugiørd/helldur Gud z hn̄s Lwdur/Þad er/han̄s Ord er a medal þeirra. Huar þad er/ þa ma madur ohræddur vera fyrer gølldrū z Blote/Ja ad vn̄su/fyrer Dioflinū sialfum/so sem Raun giefur vitne en̄ a þessū Deige. En̄ ef madur ottast ei Gud/vardueiter ecke hn̄s Ord/ z lifer i Syndum og vondu framferde/ þa er eingin̄ vndur/þo ad Gud leyfe Dioflinum og vondum Møñū þar skada ad giøra.

XXIIII.

Þetta er Spadomur Spamañsins Balaam/ Ad eingin Magt skule fa motstadid Jsraels Sonum/Af þui at Gud er med þeim/og hn̄ vill þa blezada hafa.

En̄ þat hn̄ talar vm Stiørnu af Jacob/ z Rijkisspiru vt af Jsrael/ þad sama hlyder vppa Herran Christum/huers Rijke ad øll ønnur Veralldar Rijke vin̄a mun og vnder sig leggia/ei medur Suerde edur verallđ ligre Magt/helldur alleina med sijnu Orde.

En̄ adur fyrr en̄ þat Christur kiemur/seiger hn̄/skulu þeir i Assyria Megtuger verda/og allt vin̄a vnder sig/ Þangad til ad Alexander hinn mykle vt af Chitim mun lægia þa Assyrios/ z vm sijder mun allt Valld koma vnder þa Romuerśku/ a þeim tijma þa Christur Fædist. Þetta er ein̄ merkiligur frabær Spadomur/og an efa af þeim Helga Anda. Þui fyrer hefur Balaam vissuliga verid ein̄ riettur Spamadur/ z hefr þecke

Gud/Eñ Agirnd og Vankru hefur fellt hañ/so sem marga adra mykla Meñ ſkied hefur.

XXV.

Þetta er eitt hrædeligt epterdæme/ huernen ad Israels Folk til bidur Heidiña Maña ſkurgod/ z dryger Horaner med heiðnum Kuiñū. Þeſſa Synd ſtraffar Gud med ſo hrædeligre plagu/ ad tuttugu z fior Þuſūd Maña falla þar fyrer til daudz. So ad vier ſkulum læra/ huerſu gramr Gud hñ er þeſſare hueruteggiu Synd/ bæde Skurgoda dyrkuniñe og ſo Saurlifnadinum/ad hñ vilie þat hueruteggiu griñiliga ſtraffa.

Þui næſt er eitt Nytſälegt epterdæme af Phineas Sonarſyne Arons ſa ed bæde Hoeruna og Horkalliñ i giegnum lagde med Spiote. Þui þar ſiaum vier/ ef ad Valldid aluarliga ſtraffar ſlijkar Synder/ þa vill Gud burtſuipta almeñelegum forþientum plagum fra alþyduñe. Enn ef ad Valldzm enerner eru treger og later ad reſſa/ þa giefſt Gude tilefne ad ſtraffa Syndina/ Og þar ſijdan geingur ſlijk Refſing z ſtraff almēliga yfer alla ſo ſem vier hofum dæme til.

26. Cap. er ei þorf ad Leſa.

XXVII.

J Fyrſtu er hier ein Koſtulig ſkickan/og eit erfda Logmal/ad þegar nockur Andaſt/huerier ed þa erfa ſkulu/ Þar ſkipar Gud ſo til/ad jafnā ſkule Erfdiñ falla til hins ſkylldaſta og nanaſta ættmans.

Þui næſt er hier eitt merkeligt epterdæme af Moſe/ þa ed Gud villde nu kalla Moſen af þeſſu lijfe/og ſagde ad hñ ſkyllde Deyia/ Þa er þeſſe meſta ahyggia og girnd Moſis/ at Gud vilie ſetia einhuern añañ Stiornara yfer ſitt Folk/ſo ad þeir ſie eige Stiornarlauſer/ſo ſem Sauder an Hirdirs. ſlijku Dæme ættu aller Veralldliger Hofdingiar ad fylgia/og bera ſoddan ahyggiu fyrer ſijnum undergiefnum/og bidia fyrer þm̄.

28. 29. 30. Cap. Skulu ecki Leſaſt.

XXXI.

Hier ſeigiſt huerſu ad Israels Folk ſlo þa Madianitos/ z Ræntu allt þeirra Land / af þui ad þeir hofdu Egnt Israels Sonu til Syndar/og ſukked þa. Hier ma ſia Gudz grimd og Reide vegna Syndariñar/ ad hñ bydur ad drepa og deyda huert Mansbarn/ fraleknum ungum Stulkum ſem ei voru Mañuagnar/ þær voru at tolu Tolf z XX. Þuſundir. Oſſ er þtta

er þetta skrifad til epterdæmes og yferbötar/ so ad vier lærum ad vita/ ad Gud hn̄ plagar vm sijder ad straffa Syndina/ vilie Madur ecke aflata/ z bæta sig.

Og Drottenn talade vid Mosen et c.

Þetta er eitt Kostulegt epterdæme/ huernen ad Gud bydur/ ad Mem̄ skule giefa af Herfanginu/ Leuitonum þeirra part. Til eins vitnisburd ar/ ad Sigurenn̄ Kiemur af Drottne/ Og ad Mēn̄ neyte hn̄s so/ ad Gude verde til Dyrdar/ og til vpphelldis Gudz þionustugiørd. Suo sem Herse hofdingiarner giora hier i nidurlage Capitulans/ z giefa hier stormiked Gull til Tialldbudarinnar/ Þar med vidurkiennande og packande Gude/ ad hn̄ gaf þeim Sigur og varduei tte þa fyrer olucku. Þetta hafa verid merkeliger og Gudhrædder Strijdzmenn̄/ þar fyrer hefur Gud giefed þm̄ Lucku. Og oskande være ad slijker Hertugar og Hundrads Hofdingiar være nu til/ / i mote Tyrkianum/ ad beriast/ En̄ þad brestur oss/ Þuiad vorer Strijdz men̄ akta huorke Kirkiur nie Gudz ord/ Þeirra ment er ad leika/ Spila/ Saurlijfe ad fremia/ Ræna/ Rupla/ bolua z ad Gudlasta. Þar fyrer er huorke Lucka nie Sigur hia þeim/ sem Gud Nade.

XXXII.

Þetta er ein Historia/ huernen ad Ruben/ Gad/ og halfur ættþattur Manases/ tok til eignar Landed a hina sijdu Jordanar/ og bio þar. Þo so/ ad þeir skylldu hialpa hinum odrū til Bardaga/ z giefa ecki tilefne/ ad þeir skylldu ei efa samer veida. Þuiad hefdu þeir alleina leitad þeirra eigin̄ gagns/ og hefdu ecki viliad leingra fylgia hinum odrum/ þa seiger Moses/ þad þeir hefdu storliga Syndgast/ og þad hefde ecke strøffunar laust verit.

Og hier tekur Historian til/ huer ed kienner/ huernen Gudz fyrerheit vppfylldust/ og huernen han̄ liet sitt Folk eignast Land Heidingianna.

Þeir seinstu tueir Pharagraphi eda greiner þurfa ei ad Lesast.

XXXIII.

Er ei þorf ad lesa/ þuiad þad telur app Herbuder

XXXIIII.

Er ei þorf ad lesa/ þuiad hier talar ad eins vm Endemørk Gydinga Landz/ z skipar til huerier Landenu skule skipta.

XXXV.

Þetta

Þetta er ein ſkickan/ hu̅nen þr ſkulu til ſkiptaſt nockrer Frelſis ſtad'/ fyrer þa/ ſem Manne hafa ad ſkada orded. Ecke til þeſſ/ ad ſlyker Mann ſlagarar ſkylldu fri̅ vera/ Helldur at þar mætte Skynſamliga og riette-liga ranſakaſt/ huort þad Mañſlag var ſkied med ſettu rade/ edur med ovilia hende/ ſo at varnad yrde vid vthellingu ſaklaus Blodz.

Og ſierdeilis er hier merkianda/ þad Gud ſeiger/ At Landit Saurgiſt af Mañſlaginu/ z ſlyk Synd fyrergiefſt ecki/ vton ſo ſie ad Mañſlagar eñ ſie af Yferualldinu Lyflatin. Þuiad þa Synd eiga Meñ huorke med ſie nie Peningum ad Kuitta. Og þo ad ſo ſie/ ad Mañſlaged verde ecke med tilſettu rade/ helldur hafi þad ſkied ouiliande/ þa vard þo Mañdrap areñ at flyia/ og hallda ſig i frelſis ſtadnum/ og matte hñ ecki koma aptr til ſyns Arfs edur eignar/ fyrr eñ ſa ædſte Kieñemadur være Daudr. So ſiaum vier/ huerſu aluarliga þat Gud vill lata hallda ſitt fimta Bodord. Þetta ætte Veralldligt Vallo at huxa/ z lata þar fyrer epter ſynu Em-bætte/ onguan Mañſlagara oreffſtan. Þuiad Saklauſt Blod kallar til Gudz/ Og ſie þeſſ ecke hefnt a þeim ſem hañ er ſakadur/ þa hlytur allur Almugen/ ja allt Landed þa Synd ad bera/ og heñar Hefndar ſtraff ad lyda.

XXXVI.

ÞEtta er eiñ ſyñn Lagariettur edur Borgarriettur / ad þær Dætur ſem Erfdagotz og eigner ættu/ mattu ecki giptaſt i framande ættkuyſl/ Vppa þad/ ad þau Landz ſkipte være oraſkanleg ſem Gud hafde ſialfur ſett/ a medal ættkuyſlaña.

Nidurlag og ending hiñar fiordu Moſis Bokar.

So hafe þier nu heyrt þa fiordu Moſis Bok/ huar iñe ad eru marg-hattader agiæter ſetningar/ og merkelig epterdæme/ huer ed med Riettu eiga oſſ vpp ad vekia til Gudhrædſlu/ og ad treyſta og trua vppa Gudz Næd og Myſkunſeme. Gud vñe oſſ ſiñar Nadar/ ad vier merkium þetta oſſ til betrunar og yferbotar Am̄.

Su hin fimta Bok Moſis.

Deutronomiū.

I. Cap.

ÞEſſe

Esse fimta Moses Bok/hefr i Grisku male þad Nafn/ ad hun kallast Deuteronomiũ/ þad vtlegst/Tuiteked/ edur vpp aptur tekid Logmal. Þar fyrer ad Moses i þessare Bok vpp aptur tekur þær allra sierligustu Historiur/og þui næst gioruallt Logmalit/huert hñ hier betur vtskyrer/ og liosligar vtleggur. Sierdeilis þad sem þa fyrre Tobluna ahrærer/ huernen ad Madur skal af ollu Hiarta ottast Gud/og treysta hm̃ og trua a hñ/og epterfylgia hñs Orde og vilia.

J Fyrsta parte þessa Capitula tekur Moses vpp aptur þa Historiu sem stendur Exodi 18. Cap. J huerre einkanlega er merktanda/huernen ad Moses amiñer þa/sem Valldzstiettina hafa / ad þeir skule ecki hafa nockurt Mañgreinᵛ alit/ helldur ad þeir skule heyra þañ Fatæka so sem þañ Ryka/ z hrædast eda ottast onguañ Mañ.Þuiat/þad er Gudz Embætte/ad Dæma. Þar fyrer eiga Meñ truliga og tietteliga þ Embætte ad handtiera/ z hyxa framar vm Gud eñ vm Meñina. Slijka amiñing eiga aller Valldzmeñ ad lata sier sagda vera.

So forum vier fra Horeb.

Hier vm̃ seigist j Þrettanda Cap. hissar fiordu Moses Bokar/ huḟsu ad Folkid trude ecki Gude/ad hañ være med þeim/og munde beriast fyrer þa. Þar fyrer straffade Gud þa/so þeir vrdu at vera fiorutiu aar i Eyde morku/z þar ad Deyia nidz/so einginñ komst i fyrerheitna Lãdid. Vppa þad ad vier lærum/ ad Madur kañ ei meire vanæru ad veita Gude/ z ei fliotara at reita hñ til Reide/helldur eñ so/Ef Madur efar hñs fullting og hñs Matt. Þar fyrer amiñer Moses Folked suo truliga/ og vill þad skule hyxa vm þñ vmlidna tijma/huernen ad Gud hialpadi þm i Egipta lande/ vid Hafid Rauda/ og ad hann hafi leitt og borid sitt Folk sem þa Fader ber Son siñ.Eñ slijk Predikan stodade ei þar/ so sem þad og stodade ecki/ad hñ bañade þeim ad beriast vid þa Amoriter/z þeir fiellu fyre þad sama.

II.

Þetta er ein Historia/huar med ad Moses Repeterar z aptur tekur/ huernen ad Ord Drottins hafe vppfyllst/Ad aller þeir sem efudu Gudz Hialp og fullting/ Þeir Dou i Eydemarkuñe a þeim fioruti͞jger Arum. Einnenn seiger Moses hier fra nockrum Þiodum/ sem vtrymdar hofdu verid af sijnu Lande/eñ adrar Þioder hafe þar nidz sest i stadiñ. Af huiu

 vier

vier lærū/ad huar slijk refsing skiedr/þa er þad Gudz giorningur/ huer ed endeliga plagar ad asina Land z Lyde/þegar eingiñ Gudhrædsla/nie yferbot lifnadarins vill epter fylgia.

Hafid ydur af stad og draged yfer vm Læken et c.

Þetta er ein Historia/huernen ad Gud vppfyller sitt fyrerheit og slo þañ Kong Amoritarum z gaf hñs Land sijnu Folke til eignar. Hier er þ einkanliga merkianda/ad Moses byдur þeim Amoritis Frid/so þr hefdu matt vera skadlauser/hefdu þeir giefid Gydingū fararleyfi vm sitt Land. Eñ Heimurinn verdur/þegar su stund kiemur/Sek og efne ad giefa til sialfs sijns ogiæfu. Þar fyrer skiedr þ opt/ og hender adra s̄ hier hendte Amorita/ad margr hefr matt frid z Ro hafa/z hallda heidre z æru/ Eñ fyrer onytsamligar þrætur/z añañ metnad/þa hafa þeir giort bæde sier z ødrum moñum ofrid/og komed sialfum sier i olucku.

J midurlaginu eru merkiande þau ord s̄ Moses seiger/Þar var eingiñ su Borg sem kuñe ad veria sig fyrer oss/Drottiñ Gud vor hñ gaf þær allar vnder oss. Þuiat huar sem Gud aleggur sijna hialpar Hond/þar er Lucka z Sigursælld. Þar þuert a mote/ef ad Gud burt tekr sijna hialpar Hond/þa hialpar huorke magt/Rijkedæme nie sterk Vigge. Þar fyrer skulu Meñ yfer allt fram (sierdeilis/ef ad Meñ hafa Orrostur) þar a hafa astundan/ad hafa Gudz vinattu/þa ma Madur oskielfdur vera z ohrædдur fyrer allrar Verolldariñar Fiandskap og vallde.

III.

ER ein Historia/i hūre at nyiu frasegist/huernen ad Gud gaf OG Kong af Basan i Jsraels Sona hendur/ Þar sier Madur eñ eitt siñ ad Sigur i Bardøgum er Gudz gafa.

J midurlaginu er eitt sterligt epterdæme/huernen ad Moses sa merkelige og heilage Gudz Madur hefur bedit Gud/At hañ mætte jñkoma i þ fyrerheitna landid. Eñ Gud reidist hm̄/og vill ecki bænheyra hñ. Hier af eigum vier Fyrst ad læra/huersu þung Synd þad vantruen er/ med hūre Moses forsa sig i hia þrætu Vatninu/z styggde Gud þar med. Þar næst lærum vier þ z eiñiñ hier/ad setia vorn vilia til Gudz vilia/ og vera þoliñmoder/þo ad vier bidium vm nockud þad sem vier faum ecki./ Ad slijkt hefur Gud giort Mose og ødrum fleirum Helgum.

IIII.

Hingad

Hingad til hefr Moses vpp aptur fekid nockrar Historiur z frasøgr/ þær vid høfdu borid/ Enn nu tekur hn̄ til so sem einn trur Predikare/ af þui hn̄ sinn andlatz tijma fyrer veit/ ad hn̄ hlytr vid Folked ad skilia/ Þa Predikar hn̄ fyrer þeim/ og amin̄er þa og giører þeim truliga viduorun/ ad þeir skule i fyrstu fastliga blijfa vid Gudz ord/ þar næst epterfylgia þui aluarliga/ z med sijdsta ecki gleyma þeirre Nꝍdarsamligre hialp/ z þm Gudz dasemdar verkum/ helldr kun̄giøra þau z boda þrra Børnum og epterkomendum.

Einkum skyrer hn̄ þar fra/ huersu ad Gud opinberade sig a Sinai fialle/ z lagde sialfr fyrer Folkid sinn Sattmala og sitt Løgmal/ Epter þui enu sama skylldu þeir hallda sig/ z til bidia ei neina an̄arliga Gude/ og ecki giøra neina Mynd epter nockre Skiepnu / haua ad tilbidia/ eda hen̄e ad þiona/ So sem i fyrsta Bodorde liosliga skipad er.

Enn vier skulum merkia / ad Moses fyrer bydur ecki Likneskiur eda Mynder/ Helldr þ ad Men̄ skule tilbidia þau. An̄ars meiga Men̄ hafa Mynder z bijlæte/ til amin̄ing vmlidin̄a hluta/ so s̄ Gydingarner høfdu Eirormin̄/ Vønd Aarons/ Cherubin og an̄ad fleira/ so s̄ vier ein̄in̄ høfū i vorū Kirkin̄ Mynd Christi Pijnu z hn̄s Vpprisu/ z an̄ara hluta/ Ei ad tilbidia þad/ helldr til min̄ingar. Þuilijkt er Riett gott og nytsamligt/ z huørge fyrerbodid i heilagre Ritningu/ Þo ad þr kappsomu Predikar sumer hüier hia mote tale/ þt san̄arlig mynder/ ero so s̄ ein skrift/ hüia þr fafrodu lesa/ z huar af þr meiga betra sig.

Nær þier aled nu Børn og Barnabørn/ og bued j Landinu et c.

Þetta er ein aluarlig viduorun/ Med þui ad Gud hefr fyrer sitt Ord opinberad þeim/ huad þeir skylldu giøra/ og ecki giøra/ þa eiga þr þ hid sama at hallda vandliga/ Elligar mun Gud reka þa burt aptr vr Landinu/ z lata þa þiona Heidnū Møn̄ū. Þo i ødru huggar hn̄ þa/ ad ef þr vilia snuast z giøra yferbot/ þa sie Gud Myskunsamr/ og mune han̄ þa hialpa þeim aptr. Þar fyrer er þtta so s̄ ein̄ Spadomur/ Þuiad þ gieck so til mz Gydingū þ eptr a. Þa Israel framde Surgoda dyrkaner/ þa kom Kongurin̄ af Assyria/ flutte þa i burt/ z foreydde Landid. Þa Kongsrijked Juda giorde et yferbot fyrer slijkr refsingar/ þa giorde Babylons Kongr þeim eins. Þetta eru klarar amin̄ingar z viduorun/ ad vier sklū hafa Gudz ord fyrer Augum/ og briota ecki þar a mote.

 Eink-

Einkanliga helldr ꝛ prijsar Moses hier þtta fyrer hin̄ stærsta Gudz velgiørning/ hún þeir skule medkien̄a/ ꝛ huar fyrer þeir skule Gude þack er giora/ Sem er/ ad Gud vtualde þa sier til eiginfolks/ ꝛ gaf þeim sitt Ord/ og suo Dagsamliga leidde þa og verndade/ Vppa þad ad þeir være slijkum Gude hlydner/ þa munde þeirra børnum vel ganga/ ꝛ fa Lucku og farsælld. Þetta allt eigum vier ad taka oss til Lærdoms/ og betra og bæta oss hier vt af.

V.

HIer vppbyriar Moses at Nyiu/ þa Predikun vt af þm̄ Tiu Gudz Bodordum/ j huerium Gud vottar og syner fyrer sijnu Folke/ huad Men̄ skule giøra / og ogiørt lata vera / vid huern Mann/ Ef Madur vill riettéliga lifa og Saluhølpin̄ verda. Þar heyrer nu fyrst til/ ad Madur lære og kun̄e þesse Bodord riettéliga. Þui næst/ ad Madur bidie Gud vm Naad heilags Anda/ ad hann giefe hm̄ slijkt hiarta þar til/ Suo ad vier mættum/ oppfylla þen̄an̄ Gudz vilia/ og standa i mote Syndonu̅. Þuiat huar ecki er Gudz Ande/ þar framkuæmest ei nockurn tijma slijkr Gudz vilie. Þar a mote høfum vier þetta fyrerheit/ at Gud vilie giefa þm̄ sin̄ Anda/ sem hm̄ þar vm bidia Luc. 11.

VI.

ER ein aminning/ þar mz Moses endar oll þau tiju Bodord/ ꝛ seig'/ ad Men̄ skule so ottast Gud/ og so heyra og Vardveita þesse Tiu bodord ad Men̄ giøre og breyte þar epter. En̄ sierdeilis og einkum amin̄er hm̄/ ad þegar þeir eru komner i þad fyrer heitna land/ og þeir fin̄a þar allz-kyns Blezan̄ og Rijkdom/ ad þeir þa ecki gleyme Verkum Drottins og hans Bodordum/ helldr ad þeir bryne þad fyrer Sonum sijnum/ Þat er/ Tale og ræde med jafnade vm þau/ og hafe þau i ferstu min̄e. Suo ad þr hiellde Gudz hylle/ og Syndgodu ecki/ suo sem þad alment plagar ad ske/ at þegar oss gengr best/ ꝛ vier høfum nægd allra hluta/ þa skiedur þ optast/ ef vier ecke sierdeilis lifum i Gudz otta / þa verdum vier Stollter athugalauser og ohlyduger og gleymum Gude. Þar fyrer vill oss þar stor magt a liggia/ ad ganga i Gudz otta/ og jduglega Gudz ord ad jdka/ og med hond ad hafa.

VII.

HIer er ein einkanliga naudsynlig bifalning/ ad Israels Folk skule

ecki

ecki hafa neina vmgeingne med Heidingiana/helldr eyda þeim ⁊ afma þa med ollu/med ollum þeirra Kirkium/Skurgodum ⁊ bilætum. Vegna þess/at þeir skule ei læra af þeim neina Skurgoda Dyrkan/nie til heñar veniast. Þuiad þad kañ fullsnart ad skie/ad Dioffulliñ felle oss i siñar Snorur ef vier erum hia þeim ogudligu/og vmgaungunst med þeim iafnan.

Slijk amiñnig ⁊ viduorũ er eñ nu a þssum Deige harla naudsynleg/ vppa þad ad meñ burt take/Pauans villur/og hñs onytsamligar Kirkiur ⁊ klaustur/vondar kieñingar ⁊ Bækr/Lygesamlegar hneyxlunar mynd'/ og añad þuilijkt/og lijde þtta ecke/vegna okomeñar hneyxlanar ẽ eptera koma kañ/ef at Meñ lijda slijka villudoms Neista/⁊ burt hreinsa þa ei.

Og nær ed þier heyrid þessa Lögmals setninga.

Þetta er miøg merkelig og huggũarlig Predikun/ huersu Rijkuglig not meñ skule fa og hafa þar af/ef ad Meñ ottast Gud/og epter fylgia hñs Bodordũ ⁊ Orde/Einkum sem er/ ad Gud hñ vill þa giefa Blezan yfer Menn og Fienad/og allt þad sem a Akrenum er skal yferfliotanda vaxa/Hñ vill þa burt taka allañ Siukdom/og giefa Lucku og farfælld i giegn Ouinonum.

Hier skulũ vier vanliga læra og merkia/huadañ allar eymder/Siukdomar/Ofridur/Hallære/Ouedratta/Hungr/olucka i Buskaparlaginu/ og allt añad þuilijkt þad kiemur/Einkum sem er/hier vt af/⁊ hier fyrer/ ad Meñ ottast ecke Gud/sleyta ecki vm hñs Ord/og lifa ecki epter hañs vilia. Þar fyrer ættum vier ad giora Idran ⁊ yferbot/ og forda oss fyrer Syndonum/ Þa mun Gud vera oss Lijknsamur og giefa oss alla goda hlute. Eñ ef vier gierum ecke þad/ þa meigum vier vissulega vita/ad hñ vill margfalldlega oss straffa/epter þui sem hñ hier hotar og ognar.

VIII.

ER ein merkeleg og Naudsynleg amiñing/ad Folked skule hallda Gudz Bodord/og gleyma ecke hñs Verkum og dasemdum þegar þr eru jñ komner i Landed/og þeim vel geingur. Þuiad þetta er ein almeñelig og skadleg freisting/ad þegar vel geingur/þa gleyma meñ Gude/og ollu hans velgiorningum/og verda Metnadarsamer/ Þar fyrer lætur Gud hier a Jordunne/suo marguisligar Harmkuælingar og freistaner koma yfer sijna/So ad hñ fae þeim hallded vid Gudz otta og litelæte/ So sem Moses seiger hier/ad Gud hafi reynt marguisliga sitt Folk i Eydemork

 inne

iñe/ So þeir skylldu ecki gleyma honum/ edr hyxa ad hefdi þeir þetta allt af sialfum sier til.

IX.

Hier amiñer Moses Israels Sonu/ ad þegar þr eru iñkomner i Lãd id/ z hafa vtreckid heidingiana/ Þa skulu þr giefa Gude Dyrdina/ ad hñ hafi slijkt veitt þeim vegna sijns fyrerheitz/ eñ ei þar fyrer ad þr hafe þ verskulldad/ edur være riettlater. Og hier tekur hñ aptr/ og seiger ad nyiu fra/ huersu margfalldliga at þrra Fedur misgiordu a mote Gude i Eyde morkiñe. Vppa þ ad vier lærũ/ ad vier ecki alleinasta verdum Saluholp ner vt af Nad Gudz/ Helldr allt þ stundliga/ sem Gud giefur oss i þessu lijfi/ þ veitist oss af skiærre Nad/ suo ad eingen Madur meige/ ad eilyfu/ hrosa sier fyrer Gude/ vt af siñe eiginligre forþienustu.

X.

ER ein Predikun/ þar iñe Moses seiger fra nockrũ fyrre giørningũ/ og giorer ad sijdustu eina amiñing/ ad med þui Gud tiaer sig so milldañ vid þa/ ad hñ vilie nu giefa þeim landed til eignar/ Þa skule þr þar aptr a mote Gude þiona/ hũ ed einkis añars af þeim krefr eñ þess ad þr ottist hñ/ og honum treyste/ og hañs Ordum epter fylge. Einkum og sierdeilis felur hñ þeim a hendur/ þa framande og Vtlendinga/ ad þr skuli þiona þm/ z allt gott þeim giora/ med þt þr voru sialfer framande og Vtlendingar i Egiptalande.

XI.

ER ein agiætlig amiñing/ huar iñe Moses framtelur þær sierleg ustu Historiur og tilburde sem skied høfdu/ i huertum vier siaum/ Huersu at Gud hefur reidst þm ogudlegu/ eñ vered Milldr z Nædigr þm godu. Þar fyrer amiñer hñ þa hier ad gleyma ecki slijkum epterdæmum/ helldr læra af þm ad ottast Gud/ og hm ad trua og treysta/ og hñs Ordum ad fylgia. Ef þier giorid þat/ seiger hann/ þa mun Gud giefa sijna Blezan rijkugliga yfer ydur. Eñ ef þier giored þ ecke/ þa mun Gud med hungre og hallære/ og med all kyns ogiæfu straffa ydur. Slijka amiñing ættum vier ad rotfesta oss i hiørtum/ z betra og bæta oss/ þa munde Gud ecki so plaga oss med Hungre/ Hallære/ Eymd/ Quedrattu/ Fatækt/ Dyrre tijd/ nie med añarre olucku vor vitia/ so sem nu er skied/ og eñ framar meir mun skie/ ef ad vier so afram forum i vorum Syndũ og ohlydne/ vid Gud.

Cap

XII.

Hier aminner Moses Gydinga næsta alvarlega/ad nær þr ero jnkomner i Landed / þa skulu þr ecki neitt hid minsta epter lata standa/af ollu þui sem Heidingiar haft hafa til þeirra Skurgoda dyrkanar. Alleinasta þess vegna/ad þr fae ecki neina Ordsøk eda tilefne til slijkrar Skurgoda villu. Þessa aminning eigū vier z so at hugleida/ z onguan þn Pauadom ad lijda/sem til nockrar hneyxlingar kan ad verda.

Þui næst bydur Moses/ad huer han vill Gude þionustu veita/med Offre og Fornfæringum/hn skule þad i enguem odrum stad giora/ enn þeim sem Gud sialfur þr til velur. Þuiad Gude kann einge Riettliga ad þiona/ nema þ eins han giore þ epter þui sem Gud hefur boded og skipad/Einkanlega er þad merkianda/ ꝫ hier stendur i niðurlaginu/Þier skulud hallda allt þad eg byd ydur/ad þier giorid þar epter/Þier skulud onguu auka þar vid/ z ecki neitt taka þar fra. Huar epter ef ad Papistar hefde hyxat/þa være nu i Kristninne færre Fals þionustu giorder z Niaguda dyrkaner/en þar eru.

XIII.

Epter þad ad Moses hefur/so sem ein trur Predikare hid Nakuæmlegasta amint sijna/huernen þeir skulu Gud ottast/ og epter hans vilia lifa/þa bydur han nu hier/huernen at hondla skule og handtiera vid þa Predikara sem nockud anad kiena og læra/ad meñ huorke huxe vm teikn nie stormerke/helldur alleina hallde sier vid Gudz ord. Huad sem i mote Gudz orde er/sie þad so mikil Undur og stormerke sem mest verda meiga/ þa skal Madur hallda þ ecki anad en Diofulsins fuik og prette/ z slijker villu Predikarar skulu an allrar vægdar og Nadar liflatast.

Ef ad men hefde þtta Gudz Bodord halldid og vardveitt i Pauadomenum/þa hefde Diofullin ecki so myklu af stad komed/med sijnu rongu lærdome og fals Jarteiknum/i Kristninne/ og eige su Niaguda Dyrkan suo miog rotføst ordin. En med þui Men lietu Kieñingina og Gudz ord nidur falla/ þa var Diofsinum ecke torfuellt þan villudom ad reisa med fals Jarteiknum z stormerkium.

XIIII.

Þan anan/Pridia z Fiorda Paragraphū þarf ei ad lesa.

J þssum Cap. tekur Moses vpp ad nyiu nockra Laga setninga/sem

Gyd

Gydingum voru sierdeilis vpalagder. Eñ einkum talar hañ vm Tiundar giørder/ og adra þa hlute sem Gud hafde skickad og sett Prestunum til vpphelldis og Leuitonum/ þad bydur hñ hier ad þad sie trulega giort og halldid/ og med godum huga/ suo sem hñ sagde hier fyrr/ Vakta þig/ og yfergief ecki Leuitan suo leinge þu lijfer a Iordūne. Þar fyrer skulum vier Læra/ ad þad er Gudz vilie og skipan/ ad huer og eiñ Madur hialpe vt af sijnu þar til/ med godū huga/ ad Gudz ordz og Euangelij Predikarar hafi þeirra biørg og vpphellde.

XV.

Þetta er ein skickan/ ad Gydingar hielldu a Siøunda hueriu are jafnan aftaka og [illegible]na sijnar skullda bækur/ og einskis framar Krefia af sijnum Brædrum. Eñ af þui ad þad var þa ad ottast/ ad þeir munde þui midr lana þeim þurftuga/ þa þad Siøunda ared være i Nand/ Þa aminner Moses þa hier miøg vandlega og Nakuæmlega/ ad þeir skule ecki þar fyrer lata þa Fatæka Naud lijda/ þuiad þar med Syndge þeir/ Eñ ef þeir giefa z hialpa giarna þeim Fatæka/ þa vilie Gud koma mz sijna blezan og giefa Lucku og farsælld i øllum hlutum.

Af þessu skulum vier læra/ at vpplata vora Hønd fyrer þm Fatæku/ z giarnsamliga hialpa þm/ med þui þ er Gude so þægilegt/ z hañ lofar so Rijkuglegre blezan þar a mote.

XVI.

Þesse Cap. hliodar vppa þær sierligustu stærstu Hatijder og Paska Huitasuñu/ og Laufskala hatijd/ a hueriu allt kallkyns skyllde koma til þess stadar sem Tialldbudiñ eda Musterid var. Til eiñrar Miñingar Gudz Dasemdar verka og hñs velgiørninga. Og sierdeiles er hier merkianda/ at hñ bydr Meñ skule glader vera fyrer Drottne a þssum hatijdū/ ad hañ suo Naduglega hefur styrt þeim og stiornad/ og þa leidt/ og þui nest so rijkugliga Blezad. Af slijkre Gudz giæsku skal madur sig gledia/ og allt sitt trunadartraust a hm hafa/ z lata engua ogiæfu nie motgang hryggia sig nie stutla.

XVII.

Hier kiener Moses/ huernen Verallðlig' Valldzmeñ skulu sier hegda/ Einkum so/ Vera rietvijser/ Þiggia ecke Giafur/ Vmbreyta ecke Rettenum. Og einkum skal þad vera þeirra stærsta ahyggia/ ad lijda engua

Skur[illegible]da

Skurgoda dyrkan/ Helldr ef nockur verdur sekur þss glæps/med tueggia edur þriggia Manna vitnisburde/ sa skal deyia. Þuiad þetta er eitt hid sierligasta Valldzmañsins Embætte/ þad honum er af Gude bodid/ Ad hañ aluarliga fasthalldiñ sie a Gudz orde og hñs riettre þionustu/og mz Suerdenu burt taka allar hneyxlaner/þad hm̃ er møgulegt. -

Þegar þu kiemur i Landed et c.

Þetta er ein bifalning/ z skipun vm Kongs kosning/huernen hñ skule hallda sig. Þar er sierdeilis merkianda/ad hier fyrerbydur/ at Kongur skule hafa fiølda Vighesta/nie margar eigiñ Kuiñur/og ecki skule hañ safna Gulle nie Silfre. Þuiad þesser þrijr hluter eru þeir/ huar med ad Storhøfdingiar almeñeliga Syndga og misgiøra. Þuiad fiølde Hesta/ þad er/ stor og mykil magt/giefur tilefne til ranginda/grimdar z dramb seme. Kueña fiølde edur lostagirnd giører Meñ ogudhrædda/ skeytande huørke vm Gud nie vm sijna valldstiett. Samandratt Gullz z Silfurs/ skiedur alldrei fyrer vtan skada/z vtørmun Fatækra vndergiefiña/hûter af agirnd yferherrañs flegner og fiefletter verda. Þar fyrer fyrebydur Moses þetta/ suo sem eiñ hyggiñ og vijs og forsiall stiornare og Lagaset ninga Madur/og seiger ad Menn skule þad ecki giøra. Enn þetta skule Kongur giøra/ Hñ a jafnlega ad lesa Gudz ord/og vt af þui ad læra at ottast Gud. Huer sa Valldzmadur sem þat giører/hñ mun vel gieta sig vardueitt fyrer þessum ádur nefndum þremur løstum.

XVIII.

I fyrstu er hier ein bifalning vm Leuitana/ ad med þui þeir eiga at taka vara vppa Gudz þionustu giørd/þa skipar hañ ad almugen skule/ þeim vpphellde veita. Þui næst varar hñ þa vid Afguda dyrkan/og sier deilis vid Golldrum og Spaførum/og seiger berliga/ad þessar Synder sie þær huers vegna Lond og Lyder hliota ad fira fast/ og eydeleggiast.

I Nidurlagenu er eitt fyrerheit/Ad Gud lofar ad giefa eiñ annann Spamann helldur eñ Mosen/med annañ Lærdom eñ Løgmaled. Þesse Spamadr er vor lufe Lausnare Jesus Christus/med sijnu Euangelio/ Honum eiga meñ ad hlyda/og hñs Ord ad medtaka. So sem S. Petur sialfur þetta vtleggur i Postulañs giørningum j 3. Cap. Huer þad ecki giører/z ødrum Lyga spamøñu hlyda vill/hñs Sal skal afmaad verda.

XIX.

Hier talar Moses eñ aptur vm þat Løgmal Frelsis stadanna þangat sem ad flyia skylldu/ þeir sem outliande prde Mañe ad skada. Huar vt af Veralldleger Valldzmeñ eiga ad læra/ huersu mikid þar liggur, m/, ad einginñ verde Saklaus af Lijfe tekeñ. Og þar þuert a mote/ at þeir ecki i nockurn mata Lijf giefe þeim sem hañ er sakadur. Suo sem Textiñ hier aluarliga seiger/ Þyn Augu skulu ecki hlijfa Mañdraparanum/ helldur skalltu burt taka þad Saklausa Blodid fra Jsrael/ so at þier gange vel.

Huár sem hellst nu ad Mañdrap og adrar Storsynder ecki verda ref star af Yfer valldinu/ þar Kañ ecki vel at vegna/ Helldr fiñast þar allz kyns almeñeligar plaagz. Þuiat so sem Moses hier sijdan epter a seig*/ Slijkar Synder skulu refsast/ so ad hiner adrer sem þad heyra hafe otta/ Og giore ecki vpp þadan slijka hlute.

XX.

EX ein agiætlig amiñing/ huar med Strijdzfolkid j orrustuñe var amint/ at hrædast ecki Ouinena/ Helldz treysta þar a z trua/ at sa Gud/ huer ed þeim hialpad hafde suo kroftugliga af Egipta lande og vr allz kyns naudum/ hñ sie mz þeim/ hñ vilie þeirra vegna beriast j mote þira Ouinum/og hialpa þeim. Slijkt Trunadar traust er ofalluallt og kañ ecki ad bregdast. Eñ þad heyrer og hier til ad hafa rieit Malefne/ þuiad til ranginda vill Gud onguñ hialpa. Eñ þeir Valldzmeñ sem hafa gott Malefne/ þeir meiga vel bruka Suerd/ Byssur/ og Brynnur/ Eñ Tru og traust skal alleinsta vera a Gude og hans Hialp/ þa mun vm sijder Sigurtñ vijs.

Þui næst setur Moses hier nockrar adrár Naudsynlegar og fijnar Skipaner/ sem ad Strijdzfolke vid koma/ huerrar at Kristnu Strijdzmoñu vel være halldande. Eñ (þui verr) hia Kristnu Strijdzfolke er nu huorke æra nie neiñ Gudz otte. Moses fyrerbydur hier ad skiema ouaxtarsom Alldintrie j Ouinalande/ Þui þad er (seiger hñ) Trie eñ ecki Madz/ Eñ Kristner Strijdzmeñ a vorñ Døgu/ skiema Vingarda/ Akra/ aldingarda jafnuel siña vina og Lagsmaña/ og fordiarfa allt þad þeir gieta/ suo ad madz ma ætla/ þeir sie ecke Meñ/ helldur einsamler andskotar/ huernin ma nockur lucka vera hia þuilijkum?

XXI.

ÞEtta er eiñ Lagasetningur/ huernen fara skal/ þegar nockur finst Daudur og j Hel slegiñ a Akre vte/ Þar skulu Prestarner og Allduugs armer

arner koma saman/ og bidia Gud/ad han hefne ecki peirrar Syndar a ollum almuganum/med þui ad sa hinn seke kann ecke ad nast. Hier sieum vier enn huad stor Synd pad er/ad refsa ecki Manndrapid.

Þui næst standa og so adrar skickaner/medal huerra þesse er sierdeilis og einkum merkianda/huernen ad Gud bydur ad Lijflata pau Born sinn eru þuerbrotin og ohlydin sijnum Forelldrum/So adrer hafe otta/z lære ad lifa Gudlega og hlyda Forelldronum.

XXII.

ER einn Lagasetningur/huernen fara skule med fie og gripe pa sem villast fra Manne/og Madur hefur mist. Einkanliga er hier vndranda/ad Gud bydur og skipar/ad huer hann finnur Hreidur Fugl/ og hann lætur Modurena j burt fliuga/ peim Manne heiter Gud lucku og laungum lijfdogum. Þuiad pad er Gudz vilie/at vier sieum z einninn Myskunsamer vid pær skynlausu skiepnur/Og honum lijkar jlla/ef vier erum grimmer vid pær og omyskunsamer/po pat sie ecki nema einn Smafugl. Enn af þssare Gudlegre skipan meigum vier læra/ef ad Gud hefur pocknan a pui/at madr fer vel z miuklega med pau skynlausu Smadyr/huersu myklu meire pocknan mun hann pa hafa a pui/z launa pad mz rijkuglegre Blezan/ef einn Madur er odrum Lijknsomur og godgiarn.

Hier bydur og Moses ad Gryta j hel og Lijflata Nordoms Menn og Jomfrukreinkiara. So ad vier skulum læra ad vita/ huad stor Synd þ huerutueggia er/ po ad veralldligt Valld straffe pad ecki/ suo sem porf være, Og vijsulega er pat oefad/ad þss vegna/ad slijkar Synder eru ecki straffadar/pa koma par fyrer yfer oss dagliga marguijsligar plagur og straffaner af Gude.

XXIII.

Hier talar vm marhattud Malaferle/a medal huorra sierdeilis og einkum er merkianda/ad Moses bydr/ad pegar menn skulu fara i Orrostu mote peirra Ovinum/pa skule huer Madur vakta sig fyrer jllu. Þuiad med pui/ad menn purfa Gudz Nadar z hialpar vid til Sigursins/pa sklu Menn ecki saurga sig med Syndum og Misgiorningum/ og giefa Gude ecki tilefne til hefndar og straffs. Suo s Menn sia huernen Kristnu stridz Folke geingur (pui verr) pa þ skal beriast vid Tyrkiann/pa drygia peir Saurlifnad/Gudlastan/ og allar adrar ohæyrelegar Synder/par fyrer er par eingenn Lucka med peim.

Par

Þar næst bydur Moses/ad einginn Gydinga skule Okra eda Vtrænа nockurn. Myklu sidur ætte huer Kristin Madur þad audrum at giora/ Þuiad vier erum aller ordner huer annars Brodur fyrer Christum/ Og huer z einn er skylldugur/ vegna Kristeligs Kærleika og ecki vegna sijns eiginligs gagns/ødrum ad þióna z giarna ad hialpa/ so sem aller Krist ner menn giora. Enn þeir sem þad giora ecke/ þeir eru ecki Kristner/þo þr hafe þad Nafn/ Þar fyrer fara þeir Diefle j Vallд og j Heluitiskann Elld.

XXIIII.

Er ein skickan vm skilnadar Brief/ huar vm Christus liosliga talar/ Matth. 19. ad Moses hafe leyft Gydingum þad/ Ei ad þad være riett/ helldur af þui/ad þeir voru eitt hardsuijrad og olidanligt Folk.

Þar næst skipar hann/huernen lææa skal/og med Panten fara/ Ad þeir Fatæku fae hialp þar af/og verde ecki meir þyngder. Og einkanliga þa bydur hann/ ad Madr skal ei hallda Pante hins Fatæka/vm nott i sijnu Huse/huern hinn Fatæke ma ecki an skada missa. Þennann lærdom z adrar þuilijkar kienningar/sem hier eru framsettar skulum vier og so hugleida/ og hallda oss og breyta þar epter/ Þa være minna vm otruleika/Agirne/ Fiedratt og flatskap/enn er/ Enn af þui þad ecki skiedur/þa siaum vier og finnum þad ein Olucka kiemur epter þa adra.

XXV.

Hier er fyrst ein skickan/huersu at þeir sem misgiordu/enn voru þo ei Dauda seker/þeir skylldu med slegum strafast z þa refsing lijda. Þuiad Synd skal alldrei ohegnd vera.

Þar næst fylgia hiner og adrer fleire Lagasetningar. Og einkum er hier merkianda/huersu ad hann hootar/ ad Gud vilie straffa þa sem hafa Rangar Voger/Mæler og Alner. Enn huer hann hefr rietta Vigt/z giefr fullast Mæler/þeim mune Gud Blezan giefa. Slijkar grein' ættu Kaupmenn og Kramarar/skrifa og Mala a sijnar Voger og Mæleask a/z þr epter ad breyta. Enn su leida agirnd lijdur þ ei/ hun byrger a þeim Eyru og Augu/suo ad þeir skeyta hier ei vm/Þar fyrer skiedur opt/ad þr lijda storann skada/stundum a gotzinu/ stundum a Lijkamanum/vegna slijkra Synda/og munu ad sijdustu lijda Heluitiskan Elld/ ef ad þr ecki jdrast/ So sem S. Pall seiger/Agiarner munu ecki erfa Gudz Ryke.

XXVI

Þetta

ÞEtta er skickan vm fyrsta greda Auoxtarins/og vm Tiunndar giorder/þar jñe vier siaum/Nuad opt og osialldan Gud hñ bydur/at med taka sijna Blezan med þackargiørd/ og hennar retteliga neyta / Fyrst ad Leuitonum/þad er/Gudz ordz Þienorum veitist þrra vpphellde / Þui næst at Fatækar Eckiur/Fodurlaus børn z Vilendīgr hafi þr hialp af.

Nuer ed til slyks hagar synum audæfum/ hñ ma hugga sig hier vid/ so sem Gydingar bidia hier/ ad Gud skule þa alsijta z millelıga Bleza/ bæde þa og so Landit.Enn hia þeim agiernu/sem eckı añast naudþurft þeirra Fataku/ þar er huørke von a heill nie Namingiu.

XXVII.

Nier skipar/huernen ad Leuitarn skulu opinberliga Bølua ølluz þm sem ad briota i mote Løgmale Drottins/ z ad allur almugen skle standa þar hia/Og seigia Amen.J þssare bøluā nefnast einkum ohlydiñ børn/ sem ad blota sijnum Forelldrum. So og Veralldliger Valldzmeñ sem ad ei hialpa þeim Framonda/Eckiuñe z þeim Fodurlausa til riettar/helldr giora þm rangt til.Og einkum er hier merkianda/ ad slykar Bøluaner heyra hellst þeim Syndū til/sem einfalldliga skie i mote Gude/z samuisk uñe/Edur so sem Meñ seigia/J mote Natturuñar Løgmale.

XXVIII.

Þetta er ein Malsending. Þutad med þui/ad Moses hefur nu vpp- aptr tekid z vilagt þar sterligastu grein/ huad Gydingar skylldu giora og ei giora/ nær þeir villdu Gude þocknast og rietteliga lifa.Þa giorer nu Moses enda a siñe radu/og seiger fyrst/huernen Gud hñ mune giefa þeim sijna Blezan/og rykuglega launa/slyka hlydne hñs Bodorda/med alls kyns Nadarsamligum gafū og velgiorningum. Nuar af vier skulū læra/ad huer hñ gimist luckı og velferd ad hafa/so skal lifa epter Gudz orde og hans vilia. So sem Christur seiger Matth. 6.Leitid fyrst Gudz Rykis og hñs Riettlætis/þa mun þad allt añad veitast ydur.

Ef þu hlyder ecki Raustiñe Drottins Gudz þijns.

Þetta er añar Partur og Grein/sagdrar Predikanar/huar med hañ amiñer þa/ad vakta sig fyrer Syndunū/Af þui/ad Gud ylite þær stra- ffa/mz allra handa Plagum.Nier vt af meigum vier þad læra/huer at sie sok og tilefne/huar fyrer ad Stryd/Drepsotter/Krankdomar/Hungr Dyrtyd/og allar adrar Syndr/eru so myklar i Verolldiñe/Emlū þitta

ad vorar eiginligar Synder vallda þessu. Þar fyrer ætlū vier ad lata af Syndonum/ þa munde og so þessum Plagum af oss lett verda.

Utā so sie at þu hallder og giörer epter öllū þiñ ord.

Þetta er ein klarliga lioslig amiñing/ huar af at slijkar grimdar plagur/ skulu yferkoma/ Einkum þar fyrer/ad Menn hlyda ecki Raustinne Drottins/ og giora ecke/ huad Gud i sijnu Logmale bodid og skipad hefr. Og einkañliga er hier merkianda/ at Gud lætur sier ei nægia Likamliga refsing z straff/ Helldr hotar hñ þeirre stærstu andligre plagu/ s verda/ ma/ at Meñ mune þiona añarligum Skurgodum/ Stockum z Steinū/ med vondre z hræddre samuisku/ fyrst Meñ villdu ecki þeim sañа Gude þiona/ og hñs Orde fylgia med eiñre godre samuisku.

XXIX.

ER endurnyian Sattmalans/ Med þui þeir Gydingar hafa sied øll Gudz stormerke i Egipta Lande/ z sialfer Reynt huernen Gud hefur varduеitt þa i Eydemørkiñe/ giefed þeim Sigur a Heidingium/ z jñ sett þa i þ fyrerheitna Land/ Þa endur nyiar hñ nu vid þa Sattmalan/ Og bydr þm/ ad þr skule ei hafa neina adra Gude/ helldr geyma z varduеita Gudz Bodord/ elligar mune øll olucka og ogiæfa yfer þa koma. slijkt skal og vera oss ein amiñing/ so ad vier vøktum oss fyrer Syndonum/ og lifū epter Gudz ordum/ elligar vill eins bøluan koma yfer oss.

XXX

ER eitt huggunarsamligt fyrerheit/ huersu ad Gud lofar ad hñ vilie til Nadar aptur taka sitt Folk/ nær ed þat kiemur til sialfs sijns/ z lætur sier leidar vera sijnar misgiorder/ og girnist ad betra og bæta sig. Slijkt fyrerheit heyrer einkum til þui nyia Testamtinu. Þo þat Folk yrde margfalldliga straffad þeirra Synda vegna/ Þa mun Gud þo samt senda Christum/ og fyrer Helgan Anda Umskiera þeirra Hiortu/ z giora þa riettlata og froma.

Þar fyrer amiñer hñ þa i nidrlaginu/ Ad mz þui hñ hafe huertuegg ia lagt fyrer þa/ Þad hid goda/ ad þeir skule þui epter fylgia/ elska Gud/ hallda hñs Ord/ Og þad hid vonda/ hueriu ad fylger eilijf Bøluan og fyrerdæming/ Þa skule þeir nu vtuelia þad goda/ eñ fordast hid vonda.

XXXI.

Þetta er miøg agiætligt epterdæme/ huernen at Moses huggar fyrst

Folked/

Folked / þui næst sin þienara Josua/ sem koma skyllde i hans stad/ Ad huorertueggiu feite Tru og traust vppa Gud/ og ottist ecke nie hrædist þetta Duine.

Þuiad huir hn hefur Gud i fylge med sier/ hann þarf ecki at hrædast/ þo hn sie staddur mitt i Daudanum. Þar þuert a mote/ huar ed Gud er ecke med/ og nær ed hn burt tekur sijna Hialpar hond/ þa kan huorke ad hialpa gotz nie audæfe/ valld nie makt. Þessa huggan ætte Verralldligt yferualld ad hafa Hiartgrona/ og med jdugligre Bæn Gud vm hialp og fullting ad bidia.

Og Drottinn sagde til Mosen/ Sia/ þinn Andlatz tijme er nalægur et c.

Hier er eitt agiætt epterdæme/ huersu ad Gud giarnsamliga vill allt Syndarinnar tilefne i burt taka/ og ad aller verde Saluholpner. Enn mannleg Nattura stendur hier a mote/ Þar fyrer geingur þar suo til/ suo sem Drottinn seiger hier/ Nær vier erum fuller z metter/ þa gleymum vier jafnsnart Gude og hns Orde/ Þar fyrer verdur Gud at straffa ossz med morgum vissligum plægum/ suo vier sieum ecki nie verdum athugalauser/ og føllum i Synder og misgiorder.

Fyrer þessa sømu grein/ buad hn hier ædur fyrre/ ad þessa Bok skyllde lesa fyrer øllu Folkenu/ z Syngia þennan Lofsøng sem hier epterfylger. Þuiat ef at Gudz ord helldur ossz ecki vid/ þa er ei møguligt at vier annad getum/ enn ad vera/ athugalauser/ Ogudhrædder/ nær ed ossz geingur vel/ og þegar vier høfum onguan motgang.

XXXII.

Þetta er einn Dictur eda Lofsongur/ J huerium Moses kiener Folkenu/ ad jata/ Prisa og vidurkenna huersu Myskunsamur Gud hann hefur þeim verid/ z hullijka hialp z velgiørninga/ hn hafi veitt z audsynt þeim/ at hn tok þa at sier til eins eiginligs Folks/ leidde þa af Egiptalande/ gaf þeim Logmaled/ og vm sijder flutte þa jnn i þad fyrerheitna Land. Þar fyrer minner hann þa a þad fyrsta Bodord/ ad þeir vegsame slijkan Gud treysta vppa hns hialp og hiastod/ og þione ønguum annarligum Gudum. Enn hn Spaer fyrer/ ad þar mune koma/ þeir mune ecke hallda tru/ nie blijfa vid þessa kienning. Helldur þegar þeir eru Metter fuller og Feiter ordner/ þa mune þeir Gud yfergiefa enn þiona Skurgodum. Hier af skulum

vier

vier læra/ad vera alldrei meir Bænrækn'/z alldrei meir hrædder vm oss/ en þa þegar oss allt vel geingur og vegnar.

Og þegar Drottiñ sa þad vard hann Reidur et c.

Hier stendur/huernin ad Boas tekur sier til eigin̄ Kuin̄u þa Fatæku Ruth sijna Magkonu. Og þessum godum Gudhræddum Hionum giefur Gud ein̄ Son/huer ed var Langafe Dauids. Hier vt af lærū vier/hu̇su Gud hn̄ elskar heidur og æru/ og blezar þa sem þau hafa/ Þar þuert a mote hafa Ogudhrædd' men̄ z Saurlijfes Folk huorki Luckuu nie blezā/ Edur/ef þeim þad veitist/þa verdur þad þeim til giallda z meire skada.

Sum̄

Sum̃aria Yfer þa fyrstu Bok
Samuelis.

I. Cap.

HEtta er ein Historia/ Huernen at ſu Gudhrædda Kuiña Aña bidur Gud vm eiñ Son/ og Gud veiter heñe heñar bæn. Huar af vier ſkulum fyrſt læra/ ad Barneignen er ein gæfa Gudz/ ſo ſem ſa 127. Pſal. kiener. Þui næſt/ ad Gud vilie þui helldr børnen giefa Hionenum/ ef ad þau huxa at ala þau vpp til Gudz Dyrdar/ z moñum til gagns og goda/ ſo ſem ad hin heilaga Aña hier huxar og þeincker ad giora. Þeſsu aformę hiñar heilogu Qvñu ættu allar Madr epter at fylgia/ og hallda ſijnum bornum til otta Drottins og allrar ſidſiñdar.

II.

ER eiñ Lofgiørdar Pſalmur/ i hueriū Aña ſu heilaga Kuiña lofar og Prijſar Gud/ ad hñ ſie alleina ſa ſañe Gud og DROTTINN/ ſa ed alla hlute kañ af giora epter ſijnū Guddomliga vilia/ Þar fyrer amiñer hun/ ad Meñ ſkule ſlijkum Gude trua og treyſta/ hñ eiñ ottaſt/ og hñs hialpar og fulltings alleina leita/ og þeſs med Poliñmæde ad vænta. Eñ hiner ſem þad ecki giora/ Helldur ſetia þeirra von vppa godz og audæfi/ makt og metord/ epter Veralldariñar plagſid/ þeir ſomu hliota tilgruñs ad ganga.

J Nidurlaginu miñiſt hun þar a/ ad Gud hñ mune Dæma Verølldina/ Þad er/ Hñ mun lata Euangelium Predikaſt vt vm allan Heimiñ/ Og ſinū Smurda/ þ er/ vorū Herra Jeſu Chriſto/ mũe hñ magt z valld giefa yfer alla hlute. Þeſſum lofgiørdar Pſalme ſamhliodar lofſongur þeirrar Heilogu Jomfru Mariu/ og er i badum þeim eins meining/ og hart nær eins orda atkuæde.

Eñ Syner Eli voru Skalkar etc.

Þetta er ein fraſaga af ofyrerlatſeme z vondum girndum Sona Eli ædſta Kieñemans/ huad Gud ſuo hardlega ſtraffar/ ad þeir tueir Syner Eli falla bader a einum Deige/ þar med hotar Gud og ſuo eiñiñ at allt þeirra afkuæme ſkule ſlijkra Synda gialda/ ſo ad eingeñ af hñs epterkomendum ſkule koma til fulls Alldurs/ helldur Deyia þa þegar ſtrax

þeir

þeir eru til Mañs komner. Hier vt af lære aller forelldrar þad/at vppala þrra Børn i Gudz otta/og leyfa þeim ecke neiñ piltskap nie oblutuende/mz þui ad so hørd z hrædelig refsing skal koma yfer þa sem børnunum eru epterlater.

III.

ER ein Historia/huernen ad Gud opiñberast fyrer Samuel/z hotar eñ nu Eli Kieñemañe i añat siñ/ad hñ vilie hñs Sona Synd' straffa/ Og hñ Fadereñ sialfur skule og so eiñin straffadur verda/af þui/ ad hñ vijsse af skiemmiligre breytne Sena siña/eñ hñ yglde sig ecki a þa/einusiñe. Ad slijku skulu aller Forelldrar vel giæta. Eli auñtar Sonu sijna so sem hier stendur i fyrerfaranda Capitulo/Eñ Gud tekz þat ecki fyrer fullt/ þo at madur straffe med lausum ordum/Helldur vill hñ at þar sie aluara med/og ad Meñ hardliga refse Børnuñum fyrer Synd og vondskap/og lijde þeim hñ ecke i nockurn mata. Þetta giørde Eli ecke/hañ talade vid þa eitt ord eda tuo/ og liet so vera/ og hafde þar ecki meire aluøru vid/ liet sier ofuænt vm þa þikta/Huad hid sama Oriett var/og þui vrdu þr huerutueggiu/bæde Fadereñ og Synerner straffader.

IIII.

ER ein Historia/i huerre Meñ sia/huersu þungliga og grimliga Gud hñ straffar vm sijder Syndina. Hier a dur fyrr seigist so/ad Menn hafi lastad Drottins matoffur. Jtm. Huersu ad Gudz ord var faheyrt/ og litlat opinberaner hafi Ordid. Þær Synder sem hier vt af komu/ straffade Gud so/ Ad Philistei slou i hel 34. þusunder Mañs/og hertoku Satmals Orkina/ þeir tueir Ogudliger Syner Eli fiellu einneñ. Þeirra Fader Eli þa hñ friette þesse tijdinde/vard hñ so felmsfuller/ad hñ fiell a bak aptur/og brotnade j Halslidonum. Slijkt er eki añad enn Synda straff. Einkum er hier merkianda/ ad med þui Jsraels Syner giørdu ongua jdoran nie yferbot/ þa hialpade þeim þad alls eckert þott þeir hefdu Sattmals Orkina med sier. Med sama hætte hialpar oss þ ecke þat i mote Tyrkianum/þo at vier køllunst Kristner/z hofum Gudz ord og Sacrañten/Af þui at vier lifum jdranarlauser/og latum ecki af voru Ogudlegu athæfe.

V.

ER ein føgurleg Historia/huernin ad þm Philistels luckadist þetta/

þ ad

libri ... educandi, in timore DEI, nec permittat ... ulla nequicia

Parentes castigent ... liberos

ad þeir hofdu herleckid Sattmals Ørkina/ Einkum so/ at Gud plagadi þa so med drepsottum og dauda/ ad þeir vrdu glader vid/ þeir komu henne fra sier. Þesse Historia hlyder vel vppa þa Villumenn og Kiettara/ huꝛ ed Gudz ord taka fra þeim Kristnu/ og misbruka þad / þeim til eiginlig rar lofdyrdar/ vegna þrra Buks og Maga. Enn vm siider straffar Gud þa med leyndar plagum (þad er) med vondre Samvitsku og Oruilnan/ slijk hliota þeirra laun ad vera.

VI.

ER eitt agiætlegt epterdæme/ huersu ad Plaagune liette ecki af þeim Philisteis fyrr enn þeir geingu vnder eina opinberlega jatning/ fyrer eitt Skulldoffur/ Jatande sig ranglega giort hafa / og i møte Israels Gude Syndgad hafa. Þuiad skule norckre plagu z straffi linna/ þa er þad hid fyrsta til/ ad jata og vidurkienna Syndina/ og lata af henne.

Enn þad/ ad i Bethsemes falla af plagu/ fimtiger Þusund Manns z LXX. betur/ þar fyrer ad þr litu Ørk Drottins. Slijkt er ecki fyrꝛ þa eina skulld skied/ ad þeir litu Ørkina/ Helldr hafa þesser Heidingiar haft gleide þar af/ og hugsad suo/ Huad vanmattugur er þesse Gydinga Gud/ huer ed huorke hialpar sier nie sijnum? Vier hofum nu hinn mesta part þrra Gudz þionustu z Helgedom feingid/ Være þrra Ceremoniꝛ riettꝛ/ og dygde þrra Gud nockud/ þa hefdu þr sigrad oss/ Enn hier stann vier ad Gud og Folked er huort odru lijkt. Slijkt Metnadar dramblæte hafa þeir haft med hæde og spotte Gudz/ So ꝫ Diofulltun kann vel ad framkuæma. Hier lætur Gudz Reidi sig merkia/ suo ad i einu falla til Dauds af þeim Fimmtige Þusunder og Siotigu menn betur/ hiner adrer lata af ad hæda Gud/ z vita ecki fyrer Angist huad þeir skule af sier giora. Hier af skulum vier læra/ at handtiera og hondla med Gudz ord z heilagar Ceremoniur ei med galeyse gamne nie kieskne/ helldur med Gudhrædslu/ og hafa þad j ollum Heidre.

VII.

ER ein fogurlig Historia/ huersu ad Samuel/ suo sem eitt agiætur sannꝛ Predikare/ aminner i fyrstu Folkid/ þ vndꝛ Gudz Reidi vꝛ z straffe/ til jdranar yferbotar/ ad þeir late af Syndonum/ leggi fra sier alla Skur goda dyrkann/ snue sijnu hiarta til Drottins/ z þione honum alleina. Þui næst vppbyriar hann at nyiu þa sokum Gudz þionustugiord/ og giorer Ban fyrer Folkinu.

Huar

Huar slijk Idranar yferbot er/hrein lærdomur/ z sõñ Gudz þienustu giord/ Þar vill Gud vera Myskunsamur/og letta af sijnu refsingar Hrijse/so sem hñ hier hialpar Israels Sonum. Og hier ma einkum sia z merkia/ huad stor magt a þui liggur/ ad hafa eiñ riettañ Kienefodur sa Gudz ord trulega z rietteliga Predikar/z Folked til þss hins sama amiñ er og vpphuetur/Þar fyrer skulu meñ Froma lærda Gudz ordz þienara i heidre hafa/og hallda þa ǫllum Dyrgripum ædre.

Probos Pastores magnifaciamus

Hier stendur i Textanũ/ Ad Israels Syner hafe Vatn aused z þui vthellt fyrer Drottne/ Þetta vtleggia sumer so / ad þr hafi Tæravatne. vthellt/z Græted fyrer Drottne vegna siña Synda mz huerium þr forskulldad hǫfdu slijkt refsingar Hrijs. Eñ af þui ad Textiñ talar hier og so vm Fostu/þa meiga þesse ord med Riettu Vatne vnderstandast/huar med þeir þueiged og hreinsad hafa sijn Klæde/epter venu Lǫgmalsins. Eñ þtta er hier merkeligt/ad þegar Philistei falla jñ i Landed/og huer Madur er skielfdur og hræddur/þa hleypur Folked til Samuel/og seiger Lat ecki af ad bidia fyrer oss til Drottins Gudz vors/ad hñ hialpe oss/af hǫnduñ þrra Philisteis. Slijkt trunadar traust vppa Gudz Nadar hialp og fullting/hrærer Gud/suo ad hañ lætur grimdar Vedur Skruggur og Reidarþrumar falla yfer þa Philisteis/so þeir flyia og falla. Þar fyrer skulum vier og so læra/ad bidia og akalla Gud i ǫllum vorum naudum z Naudsynium.

VIII.

ER i fyrstu eitt epterdæme/huersu ad sa Heilage og frome Samuel/ a ogudlega z ohlydna Sonu. Hier siañ vier/stundum hafa Sañheilager Meñ ordid ad bera þañ Kross z motgang. Þar fyrer stodar ei alleinasta þad/ ad vpptykta vandliga Bǫrnen/ helldur alluarligt bæna akall til Gudz/ad hñ vilie god Bǫrn giefa.

Þui næst er hier ein Historia/ huersu ad Gydingar girntust ad hafa Kong/so ad þeir være eins og allar adrar Þioder. Þetta vottar Gud sier til vanæru giort vera/ Þuiad þeir attu ad hafa meira Traust a lifanda Gude a Himnum/eñ a einum Daudligum Konge. Eñ hier seigr Heilog Ritning huernen þeir vndergiefnu eru plictuger til ad þiona sijnu Yferuallde/af ǫllum mætte/med Lijf og gotz/suo ad fridur og god Stiorn vid magt halldist. Eñ þo skal þesse stiorn ecki vera neitt Trañ nie Vijkingskapur/ad þia og þuinga þa vndergiefnu/med ofmyklu Skattgiallde z

odrum þyngslū. Þuiad þad Drottiñ seiger hier/ Ydar Dætur munu hñ taka/ Akra/ Vidsmior og Vingarda/ og tiund af ydar kornsæde og Vingordū. Med þessum ordum giefur hñ yferualldinu ecki lof nie leyfe/ ad taka fra þeim vndergiefnu huad þa lyster/ Helldr vill hñ hier mz aunsa/ ad slykra þyngsla hefdu Gydingar matt an vera/ ef ad þeir hefdu lated sier Gudz vernd og hialp nægia/ og onguan girnst yfer sier ad hafa. Eñ huar Kongur er/ þa hlytur huer og eiñ af synu til ad styrkia og leggia/ ad Valldstietteñ vid magt hallldist. Eñ þo skl vegna Kongs eda yfirvallo stiettarinar Riettuisiñ ecki burt takast/ suo ei verde af Konge og Valldz mañe eiñ Vikingur edur grimur Tyranne. Eiñ Kongur og godur yfer valldz madur hñ lætur þa vndergiefnu hallda synu/ z hefr af þeim huad mogulegt er/ z þeim lydanligt/ Eñ grimer Valldzmeñ taka allt/ z hafa sem Malshæfturiñ seigr/ Nuud med hære. Slykt þocknast ecki Gudi/ z þuilykt straffar hann grimliga/ med vppsteyter og odrum hætte/ suo sem dæme eru til.

IX.

ER ein Historia / med hueriu mote ad Saul kiemur til Samuel Spamans/ Og einkū er hier tuo agiætleg fyn epterdæme. Þat hid fyrra Þegar nockr kiemr til einhuers Embættis/ þa er su best kallañ/ ad Madr er oforuarandis og ad sier Outtanda þar til kalladur/ eñ þreynge sier ecki þar til/ So sem hier skiedur Saul/ hñ verdur hier til Kongs smurdur/ þa hañ leitar ad Osnum synum/ og hugade huorke vm Kongs tign nie neitt añad þuilykt.

Saul sagde til syns Þienara.

Þad añad epterdæme er þtta/ Ad Saul vill ei koma fyrer Spamañiñ/ nema hñ hafe nockud ad giefa honū. Þuiad slykt er sierlegur Gudz vilie/ ad Meñ þa j heidre hafe/ og þeim þacklater sie/ sem setter eru yfer adra Meñ/ i Gudz orde og andlegu Embætte/ og þar jse þiona/ suo sem S. Pall liosliga amiñer/ Gal. 6. Huer hñ verdur mz Ordinu leidriettur/ hañ skipte med þeim ollu godu sem hañ leidrietter. Og 1. Cor. 9. Ef vier nidursaum þad andlega/ er þad þa suo mikels vert/ þott vier vppskierum ydart Lykamlegt? Jtm. So hefur Drottiñ bodid/ ad þr sem Euangeliū boda/ þr skulu af Euangelio sitt vpphelldt hafa. Þar fyrer er þad ein stor Synd. Eñ þo helldst til miog almeñeliga a þssum tymū/ tidkud/ ad lata Gudz ordz þienara ei hafa sitt vpphellde.

J þess

J þessum Capit. verdur Predikunar og Gudz ordz Embætte næsta miøg prydt og heidrad/ þa ed Textin̄ seiger/ Ad i fyrre Tijdum i Jsrael/ þa ed Men̄ leitudu Rꜳdz til Gudz/ þa sogdu þeir/ Komed/ gaungū vier til Siaandans eda Prophetans/ Þviad huad hellst þeir heyrdu af Prophetanum edr Predikaranum/ þad hielldu þr/ so sem hefde Gud sialfr af Himnum ofan þ talad. So vill og Christus/ at Men̄ skule hlyda sijnum Predikørum/ þar hn̄ seiger/ Huer ydur heyrer sa heyrer mier. Ydur seiger hn̄/ Þad er/ þier s mijn Ord framberid fyrer Men̄ina/ og i mijnu Nafne bodid jdran og fyrergiefning Syndan̄a. En̄ ei(seiger hn̄) Pauan̄ z hn̄s Byskupa/ þeir ed lasta og offꜳkia Euangelium.

X.

EK ein Historia/ hủsu ad Saul vr til Kongs Smurdr af Samuele. Enn vppa þad ad Saul skule trua slijkre Kallan̄ þess helldur/ þa seiger Spamadurin̄ honū fyrer nockra Oordna hlute/ til teikns og merkis/ suo at hn̄ skule þar af læra vissuliga ad trua/ ad Gudz ord kune ei bregdast.

Þar næst er og þetta merkianda/ ad ꜳdur en̄ þad Gud setur Saul til Valldstiornar/ þa giefur hn̄ hm̄ sin̄ heilaga Anda/ so ad hn̄ verdur allur annar Madur. Þviad ad vera Valldstiornar Mádur/ sa lucku skal hafa/ og alla hlute farsælliga vt rietta/ þar heyrer ein sierlig Gudz blezan til/ Og þar liggur einkanliga ein stor makt a/ ad hn̄ sie Gudhrædur/ z hafi Heilagan̄ Anda/ huer honum styre og stiorne. Malaferle og høndlaner eru margar og ymisligar/ En̄ vier Man̄eskiur veykar og hrædar/ so ad þad er ecki mogulegt ad ein̄ Valldzmadr kune alla tijma riett ad giøra/ og øll Malaferle vel ad vtrietta/ epter riettu mundangs hofe. Þar fyrer vill stor magt þar a liggia/ ad Valldzmadurinn bidie Gud ad giefa sier Helgan anda/ og einkum ad han̄ life i Otta Drottins.

Epter þetta liet Samuel kalla Folkid et c.

Þetta er fagurt epterdæme. Þo suo være/ ad Gud hefde nogliga opinberad fyrer Samuel/ ad han̄ villde þad Saul skyllde Kongur verda/ þa lætur þo Samuel slijka Kongs kosning verda med tilheyrelegū hætte opinberliga/ so ad eingin̄ skle þurfa ad aklaga vm þa kosning/ z ad Saul giæte opinberliga beuijsad sijna Kallan.

En̄ þad/ ad Saul fer i felur/ þa hn̄ skal kiosast/ þad er ein auijsan/ ad hn̄ hefr verid hrædur slijka Valldstiett vppa sig ad taka/ vegna þrar haskasemdar erfidis og þyngsla/ sem slijku embætte fylgia/ suo sem þad er

og i Saſtleika/ Og hañ ſialfur verdur þar var vid ſtrax i vpphafe ſijns Valldz/ pad nockrer fyrerlijta hañ. Eñ eiñ vijs og forſiall Valldzmadur hlytur margt vm Eyrun fara lata/ einkum i vpphafe ſijns Valldz/ enn taka þo ecki ad ſijdur vara a ſijnu kalle og Embætte/ med þeſſum hætte/ er hægaſt ad byrgia vondra mañа Muña. Þar þuert a mote/ huer hann vill ſla og beria alla hunda/ þa ſem ad honum geyia/ ſa giører ſier ſialfū meſt ontak/ ꝫ mun ſialldañ frid hafa. Meñ ſklu lata þa geyia ꝫ giellta/ eñ taka ſem beſt vara a ſijnu kalle og Embætte/ þa lata þeir af ſialfer/ So ſkiede hier Saul Kong.

XI.

ER ein Hiſtoria/ i huerre ſia ma/ huernen þeſſum nyia Konge Saul hefur geingid i vpphafe ſijns Rijkis/ ad hñ var fyrerlitiñ og ſpottadur af fleſtum. So ſkiedur þad optaſt/ Huad Gud vppbyriar ꝫ ſkickar/ þad kañ ecki i fyrſtu aſtrijdulauſt ad blijfa/ Helldur er þad hallded veykt og fyrer litligt/ Eñ vm ſijder ſia Meñ/ ad þar er lucka og Hamingia med. Suo geck þad hier Saul/ Nu ſamañſafnar Folkinu hier mz Konglegre Reide/ og Sigrar Ouinina/ og verdur ſo ad nyiu til Kongs tekiñ/ og til Rijkis ſtadfeſtur. Eñ hiner adrer ſem hñ høfdu forſmad ꝫ jlla vm hñ talad/ þr hliota ſiñe Þijpu i ſeck ad ſtinga.

Eñ merk hier vandliga pad Textinn ſeiger/ Gudz ande ſtyrktiſt yfer Saul/ og hñ vard miøg reidur/ Þuiat ſlijkt er verk og giøf Heilags anda/ þegar veralldlegt yfer valld tekur ſier aluarliga fyrer ad hialpa þm̄ vnd ergiefnu/ og reffſa vondum Skalkum. Þar fyrer ſkal huer madur þacka Gude/ þa hñ giefur ſlijka valldſtiornar meñ/ ꝫ bidia Gud hñ giefe þeim Lucku og langa lijfdaga/ og varduelte þa fra jllu

XII.

ER eitt agiætt og merkeligt dæme/ af Spamañenum Samuel/ huar ed ſia ma huernen einum rettum Predikara ꝫ Gudz ordz þienara ber ꝫ hæfer ad haga ſier/ eckirt giørande vegna auiñings/ Peninga/ og eigin legrar Nytſemdar ſaker/ Helldur alls kaps þar a ad koſta/ ad hañ time Møñum þeirra Synder og vanart/ ꝫ amiñe þa til jdranar yferbotar/ ꝫ giefe af ſier ſialfum gott epterdæme/ ſo hñ meige hreppa þañ lofſijr/ ad hñ hafe ei ſialfum ſier helldur Gude ꝫ Naunganum i þuilijku Embætte þionad. Vitnid nu a mote mier (ſeiger hñ) ef eg hef nockurs mans Vxa eda Aſna haft/ Ef eg hef ſynt nockrum Manne Valld og orieit/ Hafi eg nockurn

In primis DEI constitutio, cum sine tentatione manet sed Postea Fortunatur.

officium Pastoris

nockurn nidurþrykt/Hafe eg gafur og skeinkingar tekid af nockrum/þa vil eg þad aptur giallda/Þuiad þetta & þuilijkt er optast þeirra misgiorder ō nockurt Embætte eda Valld hafa/ad þeir veita ofrijke/nidurþryck ia ødrum/og þiggia gafur og muutur. Enn fyrer þessum og þuilijkum hneyxlonum skal einn Predikare vakta sig vel og vandlega / þuiad ella giefur hn̄ tilefne/so ad bæde Embætted & so Orded verdur lastad & kiemr i foraktan/huad stor glæpur er.

Ganged nu hier fram og stand et c.

Þetta er ein fierlig Historia/huersu ad Samuel/suo sem godur rettur Predikare/sijner Folkinu þess Synder. En̄ þetta var Gude i mote & hn̄s Dyrd/ad Folked villde ecke an̄ad en̄ hafa Kong yfer sier/og treystu meir vppa ein̄ Kong en̄ Gud. Slijkt medkiendu þeir ecki fyrer Synd/og þeir jdrudust þess ecki. Þar fyrer syner Samuel þeim þessa synd og seiger/ad Gud hafi hana med þessum hætte straffad/ Ad i obijkuæmeligann tijma (sem er)þa yferstod hueitekornskurdr/hafe komed/Regn Hagl og Ouedratta. So plagar en̄ nu Gud ad straffa vorar synder/med Ouedrattu & ofþurk/so ad Jerdinn ber ecki sinn Auoxt/Þo er slijkt hegningar Nrijs myklu miukara/en̄ Ofridarstormur og languarande hallære.

Hier i gien giører og Samuel/so sem ein̄ godr Predikare/ad hn̄ huggar sitt Folk/& amijnner þa/ad vera nu framueigis froma/Þa lofar han̄/hn̄ vilie bidia fyrer þeim/og giøra hid besta þeirra vegna

XIII.

ER ein Historia/huernen ad Saul Kongur forsier sig i þui ad hann beid ecki Samuels Spamans/og færer sialfur Forner fyrer vtan Gudz Skipan. Med þessare synd forþienar hn̄ nu þad/ad Gud hn̄ hootar bæde hm̄ og øllu hn̄s slegte/Ad einginn af han̄s skule til Kongligrar Tignar komast. Slijkt dæme skal huer Madr/einkanlega Valldzmen̄erner huxa huersu snart Madr kan̄ ad tapa bæde lucku og velferd/ef Madur giør nockud i mote Gudz orde og bifalningu/af sijnu eigin̄ Høfde. So ad men̄ giæti þss vandlegar ad Gudz orde/og an̄ þss edr i mote þui ongua Gudz þionustu giord vppbyrie

XIIII.

ER ein merkelega føgur Historia/huersu ad Gud vppuekur Hiarta Jonathan/og fyrer han̄ alleina med vndarlegum tilburd lackar Ouina

matt

makt. Þuiad med þui hn̄s Fader hafde misgiørt vid Gud/ þa var hn̄ ecki verdugur slijks Sigurs. Eñ hañs Sonur var saklaus j slykre misgiørd/ Þar fyrer vñe Gud honum so Dyrdligs Sigurs. Og hier ma dæme sia/ huersu Gud kañ at endurgiallda z bitala grim̄um Valldzmoñnm/ so sem þeirra er verdskulldan til. Philistei høfdu so flett Gydinga/ ad þier høfdu eingiñ Vopn j þeirra Lande og onguañ Smid. Slijkt Ranglæte straffar Gud þar med/ ad Philistei berast nu Vopn a sialfer/ og verdur huer añañ ad drepa.

Eñ sem Jsraels Meñ voru mædder ordner.

Þetta er ein Historia/ Skyrande fra/ hůnen ad Saul/ oframsyneliga plicktar Folkid til med Eide/ ad eingiñ Madur skule eta nie hid minsta/ adur eñ sa Dagr er vte/ vnder lifs straff. Eñ nu þui at Jonathas braut af þessu bode ouitande/ þa liet Gud suo til hagast/ ad Folkid leyste Jonathan vndañ Dauda. Til einsvitnisburdar og merkes þar vm/ ad Gud hafde ongua þocknan a þuilijkre Neitstreinging/ z þui hafde hun ongua makt. Eñ hier jafnframt skulum vier læra/ huersu vodaligt þad er/ og huersu auduelldliga oluckan kañ ad koma/ ef ad meñ høndla oforsialiga med þau heit/ eñ ei epter Gudz orde. Þuiad fyrer þad sama hlytur skullo þesse ad koma yfer Son Sauls/ suo ad slijkt oforhuxad til take/ an Gudz skipanar kiæme sialfum i koll/ huer ed af sinne hræsne huxade ad hann munde eitthuad forþiena þar med af Gude/ ef hn̄ liete Folked vera fastande allañ þann Dag/ Þer Gud þo ecki skipar Føstu/ hellдur ad trysta vppa hn̄s giæsku/ elska Naungan/ betra og bæta sitt fram̄ferde. Þesser hluter eru þeir/ Huar med Madur kañ ad fa færsælld og Nad Gudz/ eñ ecki fasta eda añad þuilijkt.

XV.

ER ein Historia/ otskyrande huersu at Saul Kongur j añat siñ opinberlega misgiører/ og brytur i mote Gudz skipan/ þar med/ ad hn̄ slo ecki j Hel þañ Amalechita Kong/ og drap ecke nidur þad besta Kuikfie/ Suo sem Gud hafde skipad honum ad giøra. Og þat hialpar honum eckirt til forsuars/ Ad hañ seigist hafa Dreiged vndañ þad besta Kuikfie/ til ad Fornfæra Drottne. Þuiad su hin hellsta og besta Gudz þionustugiørd er þad/ so sem hier epterfylger/ ad vera hlydiñ/ og giøra so sem Gud hn̄ skipar. Nu þ ei giør̄/ z er ordiñ ohlydiñ/ sa ma vppbyria huad hn̄ vill Gude til þienustu/ eñ þ er þo z heiter ei añad eñ Sutuirding z Synd fyr̄ Gude

Enn

Eñ Samuel suarade Saul/lat mig seigia þier.

Hier eru fierdeilis tueñ dæme merkianda. Pad fyrra af Saul/ hñ giører suo sem aller Hræsnarar plaga ad giøra/segr᷎ sijna Synd/ þikist riett giørt hafa/og forsuarar sig. Þar þuert a mote giører Samuel suo sem einũ riettferdugum Predikara hæfer/hñ hlijfer ecki Saul/ þo hñ sie Kongr/Helldr straffar hñs Synd aluarliga/ꝛ seig᷎/Nu hñ vill retteliga Gude þiona/hñ skal hlyda hñs Orde og skipun/su þionusta lijkar Gude betur eñ allar Fornfæringar. Þar og i mote/ Huer hñ er ohlydiñ Gudz orde/sa þione Gude huar med hñ vill/Eñ vegna slijkrar ohlydne/ er hañ ecki añad eñ skurgoda þienare ꝛ Afgudadyrkare. Slijkar greiner ættu Munkar ꝛ Nuñur/ad skoda/þa munu þeir fiña/ad þeirra klaustra regla ꝛ hlydne/Er hin stærsta ohlydne fyrer Gude/ Þa mundu þeir fara lata bæde Klaustra heit Regluhalldz hlydne og añad þuilijkt/ og giefa sig til Gudz ordz og þeirra X. Bodorda/med riettre sañre hlydne. Þar kuña þeir riettliga ꝛ vissuliga ad vita/ad þeir lifa epter Gudz vilia ꝛ skipan.

J nidurlaginu seigist fra huersu ad sa Tyrañe Agag fieck sijn laun so sem hñ forskulldad hafde.

XVI.

ER ein Historia/huernen ad David verdur til Kongs vtualin af Drottne/ og Samuel Spamadur smyr hñ til Kongs. Og hier hefur þa Historiu/sem fra skyrer/ huernen ad Synder Sauls vrdu straffadar og refstar. Fyrst þar med ad Gud suipter fra hm̃ sijnum Anda/ ꝛ lætr vond añ anda stiurla hñ/huer ed honum giører onader/so hñ naer ecki þar ept᷎ frid ad hafa. Huar af vier lærum Syndina at fordast/med þui Gud hñ straffar hana so hrædeliga/suo sem vier hier sijdar meir faum ad heyra af Saul. Eñ fyrer þetta til efne kiem̃r nu David i Kongsgard ꝛ kyñist vid Kong og allt Folked.

XVII.

ER ein Historia/huar ed seigist/ huernen ad David fullur Truar ꝛ Anda/med Gudligre hialp/drap þañ Philisteum Goliath.

Og er hier i fyrstu eitt þad epter dæme merkianda/a Goliath/huer oss fyrer sioner setur Veralldarinnar Art og Natturu. Þuiad lijka suo sem Goliath treyster vppa afl sitt og Megn/er fullhugadur og diarfur/eins sem hñ þyrfte ecki vors Gudz Drottins hialpar vid/ Suo giører og eins

Q Heimur

Gudz ordi ad hlijda/ar [illegible] Gait. 3 fornfæring...

Justus Confiruus; plenus fide et Spiritu

Heimur þesse/Hñ lifer athugalaus an Gudz otta/og huxar/Ef hñ hefi ad eins gotz og Peninga/þa hafe hañ allt þad hañ vidþarf. Eñ huern enda slijkur drambsamur Metnadur hefur/þat fylger hier epter/So ad eñ og sierhuer lære/at hrosa sier af ongum ødru vtan af Gude/hñs Naad og Myskunseme.

Dauid liet i geymslu þad hñ bar.

Hier er eitt agiætligt epterdæme/hüsu ad Gud hñ lætur sijna stærstu og bestu hialp þadañ koma sem minst varer/og af þeim veitast sem allz eckirt alit hafa fyrer þessum Heime. Þuiad ef Madur skal epter Heimsins hætte tala/ þa være meir til vonar/ ef ad Saul/edur einhuer annar stor og sterkur Madur Herklædde sig i mote þessum Philisteo. Eñ þad ad Dauid bydst hier til/an Suerdz og bryniu/ ecki vtan med Staf siñ ꝛ Sløngu/þad hid sama þiker miøg leidiligt og bernsligt. Þar fyrer hast ar sa hiñ ellste broder a Dauid/og Saul Kongur hefur miøg litla Tru hier til. Eñ Gud hñ er vanur ætijd so ad breyta/at þau stærstu dasemdar verk fremur hñ og vtrietter fyrer litilmotlegar Personur. Fyrst fyrer þa grein/ad Heimuriñ skle hafa nog tilefne at vera athugalaus/ꝛ at dæma og spotta Gud/og hñs giørder og tiltekter. J añare grein skiedur þad/og sierdeilis þar fyrer/ad Meñ meige sia ꝛ þreifa a/ad slijkt sie Gudz verk og hñs hialp/eñ ecki af neinum Mañligum mætte.

Þa sagde Saul vid Dauid et c.

Þetta er eñ herligaste og beste partar af þessare Historiu/huersu ad Dauid drap Goliath/ecki mz Lijkamans afle nie styrkleika/ Þuiad Goliath var bæde Dauid/og øllum ødrum Mennum yfersterkare/ Helldur med þui/ad hñ treyste vppa Gud siñ ꝛ a hñs hialp og styrk. J þessu var Dauid sterkare eñ Goliath/huer ed treyste vppa matt siñ og Megn/eñ hafde ecki Gud med sier. So sem Dauid sagde vid hñ/ Þu kiemur i mote mier med Suerd/Spiot og Skiølld/Enn eg kiem i mote þier j Drottins Allzheriar Nafne. Huer ed slijka Tru vppa Gudz Nad og hialp grijpa kañ/þeim kañ Dioffulliñ onguañ skada ad giøra.

Af dæme Goliath er hier sierdeilis ꝛ einkanliga vtmalad/huersu skyndeliga vt er giørt vm þssa Verølld ꝛ allañ heñar styrk/matt/gotz ꝛ aud/ ef ad Gud hñ er ecki med.

Ad auk þijsa siaum vier ꝛ so i þessare fagurligre Historiu/Ad Dauid er ein fyrermynd/og merker hñ vorn Frelsara Herrañ Christum/huer ed

yferuañ

Goliath (diabolj) est
David (chris

yferuañ þñ rekta Goliath/þ er/Diøfuliñ/ nidurbraut hñs ríjke/afmade Syndina drap Daudan/ofanbraut Helujte/þeim til goda/huggunar z Saluhialpár øllum sem a hñ trua/hñs Nafn vidurkieña/z hm ero þar fyrer af Hiarta packlater.

Þeñañ so storañ Dyrdligañ Sigur/vañ Drottiñ z so med furduligñ hætte/Hñ fer þar þo eñ bernskligar at þessu eñ Dauid/epter Skynsemd ariñar alite z virdingu/Hñ lætur sitt Lijf mz þm smanarligasta Dauda a Krossinum/mille tueggia Ræningia/ suo sem hiñ argaste Styrialldar madur og Gudlastare. Eñ med þessu vtrietter hñ þad/ad Synd/Daude z Diofull eru Sigre suipt og yfirstijgner/z hliota hm til Fota at liggia ad eilijfu/og gieta onguañ skada vpp hiedañ giørt hañs Kristnum riett-truudum Møñum.

XVIII.

ER ein Historia/i huerre vier siañ huersu þ er hrædligt þegar Madr eitt siñ fellur fra Gudz otta/brytur af hñs Bodordum/og blijfur so i þrre synd. Þuiad Saul/þa hñ hafde nu i añad siñ misgiørt i mote Gude/þa tok Gud fyrst fra hm siñ anda/og liet eiñ vondañ anda plaaga hañ. Sa same vppuekur hañ til heiptar vid Dauid/og vill drepa hañ. Slijkann haska lætur Gud hanga yfer Dauid/so ad hñ verde ecki athugalaus nie metnadar fullr/af þeim Dyrdliga Sigre sem Gud hafde honum giefid. Helldur ad hñ hefde framueigis sok og efne ad bidia Gud vm Hialp og Nad/og hafa traust a hñs Orde og fyrerheite

XIX.

ER ein Historia/hu ed oss kieñer/ad Diøfulliñ hñ helldr ei kyrru fyrer/helldr huar hñ er eitt siñ jñkomiñ i mañiñ/þa drijfur hñ hñ meir z meir i Syndina. So skiede Saul hier/Hñ lætur nu opinberliga af sier heyra ad hñ vilie drepa Dauid/og leitar vid ad framkuæma þad med verkinu.

Hier ma og merkia/med huersu furduligum hætte/at Gud hñ hialpr þeim saklausa Dauid. Þuiad ei vill Gud yfergiefa þa/ sem ad i godum Málefnum treysta til hañs hialpar. Þar fyrer/fyrr enn þad þm froma Dauid skúle nockud vont skie af Saul/Þa verdur Saul ad verda helldur at Spamañe/og so hñs þienarar.

XX.

ER ein Historia/huer ed auysar/huilijka Neyd og angist sa gode

 Dauid

Dauid hefur lidid/þad hn̄ var alldrei ohrædd vm sitt Lijf. Þessan Kross z motgang hafdi hn̄ ecki vnskullad nie forþienat af Saul. Huar af vier skulum læra þetta/Ad Gud hn̄ reyner margfalloliga sijna vine/og giefr þeim nog tilefne til Bæna akalls/suo ad þeir sie ecki athugalauser. Hier i mote er þat og huggunarsamligt dæme/at Gud giefur honum so godan truan vin Jonathan/ad seigia hm̄ til z vara hn̄ vid oluckūe

Og Dauid falde sig a Akrenum et c.

Þetta er eitt hryggeligt epterdæme/ huar inne vier siaum/ huersu ad Diøfullin̄ drifr z rekur Saul Kong fra einē Synd z i adra. Hingad til hefur hn̄ stadid epter lijfe Dauidz/Nu hier skytur han̄ Spiote epter sijnū eigin̄ Syne og vill drepa hn̄. Þar fyrer er storliga naudsynligt/ad Men̄ vackte sig aluarliga fyre Syndine/z life i Gudz otta. Þuiad ef ad madr kiemur eitt sin̄ i Syndina/þa veit hn̄ ecki huenær ed huernen han̄ kiemst burt fra henē/ So sem kienner þetta epterdæme og annur fleire.

XXI.

ER ein Historia huernen ad Dauid i sinē Neyd/þa han̄ hafde eckirt til Matar/neytte þeirra heiløgu Brauda/af huerium eingin̄ dirfdist ad eta vtan̄ Kiennemenn einer. Þetta vtleggur Christur i Euangelio suo/at ei þurfe epter Løgmalinu so streingeliga ad fara i huert sin̄/Helldr ætijd huar Naudsyn stendur/þa ma þui lina fyrer nalægrar Naudsyniar sak er. So ad ei giorum vier so sem Phariseí þeir ed fyrr lietu ein̄ Man̄ forderfast/enn þat þeir villdu hialpa hm̄ a Þuottdeige. Og Papistar lata fyrr Man̄ deyia af hungre/En̄ þ þeir giefe hm̄ Kiøt a friadeige/ huad þo Gud hefur huerge fyrerbodid nie bannad.

XXII.

ER ein hrædelig Historia/ huersu ad Vondr ande leider Saul kong i stærre og hrædeligre Synder/so ad hn̄ fyrer vtan̄ alla skulld lætur drepa LXXXV. Kiennemen̄ med Kuttum og Børnum og Busmala/og foreyder allan̄ þan̄ Stad. Og slijkt Mord og Mandrap fegrar han̄ og forsuarar hier med/ad han̄ seiger Dauid stande epter/sijnu Lijfe/ Þar ed þo Dauid/saklaus/var fyrer honum alldrei ohræddur vm sitt sialfs lijf. Hier ma sia ad diøfullinn er lygari og Mordinge. Þar fyrer skal huer Madur vandliga vackta sig fyrer Syndinē/ og ætijd bidia/ad Gud lata oss ecki i freistingar falla

XXIII.

ER

[Handwritten marginalia:] Jesus phat snos / hinq amicq optan dus e a D.E.O. vide ne amittas: / ora deum ut ne inducas in tentationem

ER ein Fagurleg Historia/ huersu ad Dauid geingur til frietta vid Drottin/ædur en þad han hefdi nockud ad i mote Philisteis/ sijnu Folke til goda/ huert hn skule þ giora eda ecki. Þuiad ein kallanar skl eingin neitt vppbyria. Þui næst er hier z eitt epterdæme/huersu ad Gud varar Dauid vid þeim otruu Borgerum i Kegila. So ad vier lærum/ ad þo so sie/Gud hn legge marguijsligan Kross z astrijdur a sijna/ Þa giefur hn þeim Rad z hialp þar jafnframt mz.

En þeir sem bruggu j nand Eydemörku Siph.

ER ein frasaga/ huersu ad þeir Siphite niosnudu vm Dauid/og sogdu Saul Konge til hns. En so furduliga hialpar Gud honum/at þa Saul hafde vmkringt hn/og ad mestu næd hm/þa falla Philistei i hns Land/so hn latz af ad sækia epter Dauid. Alijka eins hefur skied a voru døgum(j Þyskalande) ad Gudz ordz Ouiner hafa opt hugad sier jllt at giora þeim Kristnu/En ætijd hefr Gud so til hagad/ad þeir hafa hlotid ad lata af vppteknum hætte. Suo mun Gud og framueigis en giora/ef vier latu ecki af ad bidia.

XXIIII.

ER ein mieg fagurlig Historia/huersu ad Dauid/hlijfer sijnu Ouin Saul Konge/þa hn var þo i hns hondum ad mestu/og seiger so/Eg vil ecki leggia hendur a þan Smurda Drottins. Þuiad þott Drottin hafe latid Smyria Dauid til Kongs/þa hafde hn ecki skipat honum ad drepa Saul/ og ad taka suo Rijked sialfur ad sier/ helldur bida þess / ad Gud giæfe hm þad sialfur i hendur. En þad giorer Dauid riettel iga/ad han tiaer sitt sakleyse fyrer Saul/og auijtar han fyrer sitt rangligt til tæke. Þuiad yfer Syndum storra Maktar herra og Hofdinga skal Madur ei þeigia edur þær samsinna/helldur en yfer annara minsta hattar Manna Syndum.

XXV.

Af Nabal er hier fyrst eitt epterdæme/ huersu ad heimsker Menn opt eru Smider at sialfra þeirra olucku/med þeirra fauisku.

Þui næst er og eitt epterdæme af Dauid/huersu hn lætur reide sigra sig/og hugar ad hefna a Nabal hans Plumparaskapar og jllsku/ og ad hefna sijn sialfur. Enn slijkt var Synd/og Rangliga giort. Þuiad þott Nabal hefde jlla breytt þa atte Dauid ecki ad hefna sijn sialfur. Þanenn

 skiedz

Compilatum impiorum, pit

ſtiedꝛ ſtundum Heilaga Menn/ ad þeir eru ofbrader og taka fyrer ſig þad ecki er riett. Enn jafnſnart angrar þa þad/ og þeir lata af/ þar ed hiner adrer fara afram/ ꝛ vijkia ecki af ſijnu ſinne.

Enn eitt af Hiardſueinum Nabal for og vnderuijſade

Er ein fagurlig Hiſtoria/ huerſu ad Gud hagar þui til/ ad Dauid helldur þui ei fram ad hefnaſt a Nabal/ ſo ſem hann hafde ætlad ſier. Og hier ma merkia/ ad med vinſamligum og blijdum ordum ſtillaſt opt ſtor malaferle/ og hindraſt opt jll ogiæfa. Þar fyrer ſkal huer Madur vand liga vid þui ſia/ ad lata hefnd og Reide ſkiotliga ſig ſigra/ ſo ad hann þurfi ei ſijdann ad jdraſt þeſſ. Einkanliga er þetta merkeligt ſem Abigael mæler vid Dauid/ Ad ef hann hefdi hefnt ſijn ſialfur a ſijnum Ouin/ þa mundi hun ſu Synd verda til aſteytingar ꝛ hneyxlunar/ ſijdar meir/ þa hann være i ſitt vallld kominn. Þuiad alldreige lætur Gud ſlijkar Synder orefſtar.

Ira mitigat ... humilis et boni verbis.

Þegar Abigael kom heim aptur til Nabal.

Þetta er eitt merkeligt epterdæme/ ad ef Madur giefur Gude hefndina/ og vænter hans Hialpar/ þa vill Gud vijſſulega koma og ſtraffa þá Ranginde/ ſo ſem huer hefur verſkulldad til. So ſem hier ma ſia/ ad Gud hefner Dauidz a Nabal/ og gielldur honum epter makligleikum/ ſo at hann deyr af ſorg og kuijda. Enn ſlijk dæme heyrer einkum til þeim Rijku tijme leyſingum ſem af agirne hallda fyrer ødrum/ og naumliga buala huad þeir eru ſkyllduger/ ꝛ adrer menn eiga fulla ſkulld a.

XXVI.

ER ein Hiſtoria/ huer ed ſkyrer fra/ huerſu ad Dauid fieck Saul eitt i annad ſinn vnder ſijnar hendur/ ꝛ þo ſtøduar hann ſig/ og hlijfer honum/ og hefner ecki ſialfur ſijn. Þetta liet Gud ſkie Saul Konge ſialfum til goda/ ad hann ſkyllde lata af ſijnu heiptarhatte vid Dauid/ og i ſanne raun fa ad vita og reyna/ ad Dauid villde honum ecki neitt jllt. Enn ſo ſkiedur/ ad þeir ogudligu annad huert fyrerlijta ſlijkar aminningar med ollu/ ellegar þeir lata ſig litla ſtund angra þad/ Þar eptera/ giøra þeir ſo ſem adur/ ſo ſem Saul giører hier.

XXVII.

ER ein Hiſtoria/ huerſu ad Dauid truer ecki Saul Konge/ helldur vijkur vr veige fyrer honum. Enn ei ad ſydur er hann ſijnu Folke Iſrael til goda/ og drepꝛ ꝛ afmaer þa nalæga Neidingia/ ſem Gud hafdi ſkipat

Iſrael

Jsraels Folke af ad ma. Huar af vier skulum læra/ad yfervinna z sigra sialfa oss/z giallda ecki jllt fyrer jllt. Þuiad med þui ad Saul sat vm lijf Dauidz/z Folkid hialpade honum þar til/þa hafdi Dauid/fyrer Heim enum/godann riett til þess/at hefnast a þeim so sem a sijnum ouinum. Enn hann giorer þad ei/ helldur bijdur hann Gudz hefndar/og giorer þeim allt gott.

XXVIII.

Hier er i fyrstu eitt epterdæme/huersu ad Saul hann fellur i stærre z stærre Synder. Hingad til hefur hann/optar enn eitt sinn/ohlydinn verid Gude/ þann sauklausa Dauid villdi hann opt og osialldann lijfe suipta/ sinn eigin Son Jonathan/villde hann med Spiote i giegnum leggia. Enn hier sia vier/huernen hann fellur ollungis fra Gude/og leitar diøfulsins hialpar og Radz hia einnre galldra Konu. Þannenn giorer Syndin/hun lætur alldrei af/byrie Madur hana eine sinne/og giøre ecke bot og betran.

Einkum er hier þad merkianda/epterdæme af Saul/huer ed/suo sem Textenn seiger/vr lande rak alla Galldra menn/ z Phitons anda menn/ huad hann vissulega giort hefur epter Radum Samuelis. Þuiad Embættisins vegna/er þad skyllda allra yfervalldz manna/ ad lijda ecki þuilijkar opinberligar skurgoda dyrkaner/og hiatru/helldur ad straffa z refsa og aftaka þetta aluarliga.

Enn Samuel sagde til Saul et c.

Hier siaum vier fyrst eitt epterdæme/huersu ad Diøfullinn kann stundum ad seigia oordna hlute/ Enn ecki ad helldur skulum vier þessar Spasagner bruka/Þuiad þad er Synd i mote fyrsta bodorde/þar ed oss bodid verdur/ a einn Gud at trua/z a hann at kalla/til hans at leita Radz/ hialpar og allra annora hluta.

Enn þad Ritningenn seiger hier/ad Samuel hafi verid vppuaktur/z hafi talad vid Saul/þat skalltu so skilia/ad ei var þetta Samuel/helldur ad Saul hugde og ætlade so vera munde. Þuiad Diøfullinn sialfur er ecki so mektugur/mykklu sijdur ein Manneskia/fyrer diøfulsins krafft/ad hann kunne framlidinn Mann vpp ad vekia af sinne huijld/z vt af Abrahams skaute (so sem Ritningenn nefner)hann at rycktia. Þar fyrer hefur þetta an allz efa ecki annad verid enn ein diøfuls Forynia z Draugur enn ecki Samuel/ huer ed fyrr var i sinne huijld/og skaute Abrahams. Enn Ritningenn nefner slijka Forynju þar fyrer Samuel/ ad Saul og Galldrakonann hugdu og ætludu þad Samuel vera munde.

Cap.

XXIX.

Þesse Historia skyrer fra/ ad med þui Dauid vard ad fara i Bardaga med Konge þeirra Philisteis/ þa hagar Gud þui suo til/ ad Dauid fer heim aptur med godann vilia Kongs. Nu er þad eflaust/ ef ad Dauid hefde verid vid þennann Bardaga/ þa mundi hann hafa falled i lid m& Israels folke/ & Barist i mote Philisteis/ huad hid sama Philistei ottast/ & lata hann þar fyrer i burtu fara. Enn Gud villde ei til stedia Dauid þetta hans aform/ Saul til goda og øllum Israel/ helldur villde hann straffa þa vegna þeirra Synda/ so sem þeir høfdu forskulldad. Þar fyrer hagar hann þui suo til/ ad Dauid verdur heima/ og Israel fellur fyrer Philisteis.

XXX.

Hier seiger/ at a medan Dauid dro vt med Philisteis mot Israel/ þa giørdu Quiner ahlaup/ hertoku Kuinn & børn & alla fiarhlute Dauidz & hans manna/ & Vppbrendu Stadinn Ziklag med Elldc. Af þesse efne kiemur Dauid enn i annan haska/ ad hans eiged Folk vill lemia hann Griote. Enn hann treyste Gude sijnum/ og fer epter Vijkingum/ ad Rade Gudz/ og fær aptur allt herfangid. Huar af vier lærum/ ad marguijsligar astridur leggur Gud a sijna/ Enn hann hialpar þeim truliga vt þadan aptur/ ef ad Menn trua og treysta vppa hans hialp og Nad.

Nu sem Dauid kom til þeirra II. C. Manna.

Hier er eitt agiætt epterdæme/ husu ad Dauid stiller sijna menn/ & nidur setur alla tuidrægne/ & vtskipter herfange til iafnadar. Þuiat eingin skal virda Fie og Peninga framm yfer/ frid og samþycke. Enn sa þat ei giører/ og styriølld reiser vegna fiar & Peninga/ honum mun þad vm sijder til gløtunar verda/ so sem daglig dæme og raun giefa vitne vm.

XXXI.

ER ein Historia i huøre madur sier/ hu æfilok Saul fieck vm sijder/ at hann fiell & hans þrijr Syner/ & þar med fiolde af Israel. Af slijkum dæmum eigum vier at læra/ at ottast Gud/ & alla tijma Gud at bidia/ at hann vardueite oss fyrer Syndinne/ so at ei føllum vier vnder þuilijkt refsingar straff/ & fyrerførumst/ med vorum Nidium & Naungum. Þuiad ei er þetta allijtid/ ad slijker hørmungar skylldu koma yfer Saul/ huad hann hafde myklar & goder gaafur þo fellur hann suo hryggtliga/ & þuilijkt refsingar straff kom yfer hann & alla hans Nidia & epterkom-

epterkomendur. Allzmegtur Gud styre oss og stiorne mz sijnum Heilaga Anda/ad slijkt kome ecki yfer oss Amen.

Sumaria yfer þa adra Bok Samuelis.

I. Cap.

Hier seiger ad Dauid liet i hel sla þñ Amalechita/ hũ ed sagde vppa sig/ad hñ hefde drepid Saul Kong. Huar af vier lærum/ huad mikils sa frome Dauid þad virt hefur/ ad Gud hafde smurdt Saul til Kongs. Vt af þuilijku dæme skulum vi' og so læra/ad virda mikils Veralldligt yfervalld/ z varast ad leggia hendur a þ. Eñ giore þ Rangliga/þa skulu Meñ bijda ept' Gudz atkuæde/ z hñs refsing/Eñ ecki dæma sialfer/i mote Gudz skickan/nie hefna vors skada

Og Dauid kuad þeñañ harmagrat yfer Saul.

Hier er eitt agiætt epterdæme/huersu ad Dauid ber harm epter Saul z Sonu hñs/z bydur ad meñ skule almeñeliga þetta miñing giøra mz einu Kuæde/suo sem añara agiætra Kappa/ huerier ed ollu Landinu til goda vtuogudu sinu Lijfe z villde þ giarnã frelsad hafa fra øllũ Ofrid' storme. Þuiad slijkt eru riett Høfdinglig verk/huar fyrer Menn eiga ad lofa og prijsa Storhofdingia/og þess vegna heidra og virda þa z þrra/ So sem Dauid til ordz tekur/og seiger/Ad þetta sie su prijdiñ þau føgur Klæden z þær gylline Klenodiur/s Saul hafde fest oppa Israels Dætr/ þad er Borgiñar og allt landed/og gaf sitt lijf vt þar ofan a. Slijkann Sorgargrat hefur Dauid af hiarta haft/þuiad hañ sier huad epter vill koma/þa slijker Landstiornarar fra falla.

II.

ER i fyrstu eitt epterdæme/huersu ad Dauid vppbyrtar eckirt/nema hñ leite rada til Drottins adr fyrre/þar fyrer lætur Gud so skie/ad Hus Juda/su ættkuijsl sem hañ var af faddur/ tekur hñ og Smyr til Kongs yfer sig. Eñ hier kiemr ein hindrã ad nyiu/Þuiad hinar ellefu Kynkuijsl er setia til Kongs yfer sig Isbosteth Son Saul Kongs/ huar af ad rijs ofridr z Mañdrap/so sem ætijd skiedr/hu' ed osampycke er i nockru Rijke.

Þar voru þrijr af Zeru Ja Sonum et c.

Hier

Hier er eitt epterdæme/af Abner/hñ antisſer Joab vm Frid/þa vpphlaup var nu ordid med þienurum Dauidz og Jſboſeth/ og Joab verdur þui ſampyckur og ſtoduar ſitt Herlid/þar hñ hafde þo i þui ſama ſlage miſt ſiñ broder Aſahel/huern Abner drap. Þuiad i ſlykum tilfellum eiga meñ æt̃yd ad hyxa meir vm almugans ſkada helldur eñ ſialfs ſijns/ Og almeñeligs fridar vegna/giarnan ad tilgiefa eiginligañ ſkada.

III.

ER ein Hiſtoria/huerſu ad Gud hagar þui til/ad hañ lætur alla Sauls Ætt i gruñ falla. Huar af vier lærum/þott ſlykt ſtraff drageſt leinge vndañ/þa kiemur þat þo vm ſijder. Med motlyka hætte geingur z þm Riettlatu/Þuiad hier ma ſia/ad mørg ær lijda/ædur en þad Dauid fær einualld yfer Jſrael/ſo ad þar ſyniſt/ſem þar mune eckirt af verda. Eñ hñ treyſter faſt vppa Gudz fyrerheit/ þar fyrer ſkiedr þad viſſuliga viñ ſijder/og þat geingur ſo til/ſo ſem Gud hefur aſett/ad þeir enu vondu fa þeirra refſing/eñ þeir godu lucku og framgang.

Eñ ſem Abner kom til Dauidz i Hebren.

Þetta er ein Hiſtoria/huer ed eñ ad nyiu auglyſar/huernen ad Gud hñ hegdar ſijnũ Domum/ einkum ſo/ad Synd og ranglæte verdur vm ſijder ſtraffad. Vt af þeim 26. Cap. fyrerfarande Bokar er ſo ad ſia/ſem ad Abner hafe ſtyrkt til þeirrar offoknar ſem Dauid leid af Saul. Epter fall Saul/olle Abner þui/ad Jſrael ſkiptiſt i tuent z meſte partur Folkſins villde ecki taka Dauid til Kongs yfer ſig. Abner miſgiorde og i þui ad hñ drygde Frillulyfe med Rizpa/frillu Sauls. Þetta z añad þuilijkt ſtraffaſt vm ſijder/ ſo hñ verdur af Joab i hel lagdur: Huar vt af huer og eiñ lære/ad lifa i otta Drottins/vilie hñ añars refſingina vmflygia. Þui ad med þui Gud hñ er eiñ Riettlatur domare/þa hefner hñ z refſar viſſuliga epter huers mañs forþienan/huerſu leinge ſem þad vndañ dregſt.

IIII.

Hier ſeigiſt/huernen ad þeir tueir Hofdingiar Baena og Rechob drapu og Myrtu Son Saul Jſboſeth þeirra eigiñ herra/z hugſudu ad koma ſier þar med i vinattu hia Dauid. Eñ Dauid giorer ſo ſem riettur Valldzmadur/huerium Suerdid er af Gude i Hendur feingit/hñ lætur ecke ſlijkt Mañdrap ohefſt/helldur byder hñ ad drepa þo. Hier ma eñ ſia ad ei ngiñ Synd lyſt refſingarlauſt. Eñ einkũ heyrer þetta dæme til þm

ſtriolld

styriolld og vppreist vekia i mote sijnu yferualldе/Pulad slijkt verdur ecki oþegnt.

V.

ER ein Historia/huernin at David vard af øllum til Kongs tekin z Smurdur. Huar af vier lærum/ þott ad Gudz fyrerheit dragist leinge vndan/þa koma þau þo fram vm sijder/Þar fyrer skulu Men vona og bijda og þreytast ecki.

Eñ þad/ad David tekur sier suo margar eignkonur/þad skiedur ecki af munadsemd/suo sem Heimurin vtleggur þad/helldur vegna þess fyrer heitz/ad hn̄ trude og visse/þad Christr munde af att Juda fædast. Næst þssu er z vel merkianda/ad David vppbyriar alla hlute/med Gudz rade/ eñ ecki af sijnum eigin þotta þar fyrer fylger hm̄ lucka og hamingia/ so ad hn̄ sigrar sijna Ouine.

VI.

Hier er eitt merkiligt Hofdingligt epterdæme af David/ad hn̄ huxar ecki ad eins/ vm sitt Walld og rijkis stiorn/helldur og so vm Ord Gudz z hn̄s Þionustugiorder/ og styrker þar til aluarliga af øllu mætte/Og er so Hiartanliga gladur þa hn̄ lætr hafa Gudz Ork vr Huse Abinadab/ ad hn̄ leikur z dansar fyrer af mikillre Hiartans glede. Þetta misuir der hn̄s Kuiña Michol.Eñ David seiger/ad hn̄ villde eñ nu meir læcka sig fyrer Drottne/Þuiat þa hid fyrsta kome hn̄ til riettrar æru.Og Textin seg͛/ad Gud hafe strafat þa drambsomu Michol/so ad hun var barn laus alla sijna lijfdaga.Hier eru z oñr tuo epterdæme/þ fyrra af Vsa/ huern ed Drottin slo/þar fyrer/ad hann ouirte Gudz Ork/þotte litid til hennar koma/og ahrærde han z/huad honum var ecki bodid nie bifalad. Þad añad dæme er af ObedEdom/huer ed heidr og Herberge hen̄e veitte/ og vard Blezadur.Allt þetta er oss til epterdæmes/ad vier ecki ouirdum Gud nie hn̄s Ord/helldur hofum þad i heidre/og elskum þad.

VII.

ER eitt agtatligt epterdæme/ad David tekur sier aluarliga fyrer Hendur/ad styrkia til Gudz Þionustugiordar/og aktar þ ecki sæmeligt/ ad han̄ skule bua j einu Cedrusvidar Huse/eñ Gudz Ork sie vnder einu Skin̄ þake.Slijkar godar og Gudligar huxaner bera vitne vm eitt gud- tækeligt hiarta/huert ed Gudz dyrdar z hn̄s heidurs leitar mz øllu kappe

 og þar

og þar giarnan til hialpar. En̄ Gud læt Nathan seigia honū/ Ad Gud hn̄ vilie hn̄s Sæde/ sem af hans Lendum kiemur/ vppuekia epter hann/ huer ed sijnu Nafne skule hus byggia. Þetta er ei talad vm Salomon/ heldur vm Christum/ huer ed honum hier fyrer heitiñ er/ ad hañ skule af hans Sæde koma/ z eitt eilijft Nadar rijke vppbyria. Af þessum Texta hefur Dauid ort þañ fagra dyrdliga Psalm 89. og eñ fleire adra.

Eñ sem Nathan hafde kuñgiort Dauid öll þesse ord.

Þetta er eitt agiætligt epterdæme af Dauid/ huersu ad hn̄ medkienner og prijsar Gudz haleita velgiorninga/ og hiartanliga þackar Gude/ ecki alleinasta fyrer framkomna velgiorninga/ helldur og suo fyrer Messiam huer af hn̄s Sæde fædast skyllde. Slijka ovmræðeliga Gudz Nad prijsar Dauid/ og jatar/ ad ei hafe hañ slijkt forþienad/ helldur hafi Gud þetta veitt vt af skiærre Nad/ og vegna sijns fyrerheitz/ og bidur/ ad Gud vilie slijkt fyrerheit lata vegna siñar giæsku vppfyllast z framkoma. Af þssu dæme skulum vier læra/ Fyrst ad vidurkieña þad/ ad allt þ gott sem Gud giefur oss og giorer/ þa sie þad hn̄s skiær Nad og Myskun. Þar næst/ ad vier þackum Gude þar fyrer/ z bidium hn̄ framueigis/ med oss ad vera/ og oss fyrer Syndunum ad varduetta.

VIII.

ER ein Historia/ ad epter þ Dauid hafde lidid marghattadar eymder z motgang/ þa miñist Gud hn̄s/ og giefr hm̄ margañ dyrdlegañ sigur a sijnum ovinum. Ollum Valldstiornar meñum til eins epterdæmis/ ad ef þr vilia hafa luck u/ z farsælld/ þa skulu þr vænta hn̄ar af Gude/ z skulu so breyta fyrer Gude/ ad þr giefe hm̄ ei tilefne til neins refsingar straffs. Þar fyrer seiger Textiñ hier i tuær reisur/ Ad Drottiñ hialpade Dauid huert sem hn̄ for vt. So sem villde hañ sagt hafa/ Hefde Gud med sinne Nad og hialp ecki verid med Dauid/ þa hefde hn̄ litlu af stad komed mz siñe Visku/ Vallde og ahyggiu.

IX.

ER eitt agiætligt epterdæme/ huersu ed Dauid þa hn̄s Rijke var nu stadfest/ og aller ofridar stormar stillter/ þa miñist hn̄ a Sauls epterkomendur Jonathas vegna/ sijns trua Vinar. Þuiat med Gudz Blezañ skal madur ei so fara ad nockrum verde skade ad/ helldr gagn/ jafnuel Ouinū ef þeir vidurkieña sig og bidia vm Nad.

X.

Þesse

Þesse Historia kiener þat/ad þo þeir Ogudlegu meigi stundum hafa frid fyrer ødrum mønnum/þa vallda þr þo sialfer sine ogiæfu og olucku/ so þeirra Synder verdi refstar. So sem hier skiedur Amonita Kong/hann matte vel hafa haft frid og godann Nagrannaskap vid Dauid/Enn hn ꝛ hans voru þꝫ ecki makliger/þar fyrer urdu þr ad leita epter sialfs þeirra olucku/og koma Dauid til/ad sla þa og straffa makliga.

XI.

Hier er ein sterklig Historia/ huersu hørmuliga Dauid hn Syndgar/ so ad hn dryger ecki alleinasta hordom/helldur ꝛ einnin lætr hn drepa þann froma saklausa Vriam/þa hn sier at hn gietur ecki med godu komit hm til/ad hn yferhylme hns glæp/ þar med verda og fleire med hm slegner. Huar med ad þeir Amonite fa tilefne ad lasta Gud. Slijkt dæme skal oss i fyrstu vera ein vidvørun/ ad vier sieum ei athugalauser helldur bidium Gud jafnliga ad hn vernde oss og vardueite fyrer Syndanna astrijdu.

J annan mata/þa skal þtta Dæme hræda oss ꝛ skielfa/ad vier drygium ecki slijkar Synder/med þui ad Gud hn straffar þær so hrædeliga/so sem hier epter sia ma.

XII.

Hier seigist huersu ad Gud hn straffar Dauid/fyrer Nathan Spamann fyrer drygdar Synder. Þuiad lijka sem þ Gud hn hefr Predikunar Embætte befalad Syndina ad fyrergiefa/þegar Madr jatar sig og bidr vm Naad/So hefr hann og skipad ad straffa Syndina/ ef ad Madur vill hana nidganga. Og hier ma madur sia huad grimmliga Gud hn plagar hordoms Syndina ad straffa/Þuiad Spamadurinn hotar hier og seiger/ Ad slijk Synd Dauidz skule med Suerde og allre olucku strøffud verda.

Þa sagde Dauid til Nathan Misgiørt hef eg.

confessio

Hier er i fyrstu dæme eins rar riettrar Jdranar/Einkum/ ad Madur jate ꝛ vidurkiene Syndina/ꝛ bidie vm Naad fyrer Christum/ þa vill Gud Nadugr ꝛ Myskunsamr vera/so ſ Spamadurinn seiger hier vid Dauid/ Þu skallt ecki deyia/Drottinn hefur þijna Synd burt tekid.

J annan mata er hier og eitt Epterdæme/huert ed heyrer til einum og sierhuerium Husfodur/Einkum þetta/ad opt ꝛ ofialldan verda Børnin ad giallda Synda sinna Forelldra/So skiede hier/Þad barn vard at deyia sem Dauid hafde i hordome gietid. Vppa þ ad forelldrarnir læri/ad lifa

vel z Gudrækilliga/ vegna þeirra Barna/og fordast Syndernar/hûar Gud vill a børnunum straffa/i hiñ þridia og fiorda Lid/ med Siukdom Fatækt/og añarre olucku.

XIII.

NJer hefst su frasaga/ad þa Dauid hafde Frid z Ro i siñe Rijkes stiorn/þa vppuekia og reisa hñs eigiñ Syner hm̃ eina olucku epter adra. Huar af vier lærum/at þesse motgangz/ad eiga ill ofyrerlatsom Børn /hender og stundum froma Forelldra / þeir ed huorke lata vanta tyktat. nie aga. Þar fyrer liggur ei alleinasta magt a til Barna agans/ad vm uanda og amiña þau til otta Drottins/helldur z eiñiñ jdugliga Gud ad bidia/ad þad luckist.

Þui næst ma hier sia/huersu ad Amon Kreinker siina Syster Thamar/med þssu skamar verke huxar nu Diofulliñ Mord og Mañdrap vpp ad vekia/suo sem skiede/ huad hid sama þeirra Fødur Dauid verid hefur eiñ þungur hiartans Kross/ so sem sijdar meir fylger. Og daglig reynsla kieñer oss.

Eñ þa tuô ar voru lidiñ/liet Absalon klyppa Saude

Nier er su øñur Oluckan/sem ad Dauidz børn reisa/af þui ad Ammon kreinkte Thamar siina halfsystur/þar fyrer drap Absalon hñ/huer ed var samboriñ Broder Thamar. Nier meigum vier læra/ huersu Gud hñ straffar vm sijder saurlijfe. Þuiad þott Absalon giøre þtta rangliga þa hafde þo Ammon slijkt straff vel forskulldat.

Þar fyrer skal huer Madur vandlega varast Saurlijfe/og allann ohreinligleika. Og forelldrarner skulu ei ad eins forda børnunum þessu/ helldur z so eiñiñ øllu tilefne þeirrar Syndar/sem er selskaparlag/dryckiuskapur/samrædur/og añad þuilijkt/eñ yfer allt fram̃ Gud ad bidia aluarliga/ad hñ vilie børneñ varduetta fyrer slijkū hættasamligū diofuls Snørum/huar af ei añad kiemur eñ Jafnligt straff og Hiartans sorg.

XIIII.

talar vm Synda offur/fyrer Konginum og øllu Folkinu/Þad er ecki suo at skilia/suo sem ad hafe Syndernar þeim fyrergiefnar ordid vegna þess Offurs. Þuiad fyregiefning Syndanna hefr æ z alla tijma folgin verid/ j þeirre einka forn Gudz Sonr/ Hn̄s Blod vtuegr alleinasta Syndanna fyrergiefning. En̄ Synda fornei sem voru i Logmalinu. Þær voru ad eins ein ytre auglijsan/huar med Folkid skyllde medkienna/at þ hefde brotid i mote Gudz bodorde og setningum/og aftaka so slijka yfertrodslu almen̄eliga fyrer almuganum/med vanaligum Fornfæringum/suo þeir være ei fra Sofnudinum vtrekner suo sem opinberr yfertrodslu men̄. Suo lætur Kongurin̄ hier forlijka fyrer sig og allt Folked/opinberliga/Þar med jatande/ad þeir villde betra sin̄ lifnad/En̄ fyrer Gude er ei Syndin̄ bitolud med soddann Fornfæringum / Helldur hafa þeir snuid sier til Gudz med hiartanu/og hafa ordid / ad vona og vænta Syndanna fyrergiefningar fyrer þad fyrerheitna Sædid. Þa hafa þeir odlast þa riettu Syndanna fyregiefning fyrer Gude/en̄ hin fyrergiefningin̄ var alleinasta fyrr mm̄.

XXX.

Þetta er ein fagurlig Historia/huersu sa frome Kongur Ezechias/ sender vt Predikara vm allt Landid/og amin̄er sitt Folk til jdranar. Og huggar þa og so eirnin̄/þegar þeir snua sier af øllu hiarta til Drottins/ þa sie Gud Myskunsamur/og mune Lijkn og hialp veita/ ecki alleinasta þeim/helldur og einninn þeira Sonum/ sem þa voru Herleidder i bland Heidenna þioda/ Slijka Predikun og amin̄ing spotta flester og dæra/suo sem Heimsins hattur er til. Þo voru nockrer sem hana medtoku z betrudu sig/Þuiad Gudz ord er alldrei suo þad fære ei nockurn auoxt. Þar fyrer ættu Veralldliger Valldzmen̄ vel huxa vm þetta dæme/og vita/ad þeir eru skylldugir þar til/ad skicka froma Predikara og aftaka ranga Gudz þionustugiord/so sem Ezechias giører hier. J an̄an̄ mata skulu þeir vndergiefnu kosta þar Kapps a/ og sia sig vel vm/ ad þeir fyrerlite ecki Gudz ord/ helldur ad þeir medtake þad aluarliga og af øllu Hiarta/og betre sig þar epter.

Þar var og margt Folk Ephraim Manasse.

Hier er eitt epterdæme sierdeilis merkiada. Paska Lambsins Fornfæring hafde margar sierligar skickaner z Ceremonier so sem skrifad stendz j an̄are Bok Moses. Nu kun̄u Men̄ ecki so i bræde ad hallda þar allar Ceremonier og skickaner/ sem bodid var i Logmalinu/þar fyrer alijtur

Ezechias Naudsyn nalæga/ og Kiefiet/ ad meñ skule helldur sia so til ad hiørtun sie hrein og riettelig fyrer Gude/ og huxa ei suo storliga vm þær ytre hegdaner/ og Ceremoniur. Þuiad Gud vilie vera Nædugur/ eckj vegna slijkra ytre verka edur hreinsunar/ helldur vegna sialfs sijns/ suo framarliga sem hiørtun ero hrein/ þad er/ ef þr vidurkieña sijnar Synd er/og treysta vppa Gudz lofan og fyrerheit.

XXI.

FYRst er hier ein Historia huersu øll Hiaguda Alltare/ og Kirkiur/ voru nidur brotnar i øllu Landinu epter skipan Ezechia Kongs. Þuiad þetta heyrer øllu Veralldligu vallde til (so sem nu er opt sagt) ad lijda ei slijkt/ helldur aluarliga þad af ad taka

Þui næst seiger hier/ huersu ad Kongur aminner Folkid/ ad þeir skule añast þa Leuita ꝛ Kieñemeñ/ sem setter eru fyrer Gudz ord og hñs þionustugiørd/ og lata þa vera sier bifalada/ og giefa þeim rijfliga/ ꝛ truliga af sine Eign. Þuiat Veralldligt yferualld skal þar alls kapps a kosta/ ad þeir ei ad eins sialfer giefe nockud þar til/ ad Kirkiu Þienararner meige vid halldast/ helldur ad þeir late sijna Vndergiefnu og suo eiñinn giora þad.

J nidurlaginu er hier ein agiæt Malsgrein/ epter huerre aller Menn ættu ad breyta/ sierdeilis Veralldliger Valldzmeñ/ þar so stendr/ ad Ezechias hafe i øllū giørningū sem hñ vpphof leitad Gudz af øllu hiarta. Þar fyrer hafe hñ haft Lucku.

XXII.

HJer seiger/ huersu sa frome Kongur Ezechias/ sem suo hiartaliga elskade Gudz ord og hañs þionustugiørd/ hañ vard þo samt ad lijda mot gang og mykla ofridarneyd. Og er þad nu fyrst merkianda/ huernen hñ skickar sier i soddan Neyd/ huersu hañ vijsar sijnu Folke ei ad Mañligre hialp nockre/ helldr ad Gudligre hialp/ huer hialp alleinasta alldrei bregdast kañ. Þar a mot huad hellst þad er añad/ sem Meñ ad leita og vona sier hialpar af/ huert sem þad er gots edur peningar valld edur vinskapr Maña/ sterkar Byggingar/ nogligar Vister/ og añad þuilijkt. Þetta er ei eins falluallt/ helldur og einneñ skadsamligt/ ef Meñ hafa ei Gud med sier/ so sem allar Historiur vitne vmbera.

Eñ Ezechias Kongur og Esaias Spamadur et c.

J þessu

I þessu epterdæme siaum vier fyrst/ad þegar Meñ leita Gudz i sine Neyd/og vona vppa hñs hiálp/þa bænheyrer hañ þa/og hialpar þeim Myskūsamliga/jáfnuel þo þad skule skie med Jardteknum.

Þui næst er hier añad epterdæme/i hueriu vier siaum/huersu ad Sañ heilager meñ/þeir sem i stærstu neydum hafa verid so Truarsterker/þeir falla i metnad og athugaleyse/ þa þeim vel geingur og þeir hafa Luckuna/Vppa þad ad vier lærum ad ganga i Gudz otta/og bidia Gud dagliga ad hann take ei sijna verndar hønd fra oss/ helldur ad hñ vilie vardveita oss i freistinguñe.

XXIII.

FYRST siaum vier hier/ Huersu sa frome Kongur Ezechias lætur epter sig eiñ Ogudhræddan son/ sa ed allskyns afgudadyrkaner iñsette z ecki skeytte par vm Gudz ord. Þar fyrer vard hñ yferfalliñ af þeim Assyris/og þeir fluttu hañ fangadan til Babilon.

Eñ skerligt epterdæme er hier þeirrar storu Gudz Nadar og Myskunar/ad Gud hñ tekur aptur til Nadar slijkañ ogudligañ Tyrañ/ þa hñ vidurkiende sina Synd/og bad Gud vm Nad/ og sette hañ aptur i sitt fyrra valld z Embætte. Ollum oss til huggunar/Ad vier latum af Syndunum/og betrum oss/og væntum og vonum so Gudz Nadar og Myskunar/og efum þad ecki.

Eñ einkanliga er hier merkianda/Ad Manasses/epter þad hañ var laus vr sijnu fangelse/þa burt tekur hñ allar Skurgodadyrkaner/bydur og bifalar ollu Folkinu/ad þiona Drottne Israels Gude/ huert ad var merke til eiñrar rettrar sañrar idranar.

Seinast er hier eitt añad epterdæme/ af hans Syne Amon huer ed Ogudligur var/ eñ hañ gierer ei Idran suo sem hans Fader/ Þar fyrer rijkte hñ skamastund/z vard hñ drepiñ af sijnum eiginn þienurum.

XXIIII.

Hier er eitt merkeligt epterdæme/af þeim froma Gudhrædda Konge Josia/huersu hñ fyrst burt tekur allar afgudadyrkaner/ og þui næst byr hñ til Musierid aptur/suo Meñ giete þar framid Gudz þionustugiørd/ Slijkt dæme ættu Veralldleger Valldzmeñ einkum ad fylgia/suo ad þeir framfylge Gudz orde og hans dyrd/eñ take i burt alla afgudadyrkan z rangar Gudz þionustugiorder/þa mun Gud vera med þeim / og giefa þeim Lucku og Hamingiu.

Enn

Enn sem þeir toku vt Peninga.

Hier er ein sierlig Historia/ at epter þat Løgmalz Bokin̄ fan̄st/ z hun var lesin̄ fyrer Josia/ þa jatar han̄ sijnar Synder og Folksins/ og lætur sier þær jllar þikia. Slijk jdran og litelæte þocknast Gude vel. Þar fyrer lofar Gud/ ad hn̄ vilie vndan draga/ syndan̄a straff z refsing/ sem koma hlaut vegna Syndan̄a/ z lata Josiam andast i fride. Soddan fyrerheit æite oss vpp ad vekia til jdranar og yferbotar.

J midurlaginu er hier ein Historia/ Huersu ad Josias hann liet Lesa Løgmals Bokina opinberliga/ og forplictar bæde sig og Folkid vid Gud adnyiu /og fær hn̄s vinskap.

XXXV.

EX ein Historia/ huernen sa frome Josias Kongur/ Endurbæter Musterid/ og skickar ad nyiu Paska Hatijdina/ z hialpar rijkugliga þar til. Þuiad þtta heyrer Veralldligu Vallde til/ ad leggia nockud i kostnad tn̄/ so at su ritta Gudz þionustugiørd/ z sierdeilis Predikunar Embættit/ verde vppbyriad og rietteliga skickad.

J nidrlaginu er hier ein Historia/ huersu ad sa frome Kongur Josias vppbyriar eitt onaudsynligt Strijd/ og verdur þar skotin̄/ þar han̄ matte hafa Roo/ so falla opt þeir enu Heiløgu Men̄. Þar fyrer liggur Magt a/ ad vier bidium Gud/ ad han̄ vardueite oss og geyme þegar freistingar nar koma.

XXXVI.

J þessare Historiu siaum vier/ ad Syner þss froma Josia hafa verid jller z Afgudadyrkarar/ Þar fyrer hefur Gud straffad þa hardliga/ allt þangad til ad Landid var foreytt med øllu af Babilons Konge/ z Folkid herteкid z i burt flutt. Slijk Synda refsing hun skal vera oss eitt epter dæme og viduørun/ so vier giætum vor fyrer afgudadyrkan/ og medtokum Gudz ord aluarliga/ z lifū epter þui enu sama/ Ef vi[r] viljum ei ad yfer oss kome slijk Reide og hegningar straff sem yfer Gydingana kom/ huer ier ed i Siøtijgu ar vrdu ad lijda allskyns eymd og Harmung/ a medal Heidin̄a þioda/ vegna slijkra sin̄a Synda.

Conclusio/ Malsending og nidurlag.

Hier endast Chronichu Bokurnar Kongan̄a Juda/ hueriar adfull ar eru

ar eru af epterdæmum og Gudligum Kieñingum/ lijka eins sem Kongā Bækurnar/ z ero þar fyrer miøg gagnligar ad lesa. Eñ fierdeilis skylldu aller Valldzmeñ vel og vandliga lesa þessar Historiur/ og hafa þær jafnan mz høndum/ Þuiad hier ma fiña ei alleinasta Veralldliga vitsku z hygginde/ a huertu ei minst liggur i Veralldligre Rijkesstiornan/ so sem þad ed sama ma og helst fiña j Heidiña maña Historiū/ Helldur meiga Meñ fiña hier añad dyrmætara og betra/ af huertu Heidnar Historiur hafa ei parid/ og æn huers ad mañlig visk a hialpar eckirt/ Einkum sem er/ Huernen Veralldliger Valldzmen eiga ad hegda sier vid Gud/ og j øllu þui sm̄ Gude vidūkur/ ad meñ eige ad akalla Gud i Neydiñe/ leita alleinasta hialpar hia hm̄/ hallda fastliga a hñs orde/ fordast og afraka øllar Hiagudadyrkaner/ amiña meñina til riettrar Gudz þionustugiørdar/ j ñskicka lærda og dugannliga Gudz ordz þienara/ og hialpa þeim. Þessar eru þær hæstu og bestu Mann dygder/ æn huerra ecki þarf ad vænta neinrar lucku i nockre Rijkisstiornan. Þar fyrer skulu aller valldz meñ elska þessar Historiu Bækur/ og ecki alleinasta lesa þær/ helldur og eiñiñ bidia Gud/ ad þr mætte breyta epter þsīū agiætligum epterdæmū/ z standa truliga j sijnu kalle z embætte/ z þeir mætte med sijnum vnder giefnum verndader og varduellter verda fra allre Olucku Amen.

Sumaria yfer Bokina Esdre.

I. Cap.

HIngad til hefum vier heyrt/ huersu at Gydingar misgiørdu/ med Hiagudadyrkunum/ Folskum Lærdome/ og fyrerlitningu Gudligs ords/ og þar fyrer vrdu þeir herteknir og burt flutter til Babilon/ og voru þar i fangelse j Siotiju ær.

Eñ a þessum tijma var Daniel Spamadur i myklum Metordum/ a medal Heidingia. Og hñ hefur med siñe Predikan snued Nabogodonosor Konge/ og Euilmerodach til rettrar Truar. Eñ þegar sa þridie Kongur Rijkte sem hiet Baltazar/ þo hofust vpp aptr Skurgodadyrkaner/ suo z þroudust adrar Synder og glæper. Þar fyrer sende Gud yfer Babilon Dariū Kong af Meden/ og Syrū af Persia/ Þeir bitoludu þui i Babilon foraktan Gudz ordz/ og adrar Synder/ eins so sem ad þesse Rijkin i Assyria og Babilon hofdu straffad mødur Gydinga þeisser bader Cyrus

og Darius eru fyrer Danielem Spamañ om vender til rettrar Truar a Gud/og eru ordner Saluholpner,

Eñ med þui ad Esaias ꝛ Jeremias høfdu ꝥ fyrer Spaad vt af Cyro Konge/ ad hañ ſkyllde leida Folkid aptur jñ i Landid Juda/og lata vpp aptur byggia Muſterid / Þar fyrer hlyder Cyrus þeſſum Spamønnum/og gioerer epter honum. Og þar med eirninn bydur hñ øllum ſynum Londum og Lydū/ad þeir ſkule veita ſtyrk Gydingum til þeſſa Verks/og hialpa þeim. Þañeñ hefur nu Gud lated herleiding ſijns Folks verda Heidnum Mønum til gagns/ſo ad hñs Ord yrde Predikad þeirra a mille/ ſo þeir yrde Gudz Folk/og eilijfliga Saluholpner.

Eñ huernen ad Gydingar eru heim aptur komner/ꝛ hafa tekid til ad byggia vpp Jeruſalem og Muſterid/og huernen þeim hefr þad geingid/ þad vtſkyra þeſſar tuær eptirfylgiande Bækur/Esdre ꝛ Nehemie.

II.

Er ecki þørf ad Leſa i Kriſteligre Kirkiu.

III.

ER ein Hiſtoria/ Huerſu ad þeir Joſua og Sorobabel byggia Drottne fyrſt eitt Alltare/Vppa þad/ad þo Muſterid verde ei ſuo ſnart vppbygt og bued/þa mætte Meñ þo færa Forner/og fremia Gudz þienuſtu. Þuiad med þui ad Gud hefur ſialfur bodid og ſkipad Fornfæringarnar/þa var ſkylldugt ad ſyna Gude hlydne i þeſſu verke. Hier ma ſia huerſu agiætligt verk þat er/ꝛ þat tilheyrer bæde þeim ſem ero andligrar Stiettar ꝛ Verallidligrar/ad hialpa þar til med raad ꝛ daad/ad ſu retta Gudz þionuſtugiord/ſ fallin er/verde vpp aptr vidreiſt ꝛ a Fætr komin.

IIII.

J þeſſare Hiſtoriu ſiaum vier / þad Andſkotinn hatar alla tijma þa rettu Gudz þionuſtugiord/ og kañ hana ei ad lijda/Helldur girniſt hañ heñe nidur ad þrycka/ſo ſem hañ kañ/bæde med Lygum/ꝛ ødrum hætte/ Þuiad hñ vppæſte Folkid i Landinu/og hindrade ecki alleinaſta bygging Muſterisſins/helldr þa klagade hñ Gydinga falſkliga/ſo hñ kiæme þm i Kongsins ovilld/ſo ſem munde þeir falla fra Konge/ꝛ leida adra fleire med ſier/ef þeim leyfdiſt ad vppbyggia aptur þeñañ Stad.

Slijka bakmælge ꝛ ſoddan Lygar verda Kriſtner Meñ eñ nu ad lijda a þeſſum døgum/vegna Euangelij og Gudz Ords. Þuiad jafnſnart ſem

þeir

þeir vilia ei afneita Sannleikanum/vegna Gudz Dyrdar og slikar eiginligrar Samuitsku þa er sagt ad þeir sie ohlyduger villumenn/ z skyrialldar Menn/Enn þa skiedur oriett hier vti/lijka eins sem þa fromu Gydinga skiede oriett.

V.

Hier er eitt huggunar epterdæme. Ad epter þui ad Gydingar voru klagader af nalægum Heidingum/ z hindrader ad fullkomna Musterisins bygging þa villde Gud ei lata sitt Folk vera hugguarlaust i soddan neyd og motgange. Þar fyrer sender hann tuo Spamenn til þeirra/þeim til hugg unar/og ad aminna þa/ad hallda framm vppbyriadre Mustteresins bygg ingu. Nu suyr og Niortum Landstiornaranna og Hofudsmannana/ so þr skrifa til Dario Konge/ad sialfur Cyrus Kongz hafi leyft þeim ad vpp byggia Musterid.

Þa enn siaum vier ad i godum og Gudligum malefnum/er ecki langt ad bijda epter motkaste og motgange / Þo giefur Gud alla tijma hialp/ og sender einhueria huggan/so hanns vilie verdur framm ad ganga enn ecki Diofulsins/nie þessarar vondu Verielldar.

VI.

ER ein agiætlig Historia/i huerre Darius Kongur bydur og bifalar ad nyiu/ad Menn skulu ei hindra Gydinga og þrra vppbyggingu/helldr þa skule Menn giefa þeim af Kongsins inntektum/huad þeir hafa þorf. Slijkt er eitt merkiligt Epterdæme Kongligrar manndygdar/huersu Ver alldliger Valldzmenn eiga ad annast þa riettu Gudz þionustugiord/ z hlija fa onguum kostnade þar til.

Sierdeilis er hier merkiada/ad sa Gudhrædde Kongur Darius/girn ist ad Menn skule i Jerusalem bidia fyrer hm og hns Bornum/ og leggz vid eitt hardligt straff og þunga boluan/ef nockur vill hindra Gydinga/ og giora i mote slijkre skipan.

VII.

Þetta er ein onnur skrifud bijfalning/huerja Artaxerxes Kongur giefz þeim Skriptlærda Esdra. J huerju Briefe sia ma/huersu gott hiarta z godann vilia þesse Heidne Kongur hefur haft til Jsraels Gudz/ og hans þionustugiordar/ suo ad hann ecki alleinasta giefur vt af sijnu rentu Huse Gull og Silfur/ad kaupa med þui sem heyrde til Gudz þionustugiordr/

 Hello

Helldur hefur hann sodd an Samuiskku/ad ef hann skyker ei til þessarar Gudz þionustugiordar/ þa ottast hann ad Gudz reide mune koma yfer sitt Rijke og sijn Børn.

Enn sierdeilis er hier merkianda/ad hann giorer Prestana og Leuitana frij fyrer øllum Tollum og skatgillde/ so einginn skule leggia þau þyngsl vppa þa. Sømuleidis bijdur hann Esdra ad hann skule hafa vandligar giætt þar a/ad Menn meige hafa goda Predikara/og þeir sem ei eru enn nu nogliga Lærder i Løgmalinu/ ad þeim verde rietteliga kient og vndervijsad. Þetta eru riett Høfdingligt og Byskuplig verk/ Hvar fyrer menn ættu mz riettu Gude þacker ad giøra (suo sem Esdras giører hier) Ef ad Herrar og Høfdingiar skickudu sier so i þessu efne.

VIII.

J þessare Historiu telur vpp/huerier ed foru med Esdra vr Babilon til Jerusalem/Og einkum er hier merkianda/ i hueria meining ad Esdras baud og sette eina føstu/ædur enn hann vppbyriade sijna reisu. Lijka eins og Josaphat Kongur giørde/2. Para. 20. Þa þeir Moabitar fiellu inn i hans Land. Þuiad huar helst almenneligar Naudsynjar komu yfer Land eda Lyde/þa budu Kongar og Kiennemenn fordum eina Føstu. Ecki so sem Papistar/ad vilia þiona Gude þar med/Helldur vppa þat ad huer og einn Madur være þess skickanligre/til bæna akallsins/ z litelæckade sig so fyrer Gude/og leitade aluarliga hialpar til Gudz. Þui huar sem er fullur Mage/þar skiedur eckj hiartgroin aluarlig bæn. Huers vegna Christur eptar enn einusinne samteinger þetta tuent/ad fasta og bidia. Af slijkre aluoru bæna akallsins vita vorer Papistar eckert / enn þo vilia þeir giøra eina sierliga Gudz Þionustugiørd/af þeirra dagligre føstu.

IX.

Hefur eina aluarliga jatning z brennande bæn þess froma Esdra/At Gud vilie fyrergiefa Synderna/og ei straffa epter makleglejka/þ Kiennemenn og Leuitar høfdu gipt sig Heidnum Kuinnum i mote Gudz skipan. Oss til eins epterdæmis/Ad epter giørdat Synder/þa sklu vier af hiarta jata þær z vidurkienna fyrer Gude/z hugga oss ei vid nockurn hlut annan/ vtan vid Gudz Nad og Myskunseme / Þar vppa eigum vier ad grundualla vorar bæner.

Post actu factu,
Post facti, pæni=
tet actum.

X.

Hier

HIER seiger huersu Esdras kostar alls kapps þar a/at aller þeir sem tekid hɵfdu Heidnar Kuiñur til eigin ordz/ og þo þeir ættu bɵrn vid þeim/ þa skylldu þeir lata fra sier bæde bɵrn og Kuiñur. Þuiat med þui ad þeir hofdu Gipst i mote Gutz Orde og skipan/ þa var þad eckert nema riett Niuskaparband. Hier ma eñ sia/huad ad sie ein riettelig jdran/ Sem er/ad meñ late sier af hiarta leidar vera sijnar Synder/ og lata af þm/ og vona þar næst vppa Gudz Nad og Myskun/ ad hñ mune þær fyrer giefa. Og æn alls efa hefur þetta mɵrgū þungt leigid/ad reka fra sier Kuiñur og Bɵrn. Eñ med þui þad var Gudz skipan/ og Jdranen kuñe ecki elligar ad vera rett z søñ/ þa vrdu þeir ad giøra þad/eda bera Gudz Reidé og hafa eina vonda samuitsku.

Suñaria yfer Bokina Nehemia

I. Cap.

HEta er ein merkelig bæn/ hueria Nehemias bidur/ Ad med þui/ hñ ætlade ad flytia Mal Gydinga fyrer Kong/ þa bidur hñ Gud/ ad hañ villde giefa Lucku þar til. Oss til eins epterdæmis/ Ad vier lærum/ad vppbyria ecke ad eins alla hlute med bæna akalle til Gudz/ so þad mætte betur luckast/ Nelldur þa ma hier og eiñiñ læra/ huernen eiñre riettre bæn skal vera hattad/ Einkum sem er so/ad Madz fyrst audmyke sig fyrer Gude/ jate og medkieñe sijna Synd/ og medkienne sig allrar refsingar makligan. J añañ mata/ad Madur sete fram fyrer Gud hans fyrerheit og lofun/ So sem Nehemias hñ giorer hier/ Hñ framsetz þau ord/i huertum Gud hañ hafde lofad Moses/ad hañ villde bænheyra þa enu Synɵugu/ og medtaka þa þegar þeir snieru sier til Gudz/ og hielldu hans bod.

II.

Hier seig' fra þui/ad Nehemias fær af Konginum fararleyfe/ til at reisa til Jerusalem/ z ad meiga vppbyggia Murana / z Borgarhlidiñ. Huar af vier merkium/ad þeg' Meñ vppbyria nockud i otta Drottens/ og med aluarligre bæn/ so sem Nehemias giorde hier ædur fyrre/ þa blifr þar Lucka med. Þar þuert a mote/ huar ed meñ vppbyria nockud æn Gudz otta/ af sialfs metnade/ so sem Meñ plaga almeñeliga at giora/ þad kañ ecki vel ad luckast.

IIII.

ER ein Historia/i huerre ed sia ma/huersu Andskotin hefur fierdeilis heipt z hatur haft a Gydingum/ og giordu þeim allt mein/ fyrer þeirra nagrana/Suo ad med annare hende bygdu þr vpp/en med annare vrdu þr ad veria sig fyrer sijnum Ouinum. J soddann Neyd/bidur Nehemias til Gudz/z huggar sitt Folk/ad Gud mune vera hia þeim/z þeirra Ouina vppsatur ad onguu giora. Þesse Historia hun er ein rettur speigell vorra Lifdaga hier i Heime/a huerium vier hliotum i sifellu ad beriast vid Andskotan Heimin og vort eigid Hold/ef ad Kristelig Kirkia skal annars riett eliga verda vppbygd/med hreinum Lærdome / og Kristeligu framferde.

V.

ER ein merkelig Historia/Þad Nehemias fyrerbydur ad vlokra þa enu Fatæku/a medan hallære er/Helldur/huad hellst sem Menn hafa mz okre af þeim haft/þad bydur hn ad fa þeim aptur/og styrkia þa/z lana þeim fyre eckert/vegna Gudz otta. Slykt epterdæme være miog þarfligt a vorum Dogum/allstadar/Og ad slijku ætte Veralldliger Valldzmenn ad giæta/ad þm enu Rijku yrde hamlad/so ad þeir vtarme ei þa fatæku med þeirra Okre og Rane einkanliga i Neydinne og þa Hallære er

J annan mata er hier eitt merkeligt epterdæme/ þegar Nehemias er nu ordinn Landsstiornare/þa skickar hn þui so til/ ad hns vndermenn verde ei med onytsamligum kostnade þiader. Til eins epterdæmes ollum yfer valldz Monnum/ ad suo hafer þeim ad hendla vid sijna vndergiefna/og leita helldur þeirra gagns og groda og nytsemdar/helldur en sialfs sijns. En vier siaum þad geingur nu odru vijs til (þui verr).

VI.

Hier seiger huersu ad nockrer Heidner Hofudsmenn Drambsamer og illgiarner leitudu vid/bæde med lygu z odru mote/at skielfa Nehemiam z giora hn hrædda/so hn liete af ad vppbyggia Borgina/so og skicka þr fals Spamenn/i mote hm. Þesse Historia seigir fyrst fra/huersu marg Haskasemder sa frome Nehemias hn hefur lidid/vegna þess/ad hn giet de Gydingum til goda. En med þui ad hn ottast Gud z treyster honum/ þa sæter hn ei þessum voda/og helldur fastliga fram vppteknum hatte. Hier hafa aller Valldzmenn epterdæme ad taka vara a sijnu embætte tru

liga

liga/ z huxa ei þar vm/ huert Heiminum lÿkar vel eda jlla/ þegar Gude lÿkar/ og þad skiedur med godre Samuitsku.

VII. Cap. Er ecki þorf ad Lesa.

VIII

Er ein Historia/ huersu at Nehemias hn̄ skickar/ ad Men̄ Predike z Lese Logmalid fyrer Folkinu. Þuiad huar Predikunar Embætted hefur ei framgang/ þar er omøguligt/ ad þar epterfylge ei villa z vantru. Þar þuert a mote/ Huar Gudz ord þad er/ þar leidrietast og frædast hiortun rietteliga/ so þau læra ad jata sijnar Synder/ og Gudz Myskunnseme/ og giøra ei þad þeim þiker sialfum riett/ helldur þad huad þau heyra at Gud hefur bifalad/ Eins sem þeir giøra hier/ ad þeir skicka hier Laufskala Hatijdina og an̄ad fleira. Vegna slijkra godra verka eiga Menn ad lofa Gud og þacka honum/ so sem Esdra Prestur hn̄ giører hier.

Vbi Verbū: ibi timor Dei.

XI.

ER ein Historia/ og seigir fra ad Folkid kom til samans og hiellt Fostu/ z lofade ad Nyiu ad þiona Gude. Og Leuitarner høfdu ein̄ agiæt an̄ langan̄ formala fyrer Folkinu/ J huerium þeir i fyrstu lofa z prijsa Gud/ og giøra honum þacker fyrer alla þa velgiørninga sem hn̄ fyrr z sijd veitt hefur Gydingū. Þar fyrer þa jata þeir þeirra misgiørder fyr' Gude/ og medkien̄a ad þeir hafe ei halldid hn̄s bodord/ helldr lijflated hn̄s Spamen̄. Þar fyrer þa hafi þesse oluckan makliga yfer þa komid. Ept' soddan jatning fylger þa epter a ein bæn til Gudz/ ad hn̄ vilie vera þm̄ Myskunsamur/ afuenda þeirra Eymd og Hialpa þeim Nadarsamliga.

Med þuilijkum hætte eigum vier læra ad bidia/ og ad prijsa Gudz giæsku/ jata og medkien̄a fyrer honum vorar Synder/ og sijdan þar epter a vænta hn̄s Myskunar/ og betra eij z vorn lifnad.

Lauda Dm et confitere ei peccata tua, deinq spera misericordiæ eius, Emendaq vitā tuam.

X.

ER ein Historia/ Huersu ad Folkid vnderbindst ad nyiu ad þiona Gude/ og ad þeir skule nu eckt vpp þadan Ogudliger vera/ helldur lifa epter Gudz vilia. Og er hier sierdeilis merkianda/ ad þeir forplicta sig arliga/ epter Man̄tale ad giefa til Gudz þionustugiørdar z Musteris/ ein̄ Silfur pening. Þuiad Peningum kun̄a Men̄ alldrei betur ad koma/ en̄ þa/ ad men̄ kosta þeim vt til Gudz þionustugiørdar.

Ellefta og Tolfta Cap. er ei þorf ad Lesa i Kirkiun̄e.

XIII.

Hier

Hier standa tuær Historiur. Su fyrre/ Med þui ad i Løgmalinu var forbodid/ at nockur Ammonita skyllde jñkoma i Gudz Søfnud/ þa villde Nehemias ei leyfa/ at Tobias Amonita skyllde hafa Kistu i Musterinu til Offurs fyrer sig og sitt Hws/ og hñ kastar øllu þessu burt vr Musterinu/ og hyrar ei þar vm þad/ þott Olmusu Kistan misse þa Peninga/ z hreinsar Olmøsu Kistuna.

Hin øñur Historian er þesse/ Ad Gydingar gleymdu þessu fullsnart/ og lietu af ad giefa Forner og tiunder. Hier af kuñe Nehemias audvelldliga af ad rada/ ad af slijku munde koma stor hindran a Gudz þionustu giørdiñe. Þuiad huer hñ hlytur med erfide ad leita sinar Næringar/ hañ same kañ ei ad vackta Gudz ord. Þar fyrer auijtar hñ soddan Synder/ og til skickar ad nyiu/ ad Prestar z Leuitar skule fa þeirra riettar skylldur þess være oskanda/ ad veralldliger Valldzmeñ giørde slijka skickan/ i øllum stigtum og Kirkiu soknum.

A þeim tijma sa eg i Juda/ ad þeir tradu Vinþrug.

Merkeligt epterdæme er þetta/ af hueriu aller Valldsmeñ skule læra/ ad giæta i alla stade þar ad/ ad Meñ giøre ecki rangt/ og Syndge ecki Gude a mote/ So sem Nehemias giører hier/ bæde i Helgibrotinu/ z so þ nokrer høfdu tekid Heidnar Kuinur.

Eñ þar hñ bidur/ ad Gud vilie miñast a slijk og øñur god verk/ þad giører hñ riettelіga. Þuiad so sem meñ eiga ad fordast hid vonda/ vegna Gudz otta/ Suo skulu og Meñ giøra god verkin/ af þui ad Gud hefur lofad ad launa þau rijkugliga. Slijk von til Gudz fyrerheita lijkar Gude vel/ og hindrar ei þar þa høfudgrein Kristeligs lærdoms vm mañs ins riettlæte fyrer Gude. Þuiad Nehemias hñ bidur ecki þess/ at Gud vilie vegna slijkra godra verka Myskuna honum og giøra hñ Saluhólpiñ. Helldur segier hañ suo/ Miñ Gud/ Minstu min fyrer þetta/ og þyrm mier epter þiñe mykillre Myskun Þetta heiter ei ad treysta vppa sijn eiginlig verk/ helldur vppa Gudz Nad og Myskunseme.

Summaria yfer Bokina Esther.

I. Cap.

EIN Historia er þesse Bok/ vom þa Gydinga/ sem vtdreifder z tuistrader voru a medal Heidinna Þioda i Landinu/ huersu ad Gud audsyner

gudſyner þeim ſterliga Rad/og varduetle þa fra eitkre ſtorre z hardeligre hormungu ſem þa var fyrer hondum.

J fyrſta Cap. ſeiger hier/huerſu þ ſkiede af daſamligu Gudz rade/ ad ſu ohlydna Drottning Vaſti/ vard afſett/vppa þad ad Eſther være vpphafiñ/ſo at Gydingar þeir ſm eñ nu voru bæde i Babilon og annar ſtadar ſundr tuiſtrad' a medal Heidiña þioda/yrdu fyrer hana frelſad'/ ſo ſem ſijdarmeir ſeiger.

Eñ einkañliga er hier merkianda/ at ohlydne Kueñaña i giegn ſijnū Moñum/er ein Synd fyrer Gude. Þuiad Gud hefr Syndariñar vegna lagt þtta ſtraff a Kuiñuna/ad hū ſkyllde lifa vnder vallde Mañs ſijns/ eñ vera eige ſialfs ſins herra/So ſem Moſes ſeiger Gen. 3.

II.

ER ein merkelig Hiſtoria/huerſu þeirre fromu Eſther hafa aller hluter vel og Luckuſamliga tekiſt. Ollū þeim til epterdæmis/ſm ganga i Gudz otta og fromer eru. Þuiad þo þeir ſie i vtlegd/ og lijde allskyns ogiæfu/þa vill þo Gud ecki yfergiefa þa alla tijma/helldur hialpa þeim um ſijder med ſiñe Blezan.

J nidurlaginu er hier ein Hiſtoria/ af þeim tueimur Gelldingum/ ƺ myrda villdu Aſſuerus Kong/ z þar fyrer vrdu bader hengder j Galga. Þeſſe þrra rad auglyſar Mardocheus Eſther/eñ hun ſeig' þ Konge zc. Þeſſe tru Mardochei velldr þar epter a einum v ndarligum viſkuite.

III.

ER ein Hiſtoria/j huerre ſia ma epterdæme eins ogudligs Tyrañā. Aman kiemſt i ſtora virdingu og myklar virdingar hia Kongenum/ og fær mykla magt. Þar af verdur hañ ſtolltur og drambſamur. Þar fyrer Mardocheus villde ei beigia Kne fyrer hm̄ og tilbidia hañ / ſo ſem hiner adrer giordu/þa vard hañ Olmur af reide/og hugade ad lijflata ei alleinaſta Mardocheum/helldur jafnuel alla Gydinga/ſo ſem þeir Tyrañar plaga ad giora. Og hañ kiemur þui af ſtad/ad Kongurinn lætur bod vt ganga/ ad aller Gydingar ſkylldu a einum Deige drepner verda i ollum Londum/og þeirra gotze og eignum ſkylldu Meñ ræna.

J þeſſu epterdæme ma ſia/huerſu þ Andſkotiñ hefr alla tijma hatad Gudz folk/og þa Kriſteligu Kirkiu/og vppuekur vonda Tyrañа heñe a mote. Eñ þo vill Gud hamla Diofulſins aſetninge/ſuo ſem hier epter fylger og frelſa ſijna vine.

Certo peccant Uxores si fuerint Viris inobedientes.

Timentibus Deum omnia fortunant.

Superbia nihil valet illa Deus opt: max: odit.

IIII.

Er ein merkilig Historia/huersu Mardocheus aminner Esther Drottningu/ ad hætta sijnu Lyfe/og reyna til vid Kongin/ef ad þesse grimdar bodskapur i giegn Gydingum mætte afteckin verda.

Exemplo Esth. et Mardochei qre pium/verbu [illegible] vel regnum DEI. et cetera adicientur tibi.

Hier ma sia huer ad er mismunur/ a mille þeirra fromu Gudhræddu z hinna ogudligu. Þa Aman hafde i sinne ad oppbyria nockud i mote Gydingum/kastade hn̄ hlutfalle/Med nockurs konar Galldre/eda þess hattar giorningum/En̄ þau Esther z Mardocheus/adur en̄ þau vpplyrta sitt aform þa audmykia þau sig fyrer Gude/med fostu og aluarligu Bænakalle/þar fyrer giefur Gud þeim lucku.

J nidurlaginu Cap. er hier eitt agiætligt epterdæme/huersu su froma Esther leggur sitt lijf i hættu/til ad frelsa sitt Folk.

V.

qui incepit cum timore DEI optime fortunatur.

ER ein fagur Historia/huersu Gud giefur Esther Lucku þar til/ ad Kongurin̄ syner henne sierliga Nad og vinattu. Þui huad helst men̄ oppbyria i Gudz otta og bæn̄e/þar vill Gud giefa Nad og Blezan til. Þar i moti er hier eitt vndarligt epterdæme af Aman/ ollum Ogudligum Mon̄um til skielfingar/en̄ fromum og Gudhræddum til huggunar. Þui at þa hans olucka var sem nalæguzt/þo var hn̄ sem gladastur/og mest ohugalaus/og ohræddur/og trude þui visseliga/ ad adur en̄ hann fære til Maltijdar a þeim sama Deige/ þa skyllde Mardocheus i Gala hanga. En̄ Gud vmsnyr þessare radagiord so dasamliga/oss til huggunar/ef at vier lifum Gudliga z blifum fastliga vid Gudz ord. Þa mun þad skie ad oll su ogiæfa sem oss er tilætlud af vorum Ovinum/hun mun koma þeim sialfum i Koll/En̄ vier munum leyster og frelsader verda.

consilium impiorum perit. DEUS autem mala malorum consilia mutat in bona: bonis.

VI.

Þesse Historia kien̄er oss einkum þad/ad aller hluter standa i Gudz hende/og hn̄ ein̄ Kan̄ ollum hlutum dasamliga ad skicka og skipa. Mardocheus hafde onguan hugxun þar a/ad hn̄ munde framar meir niota þess velgiorninngs/hn̄ hafde varad Kong vid hans voda/helldur ettadest hann vm lifs haska sinn/ asamt med ollum odrum Gydingum. Þar þuert a mote var Aman ohræddur og athugalaus/ og var viss þar vppa/ad epter eina stund liдna/skyllde Mardocheus i galga hanga. En̄ Gud hn̄ vmbreyter þui so dasamliga a badar sijdur/ad Aman giek sialfur þrad vt/

fovea qua alteri fodit in illam ipse met incidit impius.

huar

huat fyrer ad Mardocheus fær hiñ hæsta heidur og mesta virding. Þar fyre skal eiginñ Gudhræddur Madur hrædast so miog radagiorder og hol ener þeirra Ogudligu/helldur setia alla sina von til Gudz/huer ed ofor huxat kañ ollum hlutum at snua til hins betra.

Þui næst er hier eitt fagurt epterdæme af Konge sialfum/þa hñ getr ei Sofid/ þa spiller hñ ei tijmanum/med Leik edur Dryckiuskap/suo sem plagsidur er nu a Hofgordum/Helldur lætur hañ Lesa fyrer sier a sinne Sæng gamlar Sogur og tilburde/ og hlyder þar til. Slijkt ætti aller Hofdingiar og Kongar vel ad merkia og þar epter ad breyta.

VII.

ER ein huggunarsamlig Historia fyrer alla goda ꝛ Gudhrædda Meñ/þad Gud hañ vilie ei ad eins frelsa þa enu fromu/ og lata i liose þeirra sakleyse/ Helldur þa vilie hñ og einñ straffa þa grimu Tyrañaj oz lata alla þa olucku koma þeim sialfum i Koll/ sem þeir hafa huxad ad giora þeim fromu. Mardocheus sa gode Gydingur/ætte heingdur ad vera i einum Galga/eñ Gud ymbreyter þui so/ad sa grimme Aman verdr sialfur heingdur i þeim Galga. Sedan vmskipte kañ Gud vel ad giora vid þa Vijkinga. Þar fyrer skulu Meñ treysta Gude/ og vera ecki suo miog hrædder vid grimdar ræd ogudligra Manna/þuiad Gud er auallt Megtugre og Vijsare eñ þeir.

VIII.

ER ein Historia/Huersu aller hluter ymbreytast ꝛ skiptast furduliga so ad Kongurinñ tekr ei alleinasta aptur þañ grimdarbodskap/sem hlydde vppa dráp Gydinga/helldur þa leyfer hañ Gydingum/ad hefna siñ a þessum sama Deige a ollum þeirra Ouinum/og ollum þeim sem glodduist adur yfer þeirra olucku. Þañeñ vill Gud alla tyma vernda ꝛ varduelta sijna/ ꝛ nidur þryckia þeim ogudligu Tyrañum/ so framarliga sem þad meñ hafa traust a Gude alleina. Eñ þesse hialp dregst opt leinge vndañ so sem hier skiede Gydinga/ ad heila þria manude voru þr stadder i þrite storu sorg og ahyggiu/at Heidingiar skylldu a einum Deige i hel sla og afma þa alla med Kuñum og bornum/og ræna allu þeirra Goize.

IX.

HIer seiger huersu Esther og Mardocheus tilsette og stickudu tuo Daga/ad Meñ skylldu halda þa heilaga/ i þa minning ad Gud hafde

suo Myskunsamliga frelsad Gydinga fra þrra Ouinum/ Vppa þat ad Meñ skylldu ei gleyma þessum mykla velgiorninge/ helldur packa Gude fyrer hañ og miñast ei ꝰ ein þar a i ollum odrum Naudum og ollum mot gange sem til kann ad falla/ og hugga sig þar vid/ ad Gud mune og suo eirnen hialpa þeim lyka sem hañ giorde i þetta sinn. Slykt packlæte og soddañ trunadar traust vppa Gudz Nad og hialp/ hun er bodinn i fyrstu Moses Toblu. Eñ þad ad helger Dagar eru setter til slykra hluta/ þad er þar fyrer skied/ ad almuga Folk/ þarf soddan hatyda ꝛ skickanar vid/ suo þad meige a einum vissum Deige til samans koma/ og miñast vppa vmlidna Gudz velgiorninga. Soddan Natyder hafa Gydingar sett þa eptera fleire/ þa þeir voru jñ aptur komner i Landid.

Etto fm̄ Memor ... (in te collat) cum suma ... actione ac ... de, ad ...

Summaria yfer Bokina Job.

I. Cap.

I Þessum fyrsta Cap. er ein Historia/ huersu ad Job vard i einu yferrousiñ med allskyns olucku og ogiæfu/ Eñ hñ lydur allt þad poliñmodliga og prysar og lofar Gud i synum Motgange/ Oss til eins epterdæmis/ Ad nær oss jlla geingur/ þa skulum vier ꝛ so eirniñ eins giora.

Sierdeilis er hier merkianda/ ad Textiñ seiger liosliga/ þad Gud hñ hafi giefed Dioflinum leyfe / ad freista þeirra Fromu / og ad Gud leyfe Dioflinum/ ad lata koma Strijd/ og Elld af Himne/ Stormuinda og skadsamliga Vedrattu. Þar fyrer med þui ad þesse grimme Ouin geingur vm oll Lond til ad giera Moñum skada/ þa eiga meñ ad bidia/ ad hañ varduete oss med synum heilogum Einglum fyrer Dioflinum og soddan olucku/ So sem Andskotiñ sialfur hier vottar/ ad Gud hafe allt þangad til geymt ꝛ varduellt Job fyrer syna eingla/ so sem med odrū Mūrvegg/ og girnist þar fyrer ad Gud vilie burt taka soddan verndan/ ꝛ giefa hm̄ leyfe ad giora Job skada.

II.

I þessare Historiu siaum vier/ huersu ad Diofulliñ fraññ helldur vpp tekinum hætte/ Og þar ed hñ kiemz ei eiñre freistingu af stad/ þar reyner hañ til med odrum þyngre og stærre freistingum/ ef ad hañ giæte kemed Mañeskiune til falls/ suo hañ falle i Synder og ofolinnade. Hier skulu

vær læra af þeim Heilaga Job/ad hugga oss þegar Illa gengur/lyka so sem Job huggar sig/ z lata ecki Neyd og motgang sia oss nidur i grunn/ Helldur lofa og Dyrka Gud i kuolinne/huer ed oss hefr vm vora Lijfdaga otelianliga marga velgiorninga veitt bæde til lijfs z Salar/og oss hefr mjog fodurliga vardueitt/fyrer margre ogiæfu og olucku.

Og þesse Texte hefur jnne ad hallda þa sierligustu grein vm hueria talad verdur i þessare Bok/Sem er þessi/Þuiat Gud hn̄ seiger/ad hann hafe sleigid Job fyrer saklejsi. Þar af lærum vier/ at þeir enu Heilogu og Gudhræddu/þeir verda og so einnin̄ ad lijda kross og motgang/ enn þo þeir hefi þ ei forþienāt/so sem huer adrer sem lifa æn Gudz otta z i sijnū Syndum.

Exemplo Jobi consolari to cu verbo, sacrificio ac laude DEI

III.

Nier tekur til Kuol z pijna Job. Nu hefur Andskotin̄ feingid þad hn̄ med sinne freistingu epter leitade/Sem er/Ad Job seiger nu ei lengur/ so sem ædur/Drottinn gaf/Drottinn burt tok/ Blezad sie Nafn Drottins. Jtm̄. Hofum vier medtekid þat goda af Gude/huar fyrer skulum vier ei medtaka hid vonda? Helldur þa veinar hn̄ og kueinar of sinne Pijnu/og oskar sier þij ad hn̄ hefde alldrei verid fæddur. Hier siaum vier huersu þr Heilogu verda einnen̄ lijka obolin̄mod' i Krossinum og kuolinne/og kun̄a ei ad lijda þolin̄modliga Gudz vilia. Þuiat Holld z Blod lætur ei af sinne Natturu/jafnuel i hia þeim Heilogu/Þad klagar/Veinar z kueinar/ þegar þad kuelst/og villde giarnan verda laust vid kuol og pijnu. Slijk ohlydne er ein hrædelig og fyrerdæmanlig Synd. Enn Gud vill giarnan fyrergiefa hana/ þegar Madur vidurkienner þad fyrer Synd og bidur Gud vm Nad og fyrergiefning.

incipit passio Job:

IIII.

Nier tekur til su Disputatio og samræda/hueria Vijner Jobs hielldu vid hn̄ i hans Kuol og pijnu/ Huat med þeir giordu hans Kuol þyngre og stærre. Nu̅ heilage Job stod fast a þessare meiningu/ad hn̄ villde giarnan/alla þessa pinu lijda/ ef hn̄ hefde hana forþient/so sem Ogudliger Men̄ forþiena þad med sinu Ogudligu athæfe og vondum verkū. Þuiad Gud sialfur ber h̄m vitne i odrum Cap./ ad hn̄ hafe latid plaga hann fyrer saklayse. J mote þessare meiningu standa hn̄s vijner fastliga/ seigiande/Gud hn̄ er riettlatur/þar fyrer giorer hn̄ onguum mañe orett. Enn med þui ad Job hefur feingid so þungligt straff/og er yferfallin̄ med suo

 morgum

morgum hormungar Symdum/Þa epterfylger þad/ad hañ hefur slykt forþient/og hñ skiedur eckert oriett. Þetta heiter ad giøra pijnuna þyngre og stærre/þegar samuiskan kiemur þar til/ad þad sie forþient straff fyre Syndernar/sem Gud lætur oss lijda/og ad Gud hafe lated þad makliga yfer oss koma.

V.

ER hiñar sømu vnderstødu og meiningar sem fyrerfarande Cap. var Þuiad Eliphas seiger suo/Dagleg reynsla kienner þad / ad þeir vondu verda Refster vegna sinna Synda/Þar a mote/ þa hialpar Gud þeim riettlatu og fromu. Þar fyrer aminer hñ Job/ad hñ skule ei huxa ad hñ sie saklaus/og ad hñ hafe ei slijka kuøl forþienad/helldur þa skule hann jata sig med øllu fyrer eiñ Syndugañ Mañ/þa mune Gud lata hñ fiña huggun/ꝛ koma honum til hialpar. Þetta er riett talad epter skynseminñe.

Eñ Gudz verk þau eru myklu haleitare/eñ ad skyñsemeñ kuñe þau ad skynia. Þuiad Gud leggur ei Krossiñ alla tijma a Mañeñ/af þui ad Madur hafe þad forþienad/Helldur af þui/ ad hñ vill reyna til/Huort Meñ hafa stødugt trunadartrust til hañs Nadar og hialpar/ og huort ad þeir vilie veita Gude skylduga hlydne/ꝛ þoliñmæde/vnder Krossinum og motganginum.

Experto Dni: vidr si fidens, obediens et paciens sub cruce

VI

Þetta er ein harma klogñ hins heilaga Jobs/Þad/ad auk allrar þr olucku og pijnu/sem Gud hafde vppa hñ lagt/þa hlaut hñ eiñiñ þad ad bera og lijda/ad hañs eigiñ viner sem hañ attu med riettu ad hugga/þr giøra hñ huglausan med sijnum ordum og koma honum til ørvilnunar. Og i hñs Lijkamligre neyd ꝛ veykleika/þa þyngia þeir hñs Samuisku/ og giøra hana efasama. Þuiad þegar Mañsins hiarta er med sorgum klemt og sleigid/Þa eiga Meñ ei þyngre Plagu og pijnu/a þad Hiarta ad leggia/helldur hugga þad/ ꝛ vijsa þui til Gudz Nadar ꝛ Myskunar/ Þetta giørdu ei hugarar Jobs/ Þeir kuñu ei añad ad tala eda Predika fyrer Job/eñ þad/ad hñ sie eirn Syndare/ꝛ ad hann hafe slijka refsing vel forþient/þt Gud giører onguum Mañe oriett ꝛc. Enn Job stendur hier a mote/og seiger nei þar til. Slijkt er ei satt/Þar fyrer suo sem þier veited mier huggun/eins þa munu þier verda i ydar neyd og hørmungum

VII

Þetta er ein ofur harma kløgun/Huerßu Gud leggr so marguꝺꝺlega Eymd z hiartans sorg/ a þa aumu veslugu Mañligu Nattuɼu/þar þ er þo i sialfre sier/veyk og vesøl/ z vndergiefin allskyns eymd z olucku/ þar med alldrei vm eitt augnablik ohræddꝛ fyrer Daudanum/ So þar være hilldur þorf a/ad Gud være vægdarsamur og hialpade helldur. Eñ Gud(seiger Job) setur sig sialfann i mote oss/mdur þreynger og þrycker og plagar oss/suo þar er eckirt betra/eñ ad deyia jafnsnart/ad feingiñe fyrergiefningu Syndaña. Oll þessꝛ ættar ord koma fram af medfæddre Mañsins ohollꝛ mæde/og ohlydne. Sa gamle Adam verdur ei sombycks Gudz vilia/hñ vill hafa þad allt odruuꝺs/eñ so sem Gud skickar þui til.

VIII.

Hier er eñ ofur Disputatia/ huerria Bildad framsetur a mote Job/ hñ stendur og so a þui enu sama/ad Gud dæme ei rangliga/þar fyrer/ Huad hellst ad Job lydur/þad lyde hann vegna siña Synda/og aminner Job/ad hñ skule verda heilagre eñ hñ hafe verid hier til/ þa mune Gud vera hm̃ Myskunsamur/og hialpa honū vr þessum siinum harmkualū. Slyka meining bꝛuꝺfor hñ/med almeñeligre reynslu/þad Gud æ z alla tijma varduetter þa enu fromu/Eñ þa ogudligu hafe hñ straffad og þm i burt kastad.

Þonnenn plagar nu mañlig skynseme ad dæma/huer ei veit meira vt of Gudz vilia og hñs verkum/enn so sem i Løgmalinu opinberad er. Eñ sa aume Job hann þarf vid añar^r huggunar/z eiñrar ædre vitsku j siñe hormungu og mæigange.

IX.

EX andsuar vppa rædu Bildad/J huerju Job stendꝛ a hinu sama/ Ad hann hafi ei ogudligur verid/og ad ei hafe hann slijka hørmung fyꝛ skulldad. Enn þad ad Gud lætur slijkt yfir hann koma/þad giøre hñ suo sem einn Gud/huer ad er Herra yfer ollum hlutum/huer ed magt hefꝛ at giora vid huern Mañ epter þui s̃ hñ vill/huerū ad ei sie nockrum mañe maguligt i mote ad mæla edur standa. Þetta andsuar er nockud hardligt. Eñ su pijna og mykla kuol og freisting Jobs kiemur honum til/ad hann talade i angist siins Hiarta/med þui hann sa þad adrer menn sem voru hreckuꝺser/þeir vrdu ei so þungliga af Gude straffader/suo sem hñ/huer ed verid hafde fromare og Gudhræddare helldur enn þeir.

X.

EX

ER og so ein harmaklogun/J huerre Job sierdeilis klagar sig/ad hann verde ad lijda/enn vite po ei huar fyrer/Puiad hn hafe ei ogudligt verid/og hafi vite/ad Gud hann hefur giedpeckne par a peim sem ad eru Riettlater og fromer.

Par fyrer klagar hn pad/Ad Gud hann leggist so pungliga a auma Manneskiu/af huerium vier po hofum lijf z alla hlute. Pannenn mattu sia hier/huersu Natturan z Skynsemen Mannsins moglar atijd Gude i mote/vt af opolinmæde/og gleymer peirre huggan/hueria Gud tilsetur og lætur til reidu vera med Krossinum og motgangenum/Ad po at hann late Menn lijda neyd z motgang/pa vill hann po hialpa peim aptur ef ad Menn leita til hans hialparinnar og treysta honu par til.

XI.

Pesse er hin pridia Disputeran/ hueria ed framsetur Zophar af Naema/Hann fylger og so pessu fram/Ef ad Job hefde verid fromur og riettferdugur/suo sem hann læst verid hafa/pa hefde hann ei feinged petta refsingar hrijs af Gude/Enn med pui ad Gud hefur plaagad hn/ pa sie pad eitt vissulegt teikn og merke par til/at hann hefur pa plagu porfpient/og ad hann hafe ogudligur vered. Puiad Mannlig skynseme hun kan ei ad komast hærra i sijnum skilninge/enn pad/Hun dæmer vm Gud eins z Madur plagar ad dæma vm adra Men. Pat geingur so til/ Huer hann giorer orett/ hann hlytur ad fa par gielld fyrer/huer hann er fromur og riettluijs/hn nytur pess. En Gudz domur z visturdur hn er myklu hærre/og odruuijs. Hann leggur pyngra straff a Job enn a alla adra ogudhrædda Men/fyrer pa grein/ad hn huxar fyrst/ad hann vil'e hialpa hn aptur vr peirre kuol og Neyd/z endurlifga hann rijkugliga. Pui næst vill hann sia/Huert at Job vill blijfa riettlatur og einfalldur/z huert hann verdur ei opolinmodur/i sinne kuol/ og huert hann vill ecki vijkia fra Gude. Soddan Reynslu parf Job vid suo sem aller adrer Heilager.

Job: probat a DEO.
hic nobis Exemplum quisque, dat probationis

XII.

Er eitt andsuar vppa rædu Zophars/i hueriu Job hann seiger/at hann vite pad vel/ad Gud hann sie almattugur/z hann kunne at giora huad hann vill/Puiad slijkt siae hn a ollum skiepnum/Enn ei ad sijdur merke eg og sie(seiger hann)ad pad geingur godum jlla/og vondum vel. Vppa pessa Spurning(seiger hann) ætte pier mier Andsuar ad giefa/ pa

DEUS est omnipotens
minor autem, quod boni male valent mali vero bene

Þa vil eg hallda ydr fyrer vijsa Meñ/ Nitt-añad veit eg vel adur. Snogt ad seigia/ Þa Job huxar vm adra Meñ/ þa er hñ fromare eñ þeir. Og þetta þiker hm̃ mikid/ at hm̃ skal verr ganga eñ hinū odrū. Eñ þitta van tar hñ anallt i allre siñe pijnu/ ad hñ kañ ei at bidia af Hiarta z seigia/ verde þiñ vilie a Jordūñe so sem a Himnum. c. z

XIII.

ER z so andsuar vppa Zophars rædu/ og er hart nær þessar" vnder stodu og meiningar/ Sem hñ suo segde/ Þad þier seigid mier/ þad veit eg vel adur/ þar fyrer samþiñe eg ydur ei i þui þier seigid/ ad Gud hñ straffe alleinasta þa sem þad hafe med sijnum Syndū forþient. Þier erud leid- inleger og galauser gradarar. Ecke a suo ad hugga þa Menn/ sem Gud hefur adur alagt sijna refsing/ Þuiad med þeim hætte eykst þeirra eymd og pijna. Ja (seiger hñ) ef þier vitid ei añad af Gude ad seigia/ vtan all- einasta þetta/ ad hñ sie eiñ riettlatur Gud/ þa munu þier sialfer ei giefa lidid hñ/ Þuiad hañs riettlæte þad mun verda ydur ofþungt ad bera. Eg em aumliga pijndur og plagadur Madr/ Eñ þo hef eg þa von til Gudz/ ad hñ mune vera miñ hialpare z ei hallda mig fyrer eiñ Ranglatan/ so sem þier hallded mig vera.

Epter þessa rædu tekur Job til ad akalla Gud/ og bidia hñ/ ad lietta af þeirre refsingu/ og hondla ei vid hñ so hardliga/ Þuiad hñ sie suo sem eitt Visid og þurt Laufblad/ huad hñ hefr misgiort i siñe æsku/ þad vilie hñ fyrergiefa/ og vera Nadugur. Hier ma sia/ huersu ad i freistinguñe/ þa erbæñin hin hæsta huggū z styrkīa/ til huerrar aller helger hafa halld id sier. Og þa þeir so giora/ þa eru þr a þeim rietta veige/ þa kuña þeir ei villt ad fara / þegar þeir jata sijnar misgiorder og bidia vm Naad og Myskun. Hier skalltu merkia/ Ad sa gode Job/ medkieñer sijn" vngdoms Synder/ lika eins so sem David giorde i Psalminum/ þuiad æskā hun er hellst ofueyk/ z Nolldid offterkt/ z kañ þar fyrer ei ad hallda sier i taume.

in tentatione oratio ad Deum, summa consolatio

XIIII.

Hier er eñ aptur ein harmaklogun/ i huerre Job hñ klagar yfer þre Eymd sem liggur a ollum Moñum/ ad þeirra lijfsdagar sie stutter/ z full er med allzkyns hormungar og Eymder/ z Mañeskiuñe sie ecki vissara eñ Daudiñ/ z sijdan þar eptera i Daudanum ad liggia/ og hafa ongua von þar til/ ad hñ meige koma aptur til þessa Lijfs/ a medan Himiñ og Jord þau standa.

haec vita brevis et plena miseriis

Þui næſt giører Job bæn til Gudz/Ad hañ vilie a þeim Deige vera hm̄ Myſkunſamur/og fyrergiefa hønū allar Synder. Þuiad þetta Lyf hier a Jørduñe/þad ſie einſkis vert/og þad ſie ei añad eñ eymd og erfidi. Mañſins von er tynd og tøpud(ſeiger hann) þad er ad ſkilia/ A medan vier erum hier a Jørdunne/þa høfum vier ønga von/ad oſſ mune betur ganga/þar er ecki añad a ferdū eñ allzkyns neyd ꝛ motgangur/og ad ſijd uſtu Daudiñ þar ofan a. Gud hñ vere oſſ Myſkunſamur a þeim deige/ þa Himiñ ꝛ Jørd þau forgāga. Hier er vel merkianda ſa Vitnisburdr vt af Vppriſu framlidiña og þui okomna Lyfe / epter þetta ſkundliga. Þuiat i allre heilagre Ritningu hins gamla Teſtamētis er eingiñ añar lioſare/og þetta er þad allra agiætligaſta/ad hñ mīñiſt þeſſ eilijfa lijfs/ J ſoddan mata/ad hñ akallar og girniſt Gudz nad/og hirtar ei/ſo ſē ađr fyrr/vm ſialfs ſijns Rettlæte/nie huggar ſig vid þ/ Þuiat hñ fiñur þad med ſialfum ſier/ad þ dyger ei til ſlijks velgiørnings. Og þo ſamt ſtendr allur Pauadomariñ faſtliga a þui/ ad Meñ fae Gudz Nad fyrer eiginlig god verk og forþienan. Eñ þeir Papiſtar hafa ei verid i þm Skola ſem Job hñ var.

XV.

Hier tekur Eliphas til i annañ tijma/ad Diſputtera i mote þeim Harmkuælafulla Job/og ſeiger/Ef þu ert ein Synda/þa ertu meire og hærre eñ nockr madur añar/Þuiat eingiñ a medal allra Heilagra Gudz er mz øllu flecklaus. Þu ert eiñ Hræſnare(ſeiger hñ) ꝛ laſt vera alleina ſta fromur ꝛ Rettuijs/enn þitt refſingar ſtraff þad vtuijſar allt añad/þl þad hid ſama ſm̄ Gud hñ hootar øllum ogudligum/þ er yfer þig komid. Med þeſſum hætte ma i giegnum ſia ꝛ ſkoda i allre þeſſare Bok/huerſu ad ſkynſemeñ hun kañ ei odruvijs ad huxa eda dæma vm Gud/enn epter Løgmalinu/huert ed ſo ſeiger / Ad Gud vilie ſtraffa þa enu Ranglatu/ eñ þeim riettlatu ſie hñ Myſkunſamur. Eñ huer hñ ſie fyrer Gude riettlatur eda ranglatur/og huar fyrer Gud hñ leggur Krosſiñ vppa þa enu Riettlatu/þar veit ſkynſemiñ ecki par af/þar fyrer lætur Job ſier ei lijka þeſſa meining/ſo ſem ſijdar epter fylger.

VXI.

Hier giefur Job Eliphas andſuar vppa hans rædu/i huerre Job ſeiger eckt/ad hñ ſie alleina riettlatur/og ein Syndarſ Þt hñ hafe opter eñ eitt ſiñ jatad ꝛ vidurkient ſijnar Synder/ꝛ bedid Gud vm̄ fyrergiefnīg.

Eim

brevitas vitæ ... e. ... inseria cura ac labor hominis p. ... bon.

Prava Concio Eliphas

Eñ þad ſeiger hñ/ad þeir ſie aumˈiger huggunarmeñ. Þuiad mz ſoddan huggunum giora þeir eckt afad eñ þad þeir þyngia hans Kroſſ og mot gang. Þar fyrer tekur Job til/og giører eina nyta klogun/vm ſijna eym dar hatma/og kuol hñ lijdur/þad Gud hefur ſo ſlegid hñ nidur med ſtyr kre hende/og ad Iller meñ giøre hans kuol og Kroſſ þyngre i hans harm kuælingar motgäge/mz þra leidinligū Diſputationibus. Gud a himnū/ ſeiger hñ/veit mitt Sakleyſe/Eñ þad vill ei hialpa mier þar hia þeſſum hræſnørum/þar fyrer girniſt eg ad deyia/ſeiger Job.

XVII

ER ein hørmūgar ræda þſſ froma Jobs/huerſu aumur og veſall hñ ſie/og harmþrungiñ i hiarta. Þo ſamt ſem mær hefur hñ eina goda ſam uitſku/vegna vmlidiña lijfdaga og framferdis/þad hñ hafi ei verid ogud ligur. Slijkt kuſa ei þeſſer miner huggunar Meñ(ſeiger hañ)at ſkilia. Þad munu þeim fromu z Gudhræddu þungt þikia/ef þa henie ſlijkt ſem nu er yfer mig komid/Eñ þo munu þeir ei at ſijdur lata ſier ſlijkt vera til eins eptrerdæmis/z ei þar fyrer lata af rietilætinu/þo ad þeir verde þar fyrer og þeſſ vegna nockud at lijda.

Eñ þar hñ ſeiger/ad hñ hliote til Helvijtis ad fara/Þad er ei talad i þa meining/ad hñ hliote fyrerdæmdur ad verda/ſo ſem ordiñ hlioda bæde i Þyſku og Norrænu Male/helldur þa kallaſt þetta ad fara i Helvijte/ At deyia/Og i Daudanū/ed a j Jørdunñe at liggia/huar vi' aller lendū. Eñ þo høfum vier fyrer Jeſum Chriſtū þa von/ad vier munū vpp aptr riſſa med vorum Lijkømum/z lifa eilijfliga.

XVIII.

Þetta er ein Diſputatio/ hueria ed Bildad framſetur a mote Job/i huerre hñ vpptelur/huernen þat Gud ſie vanur ad ſtraffa þa Ogudligu/ med allſkyns plagum. Og vill ſo þar med auñſa/Ad med þui Job hann liggur nu vnder ſoddan plagū/þa ſie hñ ogudligur/og allt þetta lijde hñ vegna ſiña Synda.

XIX

Þetta er andſuar vppa rædu Bildads/i huerre Job klag' hormuliga vppa ſijna vine/huerſu ad þeir/med ſoddan rædum giora hañs Kuol og Pijnu þyngre z þyngre. Gud(ſeiger hñ)audſyner ſoddan Magt a mier/ þad hlyt eg ad lijda/z þegia þar vid. Þui huad kañ eg ad ſtanda i mote

